

# Aðalskipulag Álftaness 2005 – 2024

# Greinargerð



**Forsendur – Stefnumörkun og skipulagsákvæði - Umhverfisskýrsla**



# Aðalskipulag Álftaness 2005 – 2024

## Greinargerð

Forsendur – Stefnumörkun og skipulagsákvæði - Umhverfisskýrsla



# Inngangur

Aðalskipulag lýsir stefnumörkun sveitarstjórnar um þróun byggðar og landnotkun til lengri tíma litið. Aðalskipulag markar meginlínur varðandi nýtingu lands og skal vera til leiðbeiningar um þróun og uppbyggingu sveitarfélags. Í aðalskipulagi er leitast við að meta staðhætti og viðhalda sérkennum sveitarfélags. Við alla uppbyggingu er litið til hagkvæmni.

Fyrsta staðfesta aðalskipulag á Álftanesi, aðalskipulag Bessastaðahrepps 1984-2004, var unnið af Skipulagi ríkisins og var aðalskipulagið samþykkt af sveitarstjórn Bessastaðahrepps 26. nóvember 1985 og staðfest af félagsmálaráðherra, 3. janúar 1986. Á árinu 1992 var hafist handa við endurskoðun aðalskipulags 1984-2004 og lauk þeirri endurskoðun með því að sveitarstjórn samþykkti þann 28. ágúst 1993 nýtt aðalskipulag Bessastaðahrepps fyrir tímabilið 1993-2013. Aðalskipulagið var staðfest af umhverfisráðherra 1. desember 1993. Aðalskipulag 1993-2013 hefur verið endurskoðað nokkrum sinnum síðan þá í tengslum við gerð deiliskipulagsáætlana.

Vinna við heildarendurskoðun gildandi aðalskipulag sveitarfélagsins hófst á árinu 2002. Síðan þá hafa verið haldin tvö íbúáþing og nokkrir kynningarfundir þar sem áform hafa verið kynnt og samráðs leitað við íbúa. Aðalráðgjafi í verkinu var Guðni Pálsson, arkitekt. Aðrir ráðgjafar voru VSÓ-Ráðgjöf ehf., sem vann umhverfisskýrslu aðalskipulagsins, Landslag ehf., veitti ráðgjöf varðandi umhverfi og útivist, Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hf. veitti ráðgjöf varðandi samgöngur og umferðaröryggismál og Pétur Ármannsson, arkitekt, veitti ráðgjöf varðandi yfirbragð byggðar. Aðrir ráðgjafar komu að íbúðarþingum á vinnslustigi skipulagsins.

Við endurskoðun aðalskipulagsins varð til aðalskipulag Álftaness 2005-2024. Aðalskipulagsáætlunin samanstendur af landnotkunaruppdrætti og þremur greinargerðum: 1. Forsendur, 2. Stefnunmörkun og skipulagsákvæði og 3. Umhverfisskýrsla.

Í greinargerð 1, **Forsendur**, er lýst staðháttum á Álftanesi og helstu forsendum bæjarstjórnar í aðalskipulagi Álftaness 2005-2024.

Í greinargerð 2, **Stefnumörkun og skipulagsákvæði**, er lýst leiðarljósi, markmiðum og stefnumörkun bæjarstjórnar Álftaness í aðalskipulagi Álftaness 2005-2024.

Í tengslum við endurskoðun aðalskipulagsins var unnið umhverfismat aðalskipulagsáætlunar með hliðsjón af Evróputilskipun nr. 42 / 2001 og er í greinargerð 3, **Umhverfisskýrsla**, greint frá niðurstöðum umhverfismats í aðalskipulagsáætlun Álftaness 2005-2024.

Álftanesi í apríl 2006,





# Efnisyfirlit

<b>Samþykkt aðalskipulags</b> .....	<b>9</b>
-------------------------------------	----------

## FORSENDUR

<b>1. Eldri aðalskipulagsáætlanir</b> .....	<b>13</b>
<b>2. Umhverfi og útvíst</b> .....	<b>16</b>
2.1 Landslag og staðhættir .....	16
2.2 Jarðfræði .....	17
2.3 Veðurfar .....	17
2.4 Gróðurfar, dýra- og fuglalíf .....	18
2.5 Útvíst og fristundaiðja .....	19
2.6 Náttúruvernd .....	20
2.7 Svæði undir náttúruvá .....	22
2.8 Fornleifar og menningarminjar – þjóðminjavernd .....	23
<b>3. Íbúðarbyggð</b> .....	<b>24</b>
3.1 Eignarhald á landi .....	24
3.2 Íbúðarsvæði – Yfirbragð og þéttleiki .....	24
<b>4. Atvinnulíf og menningarstarfsemi</b> .....	<b>27</b>
4.1 Atvinnustarfsemi .....	27
4.2 Atvinnusvæði .....	27
4.3 Atvinnumöguleikar .....	28
<b>5. Samfélagsþjónusta</b> .....	<b>29</b>
5.1 Fjölskyldumál .....	29
5.2 Skólar .....	27
5.3 Félagsleg þjónusta .....	30
5.4 Heilbrigðismál .....	31
5.5 Kirkja - kirkjugarður .....	31
5.6 Félagastarfsemi .....	31

<b>6. Samgöngur</b> .....	<b>32</b>
6.1 Umferðarspár .....	32
6.2 Gatnakerfi .....	32
6.3 Almenningsamgöngur .....	32
6.4 Stígar .....	32
6.5 Umferðaröryggi .....	33
6.6 Hávaði og loftmengun .....	33
<b>7. Veitur</b> .....	<b>34</b>
7.1 Vatnsveita .....	34
7.2 Hitaveita .....	34
7.3 Rafveita .....	34
7.4 Fráveita .....	34
7.5 Fjarskipti – Gagnaflutningar .....	35
7.6 Sorpförgun og gámasvæði .....	35
<b>8. Íbúafundir og kynningar á vinnslustigi</b> .....	<b>36</b>
8.1 Íbúáþing 2003 .....	36
8.2 Áfangaskýrsla 1 – Verkáætlun. ....	36
8.3 Áfangaskýrsla 2 – Forsendur. ....	36
8.4 Kynningarfundir á vinnslustigi skipulagstillögu .....	37
8.5 Áfangaskýrsla 3 – Drög að aðalskipulagstillögu ásamt umhverfismatsáætlun. ....	37
8.6 Íbúáþing 2004 .....	38
<b>9. Heimildir og tengt efni</b> .....	<b>39</b>





## Efnisyfirlit - frh.

## STEFNUMÖRKUN OG SKIPULAGSÁKVÆÐI

<b>1. Forsendur – Leiðarljós – Markmið</b> .....	<b>43</b>
1.1 Forsendur aðalskipulags .....	43
1.2 Leiðarljós .....	43
<b>2. Landnotkun</b> .....	<b>45</b>
2.1 Umhverfi og útivist .....	45
2.2 Íbúðarbyggð .....	57
2.3 Atvinnulíf og menningarstarfsemi .....	57
2.4 Samfélagsþjónusta .....	60
2.5 Samgöngur .....	62
2.6 Veitur .....	64
2.7 Önnur skipulagsákvæði .....	66
2.8 Breytingar frá gildandi aðalskipulagi .....	66
<b>3. Kynning, auglýsing og samþykkt aðalskipulagstillögu</b> .....	<b>68</b>
3.1 Kynning og auglýsing .....	68
3.2 Athugasemdir og breytingar .....	68
<b>4. Heimildir og tengt efni</b> .....	<b>69</b>
<b>5. Uppdrættir</b> .....	<b>70</b>
5.1 Aðalskipulagsuppdráttur .....	70
5.2 Þema- og skýringaruppdrættir .....	70

## UMHVERFISSKÝRSLA

<b>1. Tilgangur umhverfismats</b> .....	<b>81</b>
<b>2. Umhverfismat</b> .....	<b>82</b>
2.1 Umhverfi og útivist .....	82
2.2 Íbúðarbyggð .....	86
2.3 Atvinnulíf og menningarstarfsemi .....	88
2.4 Samfélagsþjónusta .....	90
2.5 Samgöngur .....	92
2.6 Veitur .....	94
<b>3. Tengsl við aðrar áætlanir</b> .....	<b>95</b>
<b>4. Innra samræmi markmiða</b> .....	<b>96</b>
<b>5. Samráð</b> .....	<b>97</b>
5.1 Matsferil og kynning umhverfisskýrslu .....	97
<b>6. Heildarniðurstaða matsvinnu</b> .....	<b>98</b>
<b>7. Heimildir og tengt efni</b> .....	<b>99</b>



# Samþykkt aðalskipulags

Aðalskipulag Álftaness 2005-2024 sem auglýst hefur verið samkvæmt 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m,s,br, var samþykkt í bæjarstjórn Álftaness þann 10. apríl 2006.



\_\_\_\_\_



Aðalskipulag þetta var afgreitt af Skipulagsstofnun til staðfestingar umhverfisráðherra þann 24. apríl 2006.



\_\_\_\_\_



Björns Bj. Alvaldsson

Aðalskipulag þetta var staðfest af umhverfisráðherra 19. maí 2006.

Sigríður H. Þórðardóttir





# FORSENDUR




# 1. Eldri aðalskipulagsáætlanir

Í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 segir svo um aðalskipulag:

„Aðalskipulag er skipulagsáætlun fyrir eitt sveitarfélag. Sveitarstjórn ber ábyrgð á að gert sé aðalskipulag og skal það taka til alls lands innan viðkomandi sveitarfélags. Í aðalskipulagi er sett fram stefna sveitarstjórnar um landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfi, umhverfismál og þróun byggðar. Þar er mörkuð stefna varðandi þéttleika byggðar og byggðamynstur. Sveitarstjórnir ákveða lengd skipulagstímabils hverju sinni, sem skal eigi vera skemmra en 12 ár, og gera í skipulagsáætlun grein fyrir samhengi áætlunarinnar og einstakra þátta hennar við langtímaþróun sveitarfélagsins. Um gerð aðalskipulags gilda ákvæði í gr. 3.1.1 og 4. kafla reglugerðar þessarar eftir því sem við getur átt.“

Aðalskipulag myndar ramma um deiliskipulagsáætlanir og framkvæmda- og fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins. Aðalskipulag er samþykkt af sveitarstjórn og




Mynd 1


öðlast gildi við staðfestingu umhverfisráðherra og auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda í kjölfarið.

Fyrsta tillaga að skipulagi á Álftanesi mun vera tillaga Gunnlaugs Halldórs-sonar, arkitekts, frá árinu 1965. Þar var gert ráð fyrir íbúðabyggð á 84 ha lands alls, sem talið var samsvara 3000-4000 manna byggð. Verslunarmiðstöð eða miðbær var hugsaður í nánd við gatnamót að Bessastöðum. Norðaustur af Breiðabólssstöðum var reiknað með hugsanlegu iðnaðarsvæði og jafnvel höfn á um 10 ha landsvæði (**mynd 1**).

Sama ár, 1965, skipaði samgöngumálaráðherra nefnd til að gera tillögur um framtíðarskipan flugvallamála Reykjavíkur. Nefndin skilaði álit 1967 með



Mynd 2



Mynd 3

tveimur tillögum, annars vegar væri tekið frá land Breiðabólstaða og Akra-kots, ásamt Bessastaðanesi undir flugvöll af X-gerð og hins vegar að tekið væri frá mun stærra svæði undir flugvöll sem kallaður hefur verið tilhögun L (**mynd 2**). Um mitt ár 1973 var fallið frá öllum áformum um að í aðalskipulagi skuli gert ráð fyrir flugvelli á Álftanesi.

Aðrar eldri skipulagstillögur sem unnar voru á Álftanesi eru tillögur skipulagsstjóra ríkisins að aðalskipulagi frá 1971, sem auglýst var almenningi til sýnis það sama ár, og endurskoðuð tillaga skipulagsstjóra að aðalskipulagi 1978, sem byggð er á tillögu frá 1971 með lítils háttar breytingum (**mynd 3**). Hvorug þessara tillagna hlaut staðfestingu.




Mynd 4





Mynd 5



Mynd 6

Fyrsta staðfesta aðalskipulag á Álftanesi, aðalskipulag Bessastaðahrepps 1984-2004, var unnið af Skipulagi ríkisins og annaðist Sigurður Thoroddsen, arkitekt, gerð skipulagsins í náninni samvinnu við skipulagsstjóra ríkisins og heimamenn. Ráðgjafi skipulagsnefndar sveitarfélagsins var Gunnlaugur Halldórsson, arkitekt. Aðalskipulagið var síðan samþykkt af hreppsnefnd Bessastaðahrepps 26. nóvember 1985 og staðfest af félagsmálaráðherra 3. janúar 1986 (**mynd 4**).

Á árinu 1992 var hafist handa við endurskoðun aðalskipulags 1984-2004. Aðalráðgjafi skipulagsnefndar var Guðni Pálsson, arkitekt. Lauk þeirri endurskoðun með því að hreppsnefnd samþykkti þann 28. ágúst 1993 nýtt aðalskipulag Bessastaðahrepps fyrir tímabilið 1993-2013. Aðalskipulagið var síðan

staðfest af umhverfisráðherra 1. desember 1993 (**mynd 5**). Aðalskipulag 1993-2013 hefur verið endurskoðað nokkrum sinnum síðan þá og var gildandi aðalskipulag í árslok 2004 samkvæmt **mynd 6**. Á árinu 2005 var aðalskipulagið endurskoðað m.t.t. miðsvæðis sveitarfélagsins og var sú tilhögun miðsvæðis sem nú er í aðalskipulagi 2005-2024 staðfest af umhverfisráðuneyti í júlí 2005.

Endurskoðun gildandi aðalskipulags 1993-2013 felur í sér endurmat á forsendum aðalskipulagsins og nýjar áherslur sveitarstjórnar í einstökum málaflokkum. Í greinargerð þessari eru kynntar helstu forsendur sem lagðar verða til grundvallar við mótnun aðalskipulags 2005-2024.


## 2. Umhverfi og útivist

### 2.1 Landslag og staðhættir

Álftanes er láglent nes sem tengist landi með mjóum granda, Bessastaðagranda milli Skógtjarnar að vestan og Lambhúsatjarnar að austan. Hæsti punktur nesses er Sviðholt þar sem bærinn stendur í um 15 metra hæð yfir sjó. Álftanesi má skipta í nokkur meginsvæði. Austast er Bessastaðanes, milli Bessastaðatjarnar og Lambhúsatjarnar. Norðan og vestan Bessastaðaness er Norðurnes, láglent og dreifbýlt. Stærsti hluti Álftaness er milli Kasthúsatjarnar og Skógtjarnar. Þar er byggðin þéttust. Auk þess tilheyrir sveitarfélaginu Hliðsnes, sem er sunnan Skógtjarnar.

Eins og sést á meðfylgjandi hæðarkorti (**mynd 7**) setja þrjár meginásar mestan svip á landslagið. Þessar hæðir rísa 10-14 m yfir sjó. Á stærsta hólnum, sem er nokkuð ílangur frá norðri til suðurs um 40 ha að stærð, eru gömlu býlin Landakot og Eyvindarstaðir. Milli þeirra hefur á undanförunum árum risið meginbyggðin í sveitarfélaginu. Á næststærsta ásnunum, sem er langdreginn frá vestri til austurs meðfram Skógtjörn norðanverðri standa meðal annars Vestri-Skógtjörn, Brekka og Kirkjubrú og byggðin þar á milli. Minnsti ásinn, sem er eins konar angi norður úr síðastnefnda hólnum, er um 25 ha að stærð og nokkurn veginn hringlaga. Á honum standa Sviðholt, Bjarnastaðir og Sveinskot og efri hluti byggðar í Kotum og Vörum. Á hæðunum er víðast hvar grunnt niður á fastan malar-kenndan jarðveg.

Milli ásanna var áður mýrlendi, Breiðamýri, sem síðar var þurrkuð með skurðum og breytt í tún og haga. Þetta svæði er aðeins 3-5 m yfir sjó. Næst sjó er talið að nokkuð djúpt sé á fast, 3-4 m og voru þar áður fyrr mógrafir. Eystri hluti svæðisins, sem nú er að mestu gróin tún austan Norðurnesvegjar, var áður fyrr oft nefndur Eyvindarstaðamýri. Á svæðinu milli Blikastígs og Sjávangötu var áður mýrlendi þar sem sjávarfalla gætti, áður en eiðið, sem lokar Bessastaðatjörn frá sjó, var byggt í Dugguósnum. Eftir það var landið þurrkað með



Mynd 7. Hæðarkort af Álftanesi.

skurðum og breytt í tún og beitarland. Þarna er land víða aðeins í 2-3 metra hæð. Kasthúsatjörn er næst grandanum við Landakotsfjöru.

Bessastaðanes er einnig láglent. Hæsti hluti þess er í um 11 metra hæð yfir sjó.

Suðaustan við Kirkjubrú er Kumlamýri að mörkum Garðabæjar. Aðkoma inn í sveitarfélagið eftir Álftanesvegi liggur um Kumlamýri.

Landsvæði innan marka Sveitarfélagsins Álftaness er um 600 hektarar að flatarmáli. Einnig á Sveitarfélagið Álftanes sameiginlegt land með Garðabæ í Almenningskógum Álftnesinga sunnan Húsfells og Helgafells. Það landsvæði er til meðferðar hjá Óbyggðanefnd um þessar mundir.

## 2.2 Jarðfræði

Berggrunnur á Álftanesi er líklega allur úr grágrýti. Grágrýti á höfuðborgarsvæðinu er hraun sem hefur runnið á mismunandi tímum, bæði fyrir og eftir síðasta kuldaskiði ísaldar. Meginupptök grágrýtishraunanna á höfuðborgarsvæðinu virðast vera í Borgarhólum á Mosfellsheiði en grágrýtið á sunnanverðu svæðinu, t.d. undir Álftanesi, er ekki komið frá Borgarhólseldstöðvunum. Víða meðfram ströndum Álftaness stendur grágrýtið upp úr jarðvegsþekjunni.

Hraun frá nútíma, þ.e. yngri en 10.000 ára, eru engin í sveitarfélaginu. Gálghraun, sem er hluti af Búrfellshrauni, er talið 7.200 ára gamalt. Það gengur í sjó fram gegnt Rana í Bessastaðanesi. Á síðari hluta ísaldar, nánar tiltekið fyrir 12.300 árum, hófst kuldakast með framgangi jökla sem sjá má ummerki eftir á Álftanesi og er þetta kuldakast kallað Álftanesstigið.

Í jarðfræði Þorleifs Einarssonar segir svo: „Álftanesstigið. Fyrir rúmum 12.000 árum hafði það meginlandsjökulsins hopað undan hlýnandi veðráttu inn fyrir núverandi strönd suðvestan-, vestan- og norðanlands. Um þetta leyti kólnaði skyndilega í veðri á ný, og gekk jökullinn þá fram og ýtti upp miklum jökulgarði, sem rekja má frá Álftanesi – bæjaröðin þar stendur á þessum garði – yfir mynni Hvalfjarðar hjá Kiðafelli, um Skorholtsmela í Melasveit og mynni hinna syðri Borgarfjarðardala. Sjórinn fylgdi jökulröndinni inn yfir láglendið, enda hafði jökulfargið þrýst landinu mikið niður.“

Þessi jökulurðargarður er mjög greinilegur á Álftanesi. Standa þar bæjarhús Kirkjubrúar og Brekku og hefur nokkurt íbúðarhverfi verið byggt á garðinum vestan við Kirkjubrú.

Talið er að Álftanes hafi allt verið undir sjó í ísaldarlok. Á næstu árbúsundum eftir að jökulfarginu létti hafi land síðan tekið að rísa. Á síðustu 3-5000 árum er land á höfuðborgarsvæðinu talið hafa verið að síga. Örnefningin Skógtjörn, Bessastaðatjörn og Lambhúsatjörn eru talin benda til þess að þar hafi áður verið ferskvatnstjarnir, þótt þær séu nú sjávarvíkur, en Bessastaðatjörn varð stöðuvatn um 1950 þegar stífla var gerð yfir Dugguós. Talið er að landsigið hafi verið 10-15 sm að meðaltali á öld síðustu 2.800 árin. Sumir telja landsigið hafa verið mun meira, eða 40-50 sm á öld.

Á árunum 1965-1968 voru boraðar tíu hitastigulsholur á höfuðborgarsvæðinu á vegum samvinnunefndar um hitaveitumál, þar af þrjár á Álftanesi, við Hlið, Bjarnastaði og Akkrakot. Hitastigull á þessum stöðum eftir röð var 228°/km, 205°/km og 237°/km. Á Álftanesi vex jarðhiti eftir því sem vestar dregur og er hitastigullinn vestast í sveitarfélaginu álíka hár og á nýttu jarðhitasvæðunum á höfuðborgarsvæðinu.

## 2.3 Veðurfar

Á höfuðborgarsvæðinu eru vetur mildir, meðalhiti í janúar rétt undir frostmarki og sumur svöl, meðalhiti í júlí rúmar 11°C. Úrkoma á höfuðborgarsvæðinu eykst með hæð yfir sjávarmáli og eftir því sem nær dregur fjöllum. Meðalársúrcoma er um 800 mm, sé miðað við meðalúrkomu í Reykjavík á þrjátíu ára tímabili (1961-1990). Tíðni vindátta á höfuðborgarsvæðinu er nokkuð breytileg og ræðst sá mismunur af landslagi, afstöðu til fjalla og hæða og stefnu strandlengju.

Ekki er til nýleg vindrós fyrir Álftanes en samkvæmt vindmælingum sem gerðar voru á Álftanesi 1950-1959 eru norðan- og austanáttir tíðustu vindáttir. Suðaustanátt og vestanátt eru nokkuð tíðar en norðvestanátt sjaldgæf. Suðaustanátt er algengasta úrkomuáttin.

Vetur á Álftanesi eru svipaðir og á öðrum stöðum við sjávarsíðuna á höfuðborgarsvæðinu, snjóléttari og e.t.v. umhleypingasamari en á svæðum sem liggja hærra yfir sjávarmáli.

## 2.4 Gróðurfar, dýra- og fuglalíf

Fjölbreytt lífríki er í fjörum umhverfis Álftanes og eru þær víðast óspilltar af mannavöldum. Hreinar og greiðfærar fjörur eru vinsæl útivistarsvæði og lífríkar fjörur í nánd við þéttbýli hafa ómetanlegt fræðslugildi. Fjörur, sérstaklega leirur, gegna mikilvægu hlutverki sem áningarstaður farfugla. Hrognkelsamið hafa löngum verið góð umhverfis Álftanes og er enn hrognkelsaútgerð frá Álftanesi.

Áður birt gögn um fuglalíf á Álftanesi eru: *Dýralíf Innesja*, eftir Ævar Petersen frá 1985, *Fuglalíf á Bessastöðum*, eftir Ævar Petersen frá 1993. *Fuglalíf í Bessastadahreppi – Varpfuglar á nokkrum stöðum*, eftir Guðmund A. Guðmundsson frá 1996.

Í september 2003 var samið við Náttúrufræðistofnun Íslands um úttekt á gróðurfari og fuglalífi á Álftanesi. Markmið rannsóknarinnar var að afla gagna um gróður (gróðurkort og háplöntur) og fuglalíf (yfirlitskort um fugla, m.a. tegundir, fjöldi og staðsetning) á neginu. Gróður- og jarðakort af Álftanesi, sem gefin voru út af Rannsóknastofnun landbúnaðarins 1988, voru notuð sem grunnur að nýju gróðurkort og færð inn á nýlegt myndkort af sveitarfélaginu. Verki Náttúrufræðistofnunar lauk í júní 2004 með útgáfu skýrslunnar „Gróðurfar og fuglalíf á Álftanesi“, NÍ-04012, júní 2004 (5) og voru niðurstöður rannsóknarinnar notaðar við endurskoðun aðalskipulags sveitarfélagsins til 2024.

### Um athyglisverðustu gróðurfélögin, sjá (5) og mynd 8

Í votlendinu sunnan við Haukshús, er **Halakotsjörn**, sem er nær algróin flóa- og vatnagróðri. Meðfram sjónum við **norðanverða Skógtjörn** og á breiðu belti meðfram tjörninni í **Hliðsnesi** vex sjávarfitjungur sem gæta þarf vandlega að spilla ekki. Sjávarfitjungur er mikilvægur hluti af sérstæðu lífríki Skógtjarnar. Í **Lambhúsajörn** og **Skógtjörn** vex marhálmur, mikilvæg fæða fyrir áltfir og margæsir.

Náttúrufræðistofnun Íslands telur að hið óraskaða **Bessastaðanes** hafi mikið gildi sem náttúrusvæði. Stofnunin tilgreinir að stefna beri að því að viðhalda

þessu óraskaða landi í Bessastaðanesi. Æskilegt sé að leggja göngu- og hjólastíg um nesið til þess að fólk geti notið þar óspilltrar náttúru.

M.t.t. villts gróðurs hafa eftirtalin svæði mikið gildi: **Kasthúsajörn** og nánasta umhverfi. **Nesið norðan við Breiðaskurð** (mýri). **Breiðabólsstaðaeypri**, þar sem áhrifa sjávar gætir. Vogskorin **strönd Bessastaðatjarnar**.

### Um helstu búsvæði fugla, sjá (5) og mynd 8

**Bessastaðanes** lítt raskað og afar mikilvægt svæði fyrir mófugla. Þar er einnig eitt af stærri æðarvörpum landsins. Mikið grágæsavarp. Eitt mikilvægasta varpsvæði fyrir endur á Álftanesi er **norðurbakki Bessastaðatjarnar**. Við víkur og tjarnir **syðst á Breiðabólsstaðaeypri** er mikilvægt andasvæði. Mýrlendi **sunnan og austan Kasthúsajarnar** er mikilvægt að friða fyrir beit (aðliggjandi varpland tjarnar).



Mynd 8. Nokkur staðarnöfn á Álftanesi.

Í **Hliðsnesi** er mikið kríuvarp. Í **Holtinu**, á grandanum **milli Lambhúsatjarnar og Skógtjarnar**, er nýlegt og vaxandi kríuvarp. Þar er einnig mikið mófuglavarp. Margæsasvæði er við **Skógtjörn, Lambhúsatjörn og á túnum** á austan- og sunnanverðu nesinu. Vegna margæsa á vorin og fjaðrafellis álfta síðsumars þyrfti að banna ferðir báta um **innanverða Skógtjörn** og er æskilegt að takmarka umferð á vorin og sumrin við **norðausturströnd tjarnarinnar**. Mikilvægt að huga að verndun helstu fæðusvæða fugla, s.s. í **nágrenni Hrakhólma**, við **Helguvík**, á **Melshöfða** og við ós **Skógtjarnar**.

Fjörur við **Gesthúsavör** og **Hrakhólmar** eru mikilvægir fæðustaðir fugla.

## 2.5 Útivist og frístundaiðja

### Útivistarsvæði

Eitt megineinkenna Álftaness er tiltölulega dreifð byggð með stórum og víðáttumiklum útivistarsvæðum. Í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2000-2024 hefur því merki verið haldið á lofti að sveitarfélagið gegni því hlutverki að vera „sveit í borg“. Aðalskipulag sveitarfélagsins í gegn um árin ber með sér að slíkt geti verið raunhæft. Sem dæmi má nefna að Álftanes er afar vinsælt svæði fyrir göngufólk og fyrir þá sem stunda fuglaskoðun og aðra náttúruskoðun.

Útivistarsvæðum má í meginatriðum skipta í tvo flokka:

- gönguleiðir, opin svæði og fólkvanga.
- íþróttasvæði og leikvelli.

Rík áhersla hefur verið lögð á gönguleiðir, bæði meðfram sjónum og innan byggðar. Stór opin svæði eru í Bessastadanesi og meðfram ströndinni og tjörn-um. Hlið og hluti fjörunnar hefur verið friðað sem fólkvangur og frekari friðun svæða er áformuð.

Við formun útivistarsvæða í aðalskipulagi Álftaness hafa þau sjónarmið verið höfð að leiðarljósi að myndaðar verði keðjur samtengdra svæða. Í framkvæmd er myndin þessi:

- Byrjað er á lóðum við íbúðarhús, þar sem yngstu börnin leika sér. Lóðirnar tengjast síðan leik- og útivistarsvæðum hverfisins.
- Nágrannahverfi eru nokkur saman um stærri leikvanga og útivistarsvæði fyrir börn og fullorðna.
- Eftir því sem landslag og aðrar aðstæður leyfa er síðan gert ráð fyrir því að innan þéttbýlisins sé hægt að komast fótgangandi eða hjólandi milli hverfa á samfelldu opnu svæði.
- Þessi keðja útivistarsvæða sem hefst heima við húsvegginn er tengd saman með öruggum gönguleiðum. Hún heldur síðan áfram út fyrir mörk sveitarfélagsins og tengir það nágrannabygðunum.

### Íþróttasvæði

Við endurskoðun aðalskipulags 1993 var gert ráð fyrir tveimur íþróttasvæðum, norðvestan íþróttamiðstöðvar undir íþróttavelli og austan við Mýrarkot fyrir hestaíþróttir. Auk þess var tekið frá svæði til síðari nota vestan við Blikastíg. Síðast nefnda svæðið var fellt út með breytingu á aðalskipulagi 1998. Horft hefur verið til svæðis fyrir hestaíþróttir á Breiðabólsstaðaeyri auk þess sem þar er gert ráð fyrir aðstöðu til siglingaíþróttar, m.a. með tilkomu smábátahafnar.

Við Skógtjörn er í gildandi aðalskipulagi gert ráð fyrir aðstöðu til siglingaíþróttar við norðanverða Skógtjörn.

Í gildandi aðalskipulagi kemur fram að golfvöllur gæti verið aðdráttarafli fyrir sveitarfélagið. Ekki var tekið frá land undir golfvöll þá (1993) en tiltekið er að það kunni að verða gert á skipulagstímabilinu. Á árinu 2003 var hafist handa um byggingu æfingagolfvallar norðan við Höfðabraut. Einnig hafa verið kynntar hugmyndir að 9-holu golfvelli á norðurnesinu.

### Leikvelli

Í sveitarfélaginu eru nú átta hverfisleikvelli, við Blikastíg, Sjávargötu, Hólmatún, Norðurtún / Vesturtún, Suðurtún, Efstakot, Miðskóga og Lambhaga. Fleiri leikvelli munu verða byggðir eftir því sem ný hverfi rísa. Auk þess eru leiksvæði við Álftanesskóla og leikskólann Krakkakot og smíðavöllur er rekinn á sumrin hjá skátaheimilinu við Breiðumýri.

Sparkvelli eru vestan Höfðabrautar og neðan við Vesturtún.

**Skólagarðar - Brennustæði**

Í sveitarfélaginu hafa verið starfræktir skólagarðar í tengslum við vinnuskóla.

Við endurskoðun aðalskipulags mun verða til skoðunar að leggja grunn að varanlegu svæði fyrir áramóta- og þrettándabrennu á Álftanesi.

**Göngu- og reiðleiðir**

Í aðalskipulagi hefur ávallt verið gert ráð fyrir viðamiklu stígakerfi um sveitarfélagið. Gengið er út frá því að ný íbúðarbyggð verði hvergi byggð niður að sjó og hús ekki heimiluð nær fjörukambi en 30-50 m. Fjörurnar og strandsvæðin eru afar fjölskrúðug af dýralífi og vinsæl til útivistar. Gert er ráð fyrir að skipulagðar gönguleiðir innan byggðarinnar og milli byggðakjarna tengist gönguleiðum meðfram ströndinni.

Í aðalskipulagi 1984-2004 var gerð ítarleg grein fyrir gönguleiðum og var reiknað með að kerfi reiðstíga yrði á svipuðum slóðum. Í aðalskipulagi 1993–2013 var sömu stefnu haldið varðandi legu reiðleiða í nánd við gönguleiðir.

**2.6 Náttúruvernd**


Samkvæmt skipulagsreglugerð teljast til náttúruverndarsvæða annars vegar friðlýst svæði, þ.e. náttúruvætti, friðlönd, þjóðgarðar og fólkvangar, og hins vegar svæði á náttúruminjaskrá. Einnig afmörkuð svæði á landi og sjó sem njóta verndar vegna náttúru eða landslags. Um náttúruverndarsvæði gilda lög um náttúruvernd ásamt auglýsingum um einstök svæði í Stjórnartíðindum og sérlægum um verndun einstakra svæða.

Í aðalskipulagi skal auðkenna og gera grein fyrir náttúruverndarsvæðum, staðsetningu þeirra og helstu einkennum, hvaða landnotkun er fyrirhuguð á svæðunum og hvaða reglur gilda á hverju þeirra um umgengni og mannvirkjagerð. Gera skal grein fyrir hvaða landnotkun er fyrirhuguð á náttúruverndarsvæðum og hvernig hún fellur að reglum sem gilda á hverju svæði fyrir sig.

Þar sem mannvirkjagerð er fyrirhuguð á náttúruverndarsvæðum skal gera grein fyrir henni í deiliskipulagi.

**Friðlýst svæði**

Nokkur friðlýst svæði eru í sveitarfélaginu. Hlið er fólkvangur (**mynd 8**) og Kasthúsatjörn og fjaran þar er friðland og fólkvangur (**mynd 9**), á grundvelli laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Friðlýst æðarvarp er vestan við Bessastaðatjörn (**mynd 10**) á grundvelli 9. gr. laga nr. 33/1966 um fuglaveiðar og fuglafriðun, sbr. einnig 23. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.




Mynd 8. Fólkvangur í Hlíði.

Í Bessastaðanesi hefur varpland verið friðlýst á grundvelli laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

**Svæði á Náttúruminjaskrá**

Í náttúruminjaskrá eru eftirtalin svæði skráð undir heitinu „aðrar náttúruminjar“: Bessastaðanes, Gálgahraun og fjörur frá Bala að Kársnesi, Hafnarfirði, Garðabæ, Kópavogi og Bessastaðahreppi, Gullbringusýslu. (1) Fjaran frá Bala í Hafnarfirði að Kársnesi í Kópavogi. Bessastaðanes allt og Lambhúsatjörn, Bessastaðatjörn, Skógtjörn og Kasthúsatjörn. Gálgahraun sem afmarkast af Álftanesvegi að sunnan, en hraunjöðrum að austan og vestan. (2) Fjölbreyttar tjarnir, fjörur og grunnsævi með auðugu lífríki.



Mynd 9. Fólkvangur og friðland við Kasthúsatjörn.



Mynd 10. Friðlýst æðarvarp vestan Bessastadartjarnar.

### Svæði í Náttúruverndaráætlun Alþingis 2004-2008

Í náttúruverndaráætlun Alþingis 2004-2008 er lagt til að fjara og grunnsævi við Álftanes og Skerjafjörð verði verndað. Svæðið er innan marka Garðabæjar, Álftaness, Kópavogs, Reykjavíkur og Seltjarnarness (**mynd 11**).

### Hverfisvernd

Einnig er hægt að vernda svæði samkvæmt ákvæðum skipulags- og byggingarlaga um hverfisvernd.

### Umhverfisstefna Álftaness

Sveitarfélagið Álftanes stefnir að því að vera í fararbroddi meðal sveitarfélaga í umhverfisstarfi og að verða vistvænt sveitarfélag, þar sem náttúruvernd og

heilnæm samskipti manns og náttúru verði í fyrirrúmi. Til þess að ná þessu markmiði hefur sveitarfélagið mótað umhverfisstefnu sem byggir á hugmyndafræði um sjálfbæra þróun samfélagsins, þ.e. að ákvarðanir sem teknar eru af núlifandi kynslóðum og framkvæmdir sem farið verður út í, skerði ekki lífsmöguleika og lífsgæði komandi kynslóða; að byggðapróun og landnýting leiði ekki til umhverfisskaða og að tekið sé mið af framtíðarhagsmunum við alla ákvarðanatöku.

### Strandlengjan og tjarnirnar

Strandlengja Álftaness er löng, falleg og að mestu ósnortin, ef frá er talin bygging sjóvarnagarða, sem nauðsynlegir eru vegna ágangs sjávar og lágrar legu nessins. Strandlengjan er öll á Náttúruminjaskrá. Tjarnirnar og umhverfi þeirra



Mynd 11 (af heimasíðu Umhverfisstofnunar)

eru mikilvægir viðkomustaðir fágætra fargesta, m.a. margæsa. Svæði næst tjörnunum eru að mestu óbyggð. Tryggja verður að hvorki framkvæmdir né byggð ógni viðkvæmu lífríki þar.

Viðkvæm vistkerfi tjarna og búsvæði fágætra fugla þar verða varðveitt með því að ætla þeim nægjanlega stór rými þar sem annað hvort engar framkvæmdir verða eða eingöngu framkvæmdir sem stuðla beint eða óbeint að verndun svæðanna s.s. stígagerð eða uppsetning leiðbeininga- og fræðsluskilta. Í aðal- skipulagi og með góðri hönnun þarf að leitast við að tryggja að vaxandi íbúðar- byggð valdi ekki óbeinni röskun á slíkum stöðum.

Til að ná fram settum markmiðum um verndun umhverfisins þarf að nota aðferðir sem henta best í hverju tilviki. Hægt er að beita friðlýsingu þar sem

þurfa þykir ásamt samstarfssamningum við landeigendur, samtök áhugafólks eða nágrannasveitarfélög. Auk þess þarf að beita fræðslu, skýrum umgengnis- reglum, ákvæðum í skipulagi, tæknilausnum, þar sem það á við og ef nauðsyn krefur ýmsum takmörkunum á aðgengi á viðkvæmum tímabilum.

## 2.7 Svæði undir náttúruvá

Samkvæmt skilgreiningu í skipulagsreglugerð eru svæði undir náttúruvá svæði þar sem hætta er talin stafa af náttúruhamförum, s.s. snjóflóðum, skriðu- föllum, sjávarflóðum, vatnsflóðum, jarðskjálftum, eldvirkni eða veðurfari (ofviðri).

Í aðalskipulagi skal auðkenna og gera grein fyrir svæðum undir náttúruvá, staðsetningu þeirra, hvaða landnotkun er fyrirhuguð á svæðunum og hvaða reglur gilda á hverju þeirra um umgengni og mannvirkjagerð. Gera skal grein fyrir þegar byggðum og fyrirhuguðum varnavirkjum vegna ofanflóða, sjávar- flóða og vatnsflóða og hvaða landnotkun er fyrirhuguð á svæðum undir náttúruvá og nærliggjandi svæðum og hvernig hún fellur að reglum sem gilda á hverju svæði fyrir sig.

Á Álftanesi er hætta fyrst og fremst talin stafa af sjávarflóðum, en minni hætta af jarðskjálftum og eldgosum. Áhrifa hækkunar sjávarborðs myndi fyrst gæta á lágsvæðum eins og Álftanesi.

### Sjávarflóð – Landbrot

Strandlengjan á Álftanesi er ein af náttúruperlum landsins og fuglalíf þar og við aðliggjandi tjarnir er mikið. Ströndin liggur opin fyrir ágjöf úr áttum frá suðvestri til norðvesturs og hefur sjórinn brotið stórlega af landinu á undanförunum árum og áratugum.

Í skýrslu Hafnamálastofnunar ríkisins „Landbrot og flóðahætta á Reykjanes- skaga“ frá árinu 1983 var bent á átta staði á vesturströnd Álftaness þar sem bæta þurfi við eldri sjóvarnagarða og byggja nýja. Fram kemur það almenna álit að íbúðabyggð sé á nokkrum stöðum óþarflega nærri vesturströndinni.



Í aðalskipulagi 1984-2004 var staðfest ákvæði um að gólfhæðir húsa á Álftanesi verði hvergi lægri en 4,75 m yfir meðalsjávarhæð. Sums staðar eru gólfhæðir í eldri íbúðarhverfum þó lægri, t.d. við Blikastíg (lægsta hús í 3,1 m), við Sjávargötu (lægsta hús í 4,1 m) og í Lambhaga (lægsta hús í 4,2 m).

Í aðalskipulagi 1993-2013 var kveðið á um að ný byggð verði eftir aðstæðum ekki nær sjávarkambi en 30-50 metra. Við ströndina verði gólfkótar eftir aðstæðum ekki undir 4,75 m yfir meðalsjávarhæð. Fjær ströndu, þar sem ekki er talin hætta á flóðrennsli annars staðar frá, verði gólfkótar ekki undir 4,40 m. Á íbúðarsvæðum sem byggð hafa verið síðan 1993 eru lægstu gólfhæðir í Vesturtúni (5,7 m), í Hólmatúni (5,3 m), austast í Suðurtúni (5,0 m) og í austanverðu Birkiholti (5,5 m).

Í skýrslu Skipulags ríkisins, „Skipulags- og byggingarreglur á lágsvæðum þar sem hætta er á flóðum“, frá í júlí 1992 eru tilgreind þau lágsvæði sem eru að einhverju leyti í flóða- og landbrotshættu. Álftanes er í skýrslunni, ásamt Stokkseyri og Eyrarbakka, tekið til sérstakrar athugunar sem viðmiðunarsvæði fyrir Reykjanes og Faxaflóasvæðið, því þar er mikil fólksfjöldun á lagu nesi með hlutfallslega mjög langa strandlengju.

Í kjölfar sjávarflóða á árinu 1996 samþykkti sveitarstjórn heildaráætlun um landbrotssvæði á Álftanesi. Í áætluninni voru tilgreind 14 svæði á vesturströnd Álftaness sem landbrotssvæði þar sem byggja þurfi varnargarða og fimm landrofssvæði á bökkum Skógtjarnar, Lambhúsatjarnar og Bessastaðatjarnar. Miklar framkvæmdir hafa verið unnar síðan þá, einkum á árunum 1996-1998. Er nú svo komið að sjóvarnargarðar hafa verið byggðir á meginhluta vesturstrandar Álftaness. Einungis á eftir að verja ströndina við Sandskarð og svæði syðst (Þórukot, Hlið) og nyrst (Grund, Kastangi) á vesturströndinni.

Á aðalskipulagi 1993-2013 var gert ráð fyrir því að gönguleiðir/-stígar verði meðfram allri strandlengjunni, innan við varnargarða þar sem þeir verða settir. Mikilvægt er að fylling bak við garðana sé nógu há til þess að gangandi eða

hjólandi vegfarendur sjái yfir þá niður í fjöru. Vel má hugsa sér að varnargarðar á Álftanesi verði hannaðir misháir, bæði vegna þessa og vegna hins að ágjöf sjávar er misjöfn á einstökum svæðum strandlengjunnar.

#### Jarðskjálftar og eldgos

Í greinargerð með svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2000-2024 kemur fram, að ekki eru neinir gígar eða gossprungur frá nútíma á Álftanesi né í nánd við nesið, ekki heldur nein misgengi tengd virku gosbelti.

Jarðskjálftahætta er til staðar á öllu höfuðborgarsvæðinu. Við hönnun mannvirkja ber að taka mið af reglugerðum og samþykktum stöðlum um jarðskjálftahönnun mannvirkja. Á Álftanesi er í gildi evrópskur forstaðall *Eurocode 8: Design provisions for earthquake resistance of structures* ásamt tilheyrandi þjóðarskjölum.

## 2.8 Fornleifar og menningarminjar – þjóðminjavernd

Byggð hefur verið á Álftanesi allt frá landnámstíð. Ýmsar sögulegar minjar eru á nesinu. Við fornleifagröft á Bessastöðum hafa fundist merkar minjar og hefur verið gengið frá varðveislu þeirra á þann hátt að fólk getur fræðst um sögu staðarins. Þá er til nákvæm skrá yfir örnefni hjá Örnefnastofnun Íslands og úttektir fornleifafræðinga á ýmsum öðrum fornminjum í sveitarfélaginu. Skansinn í landi Bessastaða var friðlýstur 1930. Í Hliði er Skjónaleiði sem var friðlýst 1964 (6).

Á tímabilinu nóvember 2003 til janúar 2004 var á vegum skipulagsnefndar unnin svæðisskráning fornleifa og menningarminja á Álftanesi. Verkið var unnið af Fornleifastofnun Íslands og voru skráðar upplýsingar um tæplega 400 fornleifar í sveitarfélaginu. Í kjölfarið annaðist Fornleifastofnun deiliskráningu fornleifa og liggur fyrir greinargerð fyrirtækisins um árangur þeirrar skráningar (6).

## 3. Íbúðarbyggð

### 3.1 Eignarhald á landi

Ríkið er stærsti einstaki landeigandinn á Álftanesi með eignarhald á tveimur jörðum, Bessastöðum og Gesthúsum. Sveitarfélagið á nokkurt land á stofnanareitum, íþróttasvæðum, opnum svæðum og fjörum svo og umhverfis íbúðarlóðir. Vegagerðin á land undir vegi sem ríkið byggði á sínum tíma. Íbúðarlóðir eru í einkaeign. Mest allt byggingarland sem enn er óbyggt er í einkaeign.

Meginmarkmið aðalskipulags er að ná fram heildstæðri byggðarmynd. Það sjónarmið getur að sjálfsögðu rekist á hagsmuni einstakra eigenda lands.

### 3.2 Íbúðarsvæði – Yfirbragð og þéttleiki

Álftanes er lágrent nes með hæsta punkt í um 15 metra hæð yfir sjó, sbr. kafla 2.1. Eins og sést á mynd 7 setja þrjú meginásar mestan svip á landslag á Álftanesi, í um 10-14 m hæð yfir sjó og marka þeir ásar í stórum dráttum það byggðamynstur sem mótað var á árunum 1970-1990. Á stærsta hólnum er meginbyggðin í sveitarfélaginu. Á ásnum sem liggur frá vestri til austurs norðan Skógtjarnar og á ásnum þar norður af byggðist Suðurnesið upp. Við Blikastíg reis stakt hverfi einbýlishúsa.

Einkenni byggðar frá tímabilinu 1970-1990 er tiltölulega dreifð og hefðbundin byggð einbýlishúsa á stórum lóðum. Engin fjölbýlishús voru byggð fyrr en Skólatúnið var byggt um 1990 en mest var um hefðbundin einbýlishús. Nokkur raðhús (keðjuhús) risu við Austurtún og Smáratún. Lóðir á þessum árum voru flestar 1000-1200 m<sup>2</sup>. Meðalþéttleiki þessarar byggðar er um 7 íbúðir pr. ha.

Íbúðarbyggð, sem byggð var eftir 1990, er heldur þéttari. Þéttleiki lágreistrar

Svæði	Íbúðir / ha brúttó
Álftanes 1990	7,6
Álftanes 2000	9,1
Álftanes 2004	10,8
Álftanes - Asparholt / Birkiholt	29,3
Reykjavík - Grafarvogur, Borgarholt 2003	14,7
Reykjavík - Vesturbær 2003	31,3
Seltjarnarnes 2003	14,5
Mosfellsbær 2003	10,9

Tafla 1: Nokkur dæmi um þéttleika íbúðarhverfa á höfuðborgarsvæðinu


einbýlishúsa- og raðhúsabyggðar við Vesturtún og Hólmatún er um 12.5 íbúðir pr. ha og íbúðahverfi með fjölbýlishúsum eru mun þéttari.

Í töflu 1 er sýndur þéttleiki byggðar á Álftanesi og þéttleiki byggðarinnar borinn saman við nokkur svæði á höfuðborgarsvæðinu.


#### Íbúafjöldi

Á seinni hluta 19. aldar voru Álftnesingar milli 550 og 600. Hæstur varð íbúafjöldinn á þessum tíma 670 manns um 1880. Laust fyrir 1900 fór íbúum að fækka og voru fæstir 117 um 1940. Upp úr því fjölgaði íbúum hægt fram til 1970 þegar uppbygging íbúðarbyggðar á Álftanesi hófst fyrir alvöru. Frá 1971 hefur íbúaaukningur á höfuðborgarsvæðinu verið mest á Álftanesi. Stærstur hluti íbúaaukningar undanfarinna þriggja áratuga stafar af flutningum fólks frá öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu.

Á tímabilinu 1971-1998 fjölgaði íbúum höfuðborgarsvæðisins um rúm 50%. Álftnesingum fjölgaði mest á þessu tímabili en íbúafjöldi þar rúmlega sexfaldaðist (um 600%). Mosfellingum fjölgaði 4.4-falt (um 440%), Garðbæingum um 150%, Kópavogsbúum um 90% og Hafnirðingum um 85%.



Mynd 11: Íbúafjöldi á Álftanesi 1985 - 2004



Mynd 12: Áætluð fjölgun íbúa á Álftanesi til 2024.

1. desember 2004 voru 2.024 íbúar á Álftanesi og 183.990 á höfuðborgarsvæðinu öllu. Álftnesingar eru því rúmlega 1% af íbúafjölda höfuðborgarsvæðisins. Byggingarþróun í sveitarfélaginu hefur því tiltölulega lítil áhrif á heildaruppbyggingu höfuðborgarsvæðisins, jafnvel þótt uppbyggingin í sveitarfélaginu sé hröð um þessar mundir. Samkvæmt svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024 mun íbúum á svæðinu öllu fjölga um 24% fram til 2024 og er áætlað að íbúar höfuðborgarsvæðisins verði þá orðnir 228.000 talsins.

Í aðalskipulagi Álftaness 2005-2024 verður áætluð íbúafjölgun samkvæmt mynd 12 lögð til grundvallar. Líkt og við endurskoðun aðalskipulags sveitarfélagsins árið 1993 verður á landnotkunaruppdrætti aðalskipulags 2005-2024 skilgreint meira landrymi undir íbúðarsvæði en áætluð íbúafjölgun krefst miðað við meðalþéttleika. Frekar verður stuðst við lágmarksþéttleika til að aðalskipulagið sé sveigjanlegt.

#### Aldursdreifing íbúa

Nokkur munur er á aldersdreifingu íbúa á Álftanesi og annarra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Á Álftanesi eru aldurs hópar á leikskóla- og grunnskólaaldri hlutfallslega mun fleiri en íbúar á eftirlaunaaldri mun færri en annars staðar (Tafla 2).

Aldursdreifing	Álftanes	Mosf. bær	Seltj. nes	Höfuðb. sv.	Landið allt
0-1 árs Ungabörn	2,9%	3,3%	2,1%	2,9%	3,0%
2-5 ára Leikskóli	7,1%	7,2%	4,6%	6,0%	6,0%
6-15 ára Grunnskóli	19,7%	18,5%	16,9%	14,8%	15,5%
16-25 ára Framhaldsskóli	13,8%	15,2%	14,5%	14,2%	14,9%
26-55 ára Atvinnulífið	44,5%	44,5%	41,4%	42,9%	41,9%
56-66 ára Atvinnulífið	8,1%	8,0%	10,7%	8,6%	8,5%
67+ ára Eftirlaunaaldur	3,9%	3,3%	9,8%	10,6%	10,2%
Samtals	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%

Tafla 2: Aldursskipting 2002 skv. Þjóðskrá.

Aldursdreifing	Álftanes				Landið allt	
	1991	2002	2012	2024	2012	2024
0-1 árs Ungabörn	3,3%	2,9%	2,7%	2,6%	2,8%	2,6%
2-5 ára Leikskóli	9,0%	7,1%	6,5%	6,0%	5,5%	5,2%
6-15 ára Grunnskóli	22,5%	19,7%	17,5%	16,0%	13,7%	12,9%
16-25 ára Framhaldsskóli	14,3%	13,8%	13,4%	13,2%	14,6%	12,8%
26-55 ára Atvinnulífið	43,8%	44,5%	41,7%	39,2%	40,8%	38,4%
56-66 ára Atvinnulífið	4,7%	8,1%	9,9%	12,3%	11,8%	13,4%
67+ ára Eftirlaunaaldur	2,4%	3,9%	8,3%	10,7%	11,0%	14,6%
Samtals	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%

Tafla 3: Aldursdreifing á Álftanesi 1991 og 2002. Spá fyrir Álftanes með samanburði við landið allt 2012 og 2024 (Hagstofa Íslands).


Í **töflu 3** er áætluð aldursdreifing Álftanesinga 2012 og 2024. Til grundvallar er lögð spá Hagstofu Íslands um aldursdreifingu allra landsmanna og framreikningar svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins 2001-2024.

### Íbúðarhúsnæði

Heimili á Álftanesi eru heldur fjölmennari en í öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Þannig hefur hlutfall íbúa á hverja íbúð á Álftanesi verið hærra en annars staðar á svæðinu um margra ára skeið, sjá **töflu 4**. Þetta skýrist af ýmsum þáttum, s.s. háu hlutfalli einbýlishúsa.

Almennt er sú þróun á Íslandi að íbúum á íbúð er að fækka, m.a. vegna lægri fæðingartíðni en áður, hlutfallslegri fjölgun aldraðra og fjölgun einstæðra foreldra. Í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins er þessi þróun lögð til grundvallar við íbúaspár og áætlaða þörf fyrir húsnæði á svæðinu.

Reiknað er með að breytt aldurskipting íbúa og minnkandi fjölskyldustærðir á næstu árum og áratugum muni hafa afgerandi áhrif á stærðir og gerðir nýrra íbúða á höfuðborgarsvæðinu. Því er spáð að eftirspurn aukist eftir litlum íbúðum, hlutfall stórra einbýlishúsa lækki og hlutfall minni íbúða í raðhúsum, litlum sambýlishúsum og hefðbundnum fjölbýlishúsum aukist.



Mynd 13: Fjöldi íbúa á íbúð. Spá til 2024 skv. svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins.

Landnýting undir íbúðarhverfi ræðst að miklu leyti af þéttleika hverfanna. Minni íbúðir og þéttari byggð leiða þannig á sinn hátt til bættrar landnýtingar á nýjum byggingarsvæðum. Þörf fyrir nýjar lóðir undir einbýlishús verður þó áfram fyrir hendi en reikna má með því að hlutfall þeirra í framboði nýrra lóða minnki frá því sem nú er.

Í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins kemur fram að áætlanir um atvinnustarfsemi og fjölda íbúða á Álftanesi fullbyggðu séu í endurskoðun og að hugsanlegt sé að dregið verði úr umfangi landrýmis undir byggð frá því sem sýnt er á svæðisskipulagsupprætti.

Sveitarfélag	1973	1991	1998	2012	2024
Álftanes	5,14	3,73	3,48	3,10	2,78
Mosfellsbær	5,96	3,28	3,26	3,00	2,78
Garðabær	4,48	3,31	3,18	2,93	2,74
Seltjarnarnes	3,85	3,13	2,96	2,83	2,71
Reykjavík	3,17	2,55	2,54	2,40	2,29
Höfuðborgarsvæðið	3,32	2,72	2,65	2,50	2,40

Tafla 4: Fjöldi íbúa á íbúð. Spá aðalskipulags Álftaness til 2024. Önnur sveitarfélög skv. svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins.

## 4. Atvinnulíf og menningarstarfsemi

Lítill atvinnustarfsemi er á Álftanesi miðað við atvinnulíf í öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands úr vinnumarkaðskönnun 1998 unnu þá aðeins 5,3% Álftnesinga (75 manns) innan marka bæjarfélagsins. Þetta var næstlægsta hlutfall starfa í heimabæ á höfuðborgarsvæðinu utan Seltjarnarness. Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofunni voru í október 2002 (dæmigerður mánuður, ekki skólafólk, ekki mikið atvinnuleysi) 965 íbúar Álftaness starfandi (54% íbúa), þar af voru 106 íbúanna starfandi í bæjarfélaginu. (6,0% íbúa).

### 4.1 Atvinnustarfsemi

Bæjarfélagið sjálft er stærsti atvinnurekandinn á staðnum. Í árslok 2003 var 131 starfsmaður á launaskrá hjá bæjarfélaginu í um 95 stöðugildum. Ekki eru til nákvæmar upplýsingar um hversu mörg störf eru til á Álftanesi. Sé gengið út frá sömu forsendum og 1998 er ekki ólíklegt að um 150-160 störf sé að ræða.

#### Opinber þjónusta

Störf við opinbera þjónustu á Álftanesi tengjast einkum þremur svæðum:

- Opinber stjórnslá sveitarfélagsins er starfrækt á Bjarnastöðum.
- Þjónustumiðstöð sveitarfélagsins er staðsett í Landakoti.
- Menntastofnanir sveitarfélagsins eru á skólasvæðinu. Skólasvæðið er langfjölmennasti vinnustaðurinn.

#### Önnur atvinnustarfsemi í sveitarfélaginu

- Starfsemi á vegum embættis forseta Íslands er á Bessastöðum.
- Við Breiðumýri hafa verið tvær smáverslanir Bárúkot og síðar Bessinn, auk þess sem veitingarrekstur hefur verið í Bessanum.

Að auki eru einkaaðilar með ýmsa atvinnustarfsemi sem skráð er í sveitarfélaginu, s.s. iðnaðarstarfsemi, rekstur vinnuvéla, smábátaútgerð o.fl.

Í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2000-2024 kemur fram að 1998 voru um 100 störf á Álftanesi. Í skipulaginu er gert ráð fyrir fjölgun starfa í sveitarfélaginu í 200 störf árið 2012 og í 400 störf árið 2024. Að auki eru einkaaðilar með ýmsa atvinnustarfsemi sem skráð er í sveitarfélaginu, s.s. iðnaðarstarfsemi, rekstur vinnuvéla, smábátaútgerð o.fl.

### 4.2 Atvinnusvæði

Í aðalskipulagi Álftaness 1993-2013 var gert ráð fyrir eftirtöldum atvinnusvæðum:

- Miðsvæði sveitarfélagsins: verslunar- og þjónustustarfsemi og stjórnslá. Á miðsvæðinu var gert ráð fyrir að staðsetja mætti íbúðarhúsnæði.
- Skólasvæði: mennta- og menningarstofnanir; s.s. grunnskóli, leikskóli, tónlistarskóli, íþróttamiðstöð og bókasafn.
- Bjarnastaðir: opinber stjórnslá sveitarfélagsins.
- Bessastaðir: embætti forseta Íslands.
- Breiðabólstaðeyri: hafnarstarfsemi, smábátahöfn.
- Breiðamýri: verslunar- og þjónustulóð

Í eldra aðalskipulagi sveitarfélagsins, 1984-2004, var gert ráð fyrir mun stærri atvinnusvæðum auk iðnaðarsvæða. Við endurskoðun aðalskipulags 1993 var fallið frá þeim áformum.

Skipulagsnefnd hefur að undanfögnu haft til skoðunar staðsetningu nýrra svæða undir athafnastarfsemi. Niðurstaða nefndarinnar er að skoða nánar tvo staði, sem hvor um sig gæti rúmað tvö til þrjú hús:

- Á mótum Norðurnesveggar og Jörfavegar.
- Á Breiðabólstaðeyri.

Einnig hefur verið til skoðunar hjá skipulagsnefnd á undanfögnu árum aukin

menningar- og afþreyingarstarfsemi í Haukshúsum og veitingarekstur í Hliði.

Á höfuðborgarsvæðinu hefur orðið sú grundvallarþróun í atvinnulífi á undanförunum árum og áratugum að störf hafa færst frá frumvinnslu og iðnaði yfir í þjónustugreinar. Vegna þessa hefur orðið breyting á staðsetningu atvinnustarfsemi og er nú í auknum mæli farið að huga að blöndun atvinnusvæða og íbúðarbyggðar þar sem ekki er talin vera hætta á hagsmunaaðrekstrum, t.d. vegna hávaða, lyktar og umferðar.

Að mörgu leyti þykir blöndun atvinnulífs og íbúðarbyggðar eðlilegust í miðbæjum eða miðsvæðum, sbr. einnig gr. 4.4.1 í skipulagsreglugerð: „*Par sem aðstæður leyfa má á miðsvæðum gera ráð fyrir íbúðarhúsnæði, sérstaklega á efri hæðum bygginga.*“ Miðsvæði Álftanes og íbúðarsvæðið sunnan skólarsvæðis eru að mörgu leyti kjörin svæði til slíkrar skoðunar. Þar er tenging auðveld við stofnbrautina Álftanesveg og tengibrautir innan sveitar.

### 4.3 Atvinnumöguleikar

Í aðalskipulagi 1993-2013 var gert ráð fyrir að meginfjölgun starfa innan skipulagstímabilsins verði í ferðaiðnaði. Fyrirtæki, sem eru ekki háð nálægð við markað, þ.e. íbúabyggð á höfuðborgarsvæðinu, gætu valið Álftanes vegna náttúru og fríðsældar staðarins. Þetta gæti átt við ýmis rannsóknarfyrirtæki, opinberar stofnanir á sviði náttúrufræða (Náttúrufræðistofnun), minni matvælafyrirtæki, siglingaklúbba, veitinga- og hótélrekstur o.s.frv. Álftanes er tilvalinn staður til ráðstefnuhalds með tilheyrandi gistingu. Umhverfið er rólegt, og með bættri aðstöðu eru möguleikar á útivist góðir og ekki spillir nálægðin við Reykjavík, þannig að möguleikar eru á að nýta sér það, sem höfuðborgin býður upp á.

Árlega kemur fjöldi fólks út á Álftanes vegna Bessastaða. Álftanes er einnig vinsælt útivistarsvæði og þá sérstaklega umhverfið meðfram ströndum og tjörnum. Með því að byggja upp í sveitarfélaginu þjónustu, sem dregur að sér ferðafólk, er hægt að auka verulega fjölda ferðamanna þangað og auka þannig atvinnu í sveitarfélaginu. Sem dæmi mætti nefna ferðapjónustu, menningar-

starfsemi, söfn, ráðstefnuaðstöðu, veitingarekstur, gístaðstöðu, vinnuáðstöðu fyrir listamenn, siglingar og jafnvel gróðurhúsarækt.

Fyrir liggur viðskiptaáætlun Samtaka áhugafólks um menningarhús, SÁUM, um menningar- og náttúrusetun á Álftanesi.

Vegna legu Álftanes og umferðartengsla eins og þau eru nú er nesið ekki hentugt svæði fyrir iðnað, sem þarfnast mikillar umferðar.

Á Breiðabólstaðaeyri er stefnt að byggingu smábátahafnar og þjónustu fyrir þá starfsemi. Þar eru aðstæður góðar frá náttúrunnar hendi, aðdjúpt og svæðið vel varið fyrir úthafsöldu. Í tengslum við bátahöfnina er hugsanlegt að skoða einhvers konar veitingahúsarekstur auk hefðbundinnar hafnarstarfsemi fyrir smábátaeigendur. Skerjafjörður og vogar inn af honum eru náttúruperlur framtíðarinnar og kjörinn vettvangur fyrir siglingar og aðrar vatnaíþróttir.

Í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2000-2024 er gert ráð fyrir að fjölgun starfa á höfuðborgarsvæðinu fram til 2024 verði einkum í verslun og þjónustu. Reiknað er með að uppbygging iðnaðar verði mest í Hafnarfirði, í Geldinganesi og á Hólmsheiði. Ekki er gert ráð fyrir sérstakri fjölgun starfa í iðnaði á Álftanesi. Sú iðnaðarstarfsemi sem um ræðir á þessum svæðum er sérhæfð starfsemi sem ekki verður staðsett innan um aðra byggð.

Út frá áætlunum svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins um fjölgun starfa á Álftanesi frá 1998 um 100 störf fyrir árið 2012 og um 300 störf fram til ársins 2024 er hægt að gera sér í hugarlund fjölgun starfa í sveitarfélaginu sem hér segir:

	Fjöldi starfa		Fjölgun starfa frá 2004	
	1998	2004	2012	2024
Opinber störf (stjórnsýsla, menntastofnanir, þjónusta við aldraða o.fl.)			20	60
Verslun, skrifstofustörf, ferðapjónusta			5	75
Iðnaður og verkþjónusta			5	25
Önnur störf (t.d. vinna heima í gegn um Netið)			10	80
Fjölgun starfa			40	240
<b>Störf alls</b>	<b>100</b>	<b>160</b>	<b>200</b>	<b>400</b>

Tafla 6: Hugmynd að fjölgun starfa á Álftanesi fram til 2012 og 2024.

## 5. Samfélagsþjónusta

### 5.1 Fjölskyldumál

Á íbúáþingi á Álftanesi 15. mars 2003 kom fram að hið litla og nána samfélag á nesinu, ásamt öflugum félagsstarfi og samheldni hjá félagasamtökum í sveitarfélaginu varðandi forvarnastarf þykir mikill styrkur. Einnig að á Álftanesi sé gott umhverfi til að efla heilsuna með útivistarsvæðum, göngustígum og náttúrunni og stutt sé í menningu í þéttbýlinu. Þá þykir fagurt umhverfi styrkja fjölskyldur á Álftanesi svo og samvinna við nágrannasveitarfélögin meðan fámennið ríkir hér.

Á vegum sveitarstjórnar hefur verið unnin fjölskyldustefna fyrir Álftanes, sem ætlað er að skapa heildstæða umgjörð sveitarfélagsins utan um fjölskylduna.

### 5.2 Skólar

#### Almennt

Skólanefnd hefur umsjón með starfi leikskóla og grunnskóla á Álftanesi og tónlistarskólanefnd annast umsjón með málefnum tónlistarskóla.

Góð samvinna hefur verið við Garðabæ um 8. – 10. bekki grunnskóla á undanförunum áratugum og hafa nemendur í þessum árgöngum sótt nám í Garðaskóla. Nú stendur yfir uppbygging unglíngadeildar við Álftanesskóla, sem lokið verður við 2006.

Álftnesingar stunda framhalds- og háskólanám utan sveitarfélagsins. Álftanes og Garðabær hafa staðið sameiginlega með ríkinu að uppbyggingu Fjölbrautaskóla Garðabæjar síðan 1993 og eiga Álftnesingar beina aðild að skólanum.

Á vegum sveitarstjórnar hefur verið unnin samræmd skólustefna fyrir Álftanes, sem ætlað er að skapa heildstæða umgjörð um leikskóla, grunnskóla, tónlistarskóla og vinnuskóla sveitarfélagsins.

#### Leikskóli

Hlutfall 2-5 ára barna lækkaði frá 1991-2002 úr 9,0% í 7,1%. Reiknað er með að hlutfallið lækki enn frekar, sjá **töflu 3**.

Einn leikskóli er rekinn á Álftanesi, Náttúruleikskólinn Krakkakot þar sem lögð er áhersla á nána snertingu við náttúruna og umgengni við dýr. Leikskólinn stendur á skólasvæðinu við Breiðumýri austanverða. Í Krakkakoti eru nú sex deildir. Auk þess er á lóðinni færanlegt kennsluhús, Litlakot. Í framtíðinni verður Krakkakot rekið sem sex deilda leikskóli. Fullbyggður verður leikskólinn með heilsdagsrými fyrir um 140 börn.

Hafin er bygging nýs leikskóla við vestanverða Breiðumýri með heilsdagsrými fyrir um 100 börn.

Gert er ráð fyrir fleiri leikskólum á Álftanesi í takt við íbúafjölgun.

#### Grunnskóli

Hlutfall 6-15 ára barna lækkaði frá 1991 til 2002 úr 22,5% í tæp 20%. Reiknað er með að hlutfallið lækki enn frekar, sjá **töflu 3**.

Einn grunnskóli er rekinn á Álftanesi, Álftanesskóli. Álftanesskóli stendur á skólasvæðinu við Breiðumýri austanverða. Í skólanum var frá stofnun árið 1978 til 2004 eingöngu kennt í 1.-7. bekk. Samstarf var við Garðabæ um 8.-10. bekk grunnskóla í Garðaskóla. Álftanesskóli hefur verið einsetinn frá árinu 1998. Frá árinu 2001 hefur verði unnið að stækkun Álftanesskóla miðað við innkomu unglíngadeildar frá og með hausti 2004, en þá hófst kennsla í 8. bekk í skólanum.

Skólaárið 2004-2005 voru um 340 nemendur í 1.– 8. bekk Álftanesskóla. Frá hausti 2005 verður kennt í 1.– 9. bekk og frá og með hausti 2006 verður Álftanesskóli einsetinn heildstæður grunnskóli fyrir 1.-10. bekk.

### Tónlistarskóli

Tónlistarskóli Álftaness var stofnaður árið 1987. Markmið skólans um eflingu tónlistarlífs og tónlistaruppeldis á Álftanesi eru nánar útfærð í skólastefnu sveitarfélagsins. Skólinn sinnir einkum nemendum á grunnskólaaldri og einnig er samstarf við leikskólann Krakkakot um tónlistaruppeldi yngri barna. Forskóli tónlistarskóla hefur undanfarin ár verið starfræktur í samvinnu við Álftanesskóla. Um 100 nemendur stunduðu nám við skólann skólaárið 2004-2005.

## 5.3 Félagsleg þjónusta

### Almennt

Félagsmálanefnd hefur umsjón með félagslegri þjónustu á vegum sveitarfélagsins. Hægt hefur verið að anna eftirspurn eftir flestum þáttum þjónustunnar.

Góð samvinna hefur verið við Garðabæ um félagsstarf aldraðra á undanförunum árum. Öflugt félagsstarf fyrir eldri borgara er einnig á vegum FEBÁ – Félags eldri borgara Álftanesi. Mikið og gott samstarf er einnig við sóknarnefnd um félagsstarf aldraðra í sveitarfélaginu.

### Húsnæðismál

Eftirspurn eftir leiguhúsnæði hefur verið meira en framboð á undanförunum árum. Tólf nýjar leiguíbúðir Leigufélags Búseta eru við Ásbrekku. Auk þess eru 17 Búsetaíbúðir við Skólatún.

Sambýli fyrir fatlaða einstaklinga var byggt í Miðskógum 22 á árinu 2003. Uppbygging heimilisins var liður í átaki á vegum félagsmálaráðuneytis og Öryrkjabandalags Íslands um að útskrifa fatlaða einstaklinga úr blokkinni við Sunnuhlíðarheimilið í Kópavogi (Kópavogshæli) og finna þeim heimili í íbúðarhverfum vítt og breitt á höfuðborgarsvæðinu. Rekstur heimilisins er á vegum Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra Reykjanesi.

### Málefni aldraðra

Hlutfall eldri borgara á Álftanesi er tiltölulega lágt, miðað við mörg sveitarfélög (**tafla 2**). Líklegt er eldri íbúum fjölgi mikið á Álftanesi á næstu árum og aukin þörf verði fyrir þjónustu við aldraða og sérhannað íbúðarhúsnæði eldri borgara. Á árinu 2005 var undirritaður samningur við hjúkrunarheimilið Eir um samstarf um uppbyggingu og rekstur þjónustumiðstöðvar og öryggisíbúða aldraðra á Álftanesi.

### Hjúkrunarheimili

Sveitarfélagið Álftanes á tvö vistrými á Hrafnistu, dvalarheimili aldraðra í Hafnarfirði.

Á árinu 1998 var stofnað með Garðabær sjálfseignarfélag um rekstur dvalar- og hjúkrunarheimilis við Holtsbúð í Garðabæ til að veita öldruðum íbúum sveitarfélaganna tveggja umönnun og hjúkrun. Þar eru nú rekin 40 hjúkrunarrými auk 10 dagvistarrýma.

Eðlilegt er að aldraðir fái að búa á heimili sínu sem lengst, því þar unir aldrað fólk sér best. Fyrir sveitarfélög er það mun hagstæðari kostur að efla heima-hjúkrun og heimilisþjónustu og gera fólki þannig kleift að vera sem lengst heima. Fjárfesting í hjúkrunarrými í sérstakri stofnun er dýrari valkostur. Þörf fyrir hjúkrunarrými í sveitarfélagi er áætluð út frá fjölda aldraðra þannig (7):

A: 10 rúm á 100 íbúa 70 ára og eldri. B: 4 rúm á 100 íbúa 70-79 ára og 21,5 rúm á 100 íbúa 80 ára og eldri.

Í áformum bæjaryfirvalda er gert ráð fyrir að á nýju þjónustusvæði aldraðra á miðsvæði Álftaness verði byggðar, í tengslum við þjónustumiðstöð, öryggis- og hjúkrunaríbúðir aldraðra sem svari áætlaðri þörf sveitarfélagsins fyrir hjúkrunarrými í framtíðinni.



Aldur	Álftanes 2003		áætlað 2012		áætlað 2024		Garðabær 1994 2003				Reykjavík 1994 2003				Höfuðborgarsvæðið 1994 2003					
	70 ára og eldri	51	2,7%	182	7,0%	256	8,5%	306	4,0%	641	7,2%	9590	9,3%	10771	9,5%	12357	7,9%	15546	8,5%	
70-79 ára	39	2,1%	130	5,0%	166	5,5%	215	2,8%	503	5,7%	6302	6,1%	6681	5,9%	8182	5,2%	10069	5,5%		
80 ára og eldri	12	0,6%	52	2,0%	90	3,0%	91	1,2%	138	1,6%	3288	3,2%	4090	3,6%	4175	2,7%	5477	3,0%		
Hjúkrunarrými	6		18		26															

Tafla 7: Áætluð þörf Sveitarfélagsins Álftaness fyrir hjúkrunarrými 2012 og 2024. Samanburður á aldersdreifingu íbúa, 70 ára og eldri, við Garðabæ, Reykjavík og höfuðborgarsvæðið allt.

## 5.4 Heilbrigðismál

Heilsugæslustöðin Sólvangi í Hafnarfirði þjónar Álftnesingum. Skólahjúkrun er sinnt frá heilsugæslustöðinni Sólvangi og hefur skólahjúkrunarfræðingur aðstöðu í Álftanesskóla vegna starfa sinna þar.

Til skoðunar er að í nýrri þjónustumiðstöð sem fyrirhugað er að rísi á miðsvæði Álftaness verði gert ráð fyrir heilsugæslustöð sem geti annað þjónustu við Álftnesinga.

## 5.5 Kirkja - kirkjugarður

Þegar Álftaneshreppi hinum forna var skipt í Bessastaðahrepp og Garðahrepp árið 1878 voru kirkjusóknir látnar ráða hreppaskilum; Garðasókn og Bessastaðasókn. Bessastaðasókn er í Garðaprestakalli. Á Bessastöðum er talin hafa verið kirkja frá upphafi kristni í landinu. Kirkjan á Bessastöðum, sem er eina kirkjan í sveitarfélaginu, er bændakirkja. Ekkert safnaðarheimili er í sveitarfélaginu.

Við kirkjuna er kirkjugarður, sem enn er notaður í takmörkuðum mæli. Í Bessastaðakirkjugarði er samkvæmt gildandi skipulagi garðsins óráðstafað örfáum legstæðum en auk þess er þar frátekin ákveðinn fjöldi legstæða. Ekki er reiknað með að legstæðum verði fjölgað umfram það sem núverandi skipulag garðsins kveður á um. Samstarf er milli Bessastaðasóknar og Garðasóknar um sameiginleg not sóknanna af kirkjugarðinum í Görðum.

## 5.6 Félagastarfsemi

Menningar- og félagslíf er með miklum blóma í sveitarfélaginu. Rekin er öflug íþrótta- og tólmstundastarfsemi fyrir börn og unglinga á vegum ungmennafélagsins. Starfrækt er kvenfélag, blandaður kór, félag um listir og menningu, hestamannafélag, skátafélag, Lionsklúbbur, Rotary-klúbbur (sameiginlegur með Garðabæ), félag eldri borgara, Rauðakross-deild, fugla- og náttúruverndarfélag, félag smábataeigenda, skógræktarfélag, golfklúbbur, foreldrafélög í skólunum, auk þess sem umfangsmikil starfsemi er á vegum sóknarnefndar.

Það er og verður eitt meginmarkmiða sveitarstjórnar að stuðla áfram að blómlegu menningar- og félagslífi á Álftanesi.

## 6. Samgöngur

### 6.1 Umferðarspár

Álftanes er úthverfi frá meginbyggð höfuðborgarsvæðisins og flestir íbúanna sækja vinnu og þjónustu út fyrir bæjarmörkin. Með vaxandi byggð eykst umferð bíla um Álftanes. Samkvæmt umferðarútreikningum verður heildarumferð um Álftanesveg, stærsta veg sveitarfélagsins, um 7.000 bílar á dag í lok skipulagstímabilsins. Þetta er undir 3 milljónum ökutækja á ári.

### 6.2 Gatnakerfi

Götur á Álftanesi eru flokkaðar í stofnbrautir, tengibrautir, safngötur og húsa-götur eftir eðli umferðar. Tilgangur flokkunar gatna er að stjórna umferðarþunga ásamt umferðarhraða og tryggja umferðaröryggi. Álftanesvegur er **stofnbraut** sem tengir byggð á nesinu við nágrennabyggðarlög. Á Bessastaðagranda taka við **tengibrautirnar** Norðurnesvegur og Suðurnesvegur, sem mynda e.k. hringveg um sveitarfélagið. Höfðabraut, Breiðamýri, Eyvindarstaðavegur, Bakkavegur og Jörfavegur mynda **safngötur** út frá þeim að skólasmæði og íbúðarhverfum. Aðrar götur í sveitarfélaginu eru **húsa-götur**.

### 6.3 Almenningsamgöngur

Sveitarfélagið er aðili að byggðasamlaginu Strætó bs., sem er félag um almenningsamgöngur á höfuðborgarsvæðinu. Strætó bs. var stofnað á árinu 2001 með samruna Strætisvagna Reykjavíkur og Almenningsvagna bs. Almenningsamgöngur á Álftanesi eru fremur illa nýttar nú um stundir og verða að teljast óhagkvæmar. Kostnaður sveitarfélagsins er hár og stafar það einkum af fjarlægð sveitarfélagsins frá annarri byggð á höfuðborgarsvæðinu og dreifðri byggð innan sveitar. Nýtt leiðakerfi Strætó bs. var tekið í notkun á miðju ári 2005.



Mynd 16. Reiknuð hljóðvist meðfram Suðurnesvegi, Norðurnesvegi og Breiðumýri í aðalskipulagi 1993-2013.

### 6.4 Stígar

Á undanförunum árum hefur verið lögð mikil áhersla á lagningu stíga. Stígar tengja saman einstaka byggðarkjarna sveitarfélagsins, einnig íbúðarbyggð og skólasmæði. Víðast hvar eru komnar góðar stígatengingar.

Malbikaður útivistarstígur var lagður frá Bessastaðagrandu inn í Engidal 1996.

Mikil aukning hefur verið í hestamennsku á Álftanesi á undanförunum árum og hefur aukningin ekki síst verið meðal barna og unglunga. Reiðleiðir eru víða og hefur verið samvinna við hestamannafélagið Sóta um byggingu reiðstíga. Meginreiðstígur liggur meðfram vesturströndinni frá Mýrarkoti út í Bessa-staðanes. Einnig er reiðstígur meðfram Norðurnesvegi og Suðurnesvegi. Af öryggisástæðum er mikilvægt að huga að betri aðskilnaði reiðstíga frá bíla-umferð.

## 6.5 Umferðaröryggi

Í febrúar 1996 samþykkti Alþingi þingsályktunartillögu um „stefnumótun er varðar aukið umferðaröryggi og framkvæmdaáætlun“. Þar var kveðið á um að sveitarfélög sem hefðu fleiri en 1000 íbúa skyldu gera framkvæmdaáætlun um leiðir til aukins umferðaröryggis.

Skipulags- og umferðarnefnd Álftaness fékk þetta mál til umfjöllunar 1997 með það fyrir augum að gera drög að slíkri áætlun. Nefndin leitaði eftir hugmyndum íbúa með könnun. Í kjölfarið voru helstu niðurstöður og hugmyndir kynntar með almennum fundum í sveitarfélaginu. Í áætlun sinni lagði skipulags- og umferðarnefnd til að framkvæmdir sem stuðlað gætu að auknu umferðaröryggi yrðu felldar inn í framkvæmdaáætlunir sveitarfélagsins og að hins vegar verði unnið að fræðslu og forvörnum í samvinnu við skólayfirvöld og foreldra.

Flest óhöpp verða á gatnamótum og getur fjöldi og staðsetning gatnamóta ráðið nokkru um slyshættu í sveitarfélaginu. Með fáum en góðum gatnamótum og vegastæði í hæfilegri fjarlægð frá íbúðabyggð er hægt að tryggja greiða og til-  
tölulega örugga umferð. Umferðarhraði um tengibrautir og safngötur er víða mikill og veldur það hættu á slysum. Hringtorg á gatnamótum geta stuðlað að lækkun umferðarhraða og þar með minnkandi slyshættu.

Minnkandi umferð þungavinnutækja og bifreiða um íbúðarhverfi stuðlar að auknu umferðaröryggi.

Í tengslum við endurskoðun aðalskipulags til 2024 hefur Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hf. unnið að mati á umferðaröryggi á Álftanesi fyrir skipulagsnefnd.

## 6.6 Hávaði og loftmengun

Hreint loft og kyrrð eru eftirsótt lífsgæði sem mikilvægt er að tryggja, ekki síst í íbúðahverfum, skólum, dagvistarheimilum og á öðrum stofnunum. Hávaði og loftmengun eru fylgifiskar þéttbýlis (borgarsamfélags). Beita verður þeim tækjum sem tiltæk eru á hverjum tíma, þar með talið skipulagi, til að vernda íbúa fyrir hávaða og óæskilegri loftmengun.

Á Álftanesi hafa ekki verið sérstök vandamál vegna hávaða í íbúðarhúsum frá umferð. Ekki er talið að reisa þurfi hljóðmanir og veggir við umferðaræðar í sveitarfélaginu, enda hafa við deiliskipulagningu á undanförunum árum byggð-areitir sums staðar verið færðir fjær meginumferðargötum. Gerð hljóðmana eða veggja nærri umferðaræðum er kostnaðarsöm aðgerð en getur skilað árangri til varnar fyrir hávaðamengun. Til að slíkar aðgerðir skili árangri þarf að reisa manirnar mjög nærri vegum eða alveg við þau svæði sem á að verja.

Í tengslum við endurskoðun aðalskipulags til 2024 var til hliðsjónar yfirlits- mynd yfir hljóðvist meðfram Suðurnesvegi og Norðurnesvegi miðað við gildandi aðalskipulag (**mynd 16**).

Hávaði og einhver loftmengun eru óhjákvæmilegir en tímabundnir fylgifiskar mikilla framkvæmda við ný hverfi. Ef hljóðvandi kemur upp í húsum, verður hann síst viðráðanlegur á efri hæðum húsa sem standa nærri miklum umferðargötum.

Við umfjöllun um hávaða frá umferð þarf einnig að hafa í huga hávaða frá flug-umferð yfir Álftanesi.

## 7. Veitur

### 7.1 Vatnsveita

Vatnsveita Álftaness kaupir neysluvatn af Samveitum Garðabæjar og tekur við vatninu við Presthól á Garðaholti. Innra eftirlit Samveitna Garðabæjar er formlegt og vottað, sbr. reglugerð nr. 522/1994. Neysluvatn er sótt í borholur í Dýjakrókum, austan við Vífilsstaðavatn. Svæðið er hluti af vatnsverndarsvæði alls höfuðborgarsvæðisins.

Ný stofnlögn var lögð frá tengibrunni vatnsveitunnar á Presthóli og út á Álftanes á árinu 1995. Reiknað er með að flutningsgeta lagnarinnar nægi sveitarfélaginu fullbyggðu. Dreifikerfi vatnsveitunnar er talið í góðu ásigkomulagi, nema á milli Bessastaðagranda og Brekkuhverfisins.

Orkuveita Reykjavíkur tók við rekstri Vatnsveitu Álftaness samkvæmt samningi við sveitarfélagið 1. janúar 2005. Vatnsveita OR fékk gæðavottun samkvæmt ISO staðli árið 1999 og verða gæða- og öryggismál vatnsveitu á Álftanesi færð til sama horfs og er á veitusvæði Orkuveitu Reykjavíkur. Þannig mun vatnsveitan á Álftanesi standast kröfur matvælaíðnaðar og mun Orkuveita Reykjavíkur afla tilheyrandi vottanna því til staðfestu í samræmi við gæðastaðal ISO 9001 og Gámes.

### 7.2 Hitaveita

Á höfuðborgarsvæðinu er öflugt dreifikerfi Orkuveitu Reykjavíkur sem getur séð aukinni byggð á höfuðborgarsvæðinu fyrir heitu vatni. Á Nesjavöllum hefur verið virkjað meira en nýtt er um þessar mundir og aðaladveituæðin til Reykjavíkur getur flutt meira en þörf er fyrir nú um stundir. Orkuveita Reykjavíkur sér Álftnesingum fyrir heitu vatni og annast uppbyggingu aðveitulagnar út á Álftanes og dreifikerfisins á nesinu. Hjá Orkuveitunni eru ekki nein vandkvæði á að sjá Álftanesinu fullbyggðu fyrir heitu vatni.

### 7.3 Rafveita

Hitaveita Suðurnesja hf. annast nú um stundir raforkusölu og dreifingu á Álftanesi. Fyrirtækið á mannvirki og lagnir sem tengjast húsum en sveitarfélagið á lagnir og mannvirki sem tengjast götulýsingu.

Á tímabilinu 1993-1998 voru allar stofnlagnir og dreifikerfi, sem þá voru enn að hluta til staurlagnir ofanjarðar, settar í jörð. Á tímabilinu 1985 – 1995 voru rafmagnstruflanir tíðar á Álftanesi, einkum vegna staurlína sem lágu frá Hafnarfirði, um Garðaholt og út á Álftanes.

Með nýjum raforkulögum hefur reglum um raforkusölu verið breytt og smásala raforku gefin frjáls.

### 7.4 Fráveita

Á árinu 1993 var hafin vinna við gerð heildaráætlunar fyrir fráveitu á Álftanesi. Skilgreindar voru framtíðarþarfir sveitarfélagsins og sett fram grundvallarmarkmið í fráveitumálum. Í nóvember 1996 samþykkti sveitarstjórn síðan heildaráætlun fyrir fráveitu á Álftanesi, þar sem framtíðarþarfir sveitarfélagsins höfðu verið metnar að nýju.

Í heildaráætluninni voru sett fram nánari markmið og lausnir í fráveitumálum sveitarfélagsins ásamt gæðamarkmiðum varðandi viðtaka og markmiðum um meðhöndlun úrgangs. Stofnkostnaður og rekstrarkostnaður mannvirkja var áætlaður og áætlun gerð um framkvæmdatíma.

Samkvæmt heildaráætlun fráveitunnar er gert ráð fyrir að allar útrásir og annað afrennsli fráveitunnar verði smám saman lagt af og allt fráveituvatn verði leitt að einni meginútrás norðan Hrakhólma og þaðan út í sjó. Þegar á

árinu 1996 hóf heilbrigðisfulltrúi mælingar á saurgerlamengun við ströndina til móts við eiðið út í Hrakhólma. Mælingar hafa verið gerðar árlega. Niðurstöður gerlamælinga frá ágúst 2002 og 2003 gefa til kynna að gerlamagn við strandlengju næst útrásaropi geti verið að nálgast efri mörk miðað við að markmið heildaráætlunar sveitarfélagsins haldist. Áfram verður fylgst með þróun mála við strandlengjuna.

Í heildaráætlun fyrir fráveitu á Álftanesi er tekið fram að inni í framtíðarplani fráveitu sé hafður sá valkostur að hverfisrotþróm verði seinna fækkað eða þær lagðar af og í staðinn komi síun skólps úti á Bökkum áður en því er veitt í útrás norðan Hrakhólma.

Í október 2003 var lögð fram í sveitarstjórn heildstæð framkvæmdaáætlun, þar sem metin er staðan varðandi framkvæmdir við útrásir, lagnakerfi og hreinsivirki fráveitunnar og gerð áætlun um uppbyggingu. Í árslok 2004 voru um 370 íbúðir tengdar við meginstofnlögn fráveitunnar og meginútrásina norðan við Hrakhólma, eða um 60% allra íbúða í sveitarfélaginu. Með tengdu dælumannvirki við Sjávargötu fer hlutfallið í 75%. Með tengingu úthlaups við Gesthúsa-vör verða 80% húsa tengd, með Skógtjarnarveitu og tengingu Lambhaga-Miðskógasvæðisins um 88%. Með tengingu úthlaups við Hákotsvör 90% og með tengingu úthlaups við Bjarnastaðavör 94%. Með tengingu allra nýrra hverfa við stofnlögn, eins og gert hefur verið frá því lögnin var byggð, hækkar tengingarhlutfall enn frekar.

Nágrannasveitarfélögin Garðabær og Hafnarfjörður eru að láta kanna þann möguleika að veita skolpi frá norðurbæ Hafnarfjarðar og frá Garðaholti í Garðabæ í sameiginlega útrás út frá Garðaholti.

## 7.5 Fjarskipti – Gagnaflutningar

Landsíminn á einu símsstöðina í bæjarfélaginu, á mótum Breiðumýrar og núverandi aðkomuvegar að skólasvæði. Til stendur að færa þessa stöð og er ný staðsetning símsstöðvar fyrirhuguð norðar við Breiðumýri. Sú stöð mun einnig þjóna öðrum símafélögum. Gsm-loftnet eru nú um stundir á tveimur stöðum, á íþróttamiðstöðinni og á útihúsi við Landakot.

Ljósleiðari liggur inn í bæjarfélagið úr tveimur áttum. Annars vegar undir Skerjafjörð og um Bessastaðanes að Bessastaðagranda og hins vegar meðfram Álftanesvegi að Bessastaðagranda. Þaðan liggur ljósleiðari að símsstöðinni við Krakkakot. Frá árinu 1993 hafa lagnir fyrir ljósleiðara verið lagðar í allar nýjar íbúðargötur í bæjarfélaginu.

Bæjaryfirvöld stefna að uppbyggingu fullkomins gagnaflutningskerfis á Álftanesi og uppsetningu nokkurs konar „bæjarnets“ til þess að auka upplýsingastreymi til íbúa og auðvelda þeim að nýta sér þá þjónustu sem sveitarfélagið býður upp á.

## 7.6 Sorpförgun og gámasvæði

Sveitarfélagið Álftanes er aðili að Sorpu bs., byggðarsamlagi um sorpförgun á höfuðborgarsvæðinu. Höfuðstöðvar Sorpu bs. eru í Gufunesi í Reykjavíkurborg. Sorpa bs. hóf rekstur móttöku- og flokkunarstöðvar í Gufunesi og tók í notkun urðunarstað á Álfsnesi árið 1991. Leyfi til urðunar í Álfsnesi nær til 2014. Á vegum Sorpu er hafin vinna við gerð svæðisáætlunar höfuðborgarsvæðisins í sorphirðu- og sorpförgunarmálum.

Sorpa bs. rekur endurvinnslustöðvar víðs vegar um höfuðborgarsvæðið. Endurvinnslustöðin við Molduhraun í Garðabæ þjónar Álftnesingum. Tveir grenndargámar fyrir pappír og fernur eru nú á Álftanesi, annar við gatnamót Norðurtúns og Norðurnesvegur og hinn á mótum Höfðabrautar og Suðurnesvegur.

Sorphirða á Álftanesi er í höndum verktaka og er sorp að jafnaði hirt á tíu daga fresti.

## 8. Íbúafundir og kynningar á vinnslustigi

### 8.1 Íbúáping 2003

Undirbúningur vegna endurskoðunar aðalskipulags Bessastaðahrepps 1993-2013 hófst með íbúáþingi sem haldið var á vegum skipulagsnefndar 15. mars 2003. Íbúáþingið var auglýst í bæjarblöðum, með sérstöku dreifibréfi í öll hús í sveitarfélaginu, á heimasíðu sveitarfélagsins og með bréfi til allra félagasamtaka og fagnefnda sveitarfélagsins.

Íbúáþingið var haldið í íþróttamiðstöðinni og Álftanesskóla. Alls tóku um 90 manns þátt í þinginu. Viðfangsefni þingsins voru: **Skólamál, fjölskyldumál, umhverfi og útivist, menningarmál og ferðaþjónusta.**

Á íbúáþinginu komu fram margvíslegar hugmyndir og ábendingar um sveitarfélagið og mögulega þróun þess í framtíðinni. Kynningarfundur með þátttakendum um niðurstöður þingsins var síðan haldinn í hátíðarsal íþróttamiðstöðvar 25. mars 2003. Sérstakur kynningarbæklingur um niðurstöður íbúáþingsins var gefinn út og sendur í öll hús í sveitarfélaginu. Bæklingurinn var auk þess til kynningar í heild sinni á heimasíðu sveitarfélagsins.

### 8.2 Áfangaskýrsla 1 – Verkáætlun.

**Áfangaskýrsla 1 – Verkáætlun**, var gefin út 14. janúar 2004. Í skýrslunni var kynnt hlutverk, viðfangsefni og áherslur aðalskipulagsvinnunnar, áætlað skipulagssvæði og skipulagstímabil, upplýsingar um fyrirliggjandi gögn og stefnu annarra áætlana, áformaðir áfangar, verkþættir og helstu tímasetningar auk helstu þátttakenda og samráðs-/umsagnaraðila.

Áfangaskýrsla 1 var kynnt í heild sinni á heimasíðu sveitarfélagsins auk þess sem vakin var athygli íbúa á henni með dreifibréfi í öll hús 22. janúar 2004. Óskað var eftir því að athugasemdir og ábendingar um áfangaskýrsluna bærust

fyrir 13. febrúar 2004. Sérstök athygli var vakin á því að upplýsingar um frekari kynningar og samráð í skipulagsferlinu væri að finna í skýrslunni.

Eftirtalдар ábendingar og athugasemdir bárust við áfangaskýrslu 1:

- Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis. Bréf, dags. 05.02.2004.

### 8.3 Áfangaskýrsla 2 – Forsendur.

**Áfangaskýrsla 2 – Forsendur**, var gefin út í júní 2004. Í skýrslunni var lýst forsendum við endurskoðun gildandi aðalskipulags á Álftanesi og fjallað var um helstu málaflokka sem skipulagið nær til. Þ.á.m. var kynnt staða rannsókna á gróðurfari og fuglalífi og skráning þjóðminja og fornleifa í sveitarfélaginu.

Áfangaskýrsla 2 var kynnt í heild sinni á heimasíðu sveitarfélagsins auk þess sem vakin var athygli íbúa á henni með dreifibréfi í öll hús 6. júlí 2004 og með bréfi til eftirtalinna umsagnaraðila 16. júlí 2004, þar sem óskað var eftir því að hugmyndir, athugasemdir og ábendingar um áfangaskýrsluna bærust fyrir 31. ágúst 2004:

- Skipulagstofnun (svar barst 18.08.2004), Fornleifavernd ríkisins (svar barst 08.09.2004), Umhverfisstofnun (svar barst 29.09.2004), Siglingastofnun Íslands (svar barst 06.10.2004), Vegagerðin (svar barst 04.11.2004), kirkjugarðaráð.
- Skipulagsnefndir sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu: Skipulagsnefnd Kjalarness, skipulagsnefnd Seltjarnarness, skipulagsnefnd Mosfellsbæjar (svar barst 19.09.2004), skipulagsnefnd Garðabæjar (svar barst 08.09.2004), skipulagsnefnd Hafnarfjarðar, skipulagsnefnd Kópavogs (svar barst 16.08.2004), skipulagsnefnd Reykjavíkur (svar barst 30.08.2004).
- Byggðasamlög sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu: Sorpa bs, Strætó bs., Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.

- Nefndir á Álftanesi: Atvinnu-, ferða- og menningarmálanefnd, byggingar- nefnd, félagsmálanefnd (svar barst 04.08.2004), framkvæmdanefnd, íþrótt- og tómstundanefnd, skólanefnd, tónlistarskólanefnd, umhverfisnefnd (svar barst 31.08.2004), heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis (svar barst 31.08.2004).
- Landeigendafélagið á Álftanesi.
- Félög og félagasamtök á Álftanesi: Sóknarnefnd Bessastaðasóknar, FEBÁ- Félag eldri borgara, Dægradvöl, Kvenfélagið, Lionsklúbbur Álftaness, Ungmennafélag Álftaness, Skátafélagið Svanir, Hestamannafélagið Sóti, Golfklúbbur Álftaness, Skógræktarfélag Álftaness, RKÍ-deild Álftaness, Fugla- og náttúruverndarfélag Álftaness, SÁUM-Samtök áhugafólks um menning- arhús, Félag smábátæigenda, Álftaneskórinn.
- Forstöðumenn stofnana á Álftanesi: Álftanesskóli, Leikskólinn Krakkakot, Tónlistarskóli Álftaness, íþróttamiðstöð, bókasafnið, bæjarskrifstofa, félags- þjónustan, þjónustumiðstöðin, byggingarfulltrúi.
- Aðrir á Álftanesi: Foreldra- og kennarafélag Álftanesskóla, foreldrafélög leikskólans Krakkakots og tónlistarskólans.
- Auk framangreindra bærust eftirtalin svör við útsendri kynningu: Svar frá þremur íbúum barst 27.08.2004, svar frá eigendum jarðarinnar Grundar og hluta jarðarinnar Breiðabólstaða barst 31.08.2004, svar frá eigendum jarð- arinnar Akrakots barst 31.08.2004.

## 8.4 Kynningarfundir á vinnslustigi skipulagstillögu

Skipulagsnefnd stóð fyrir almennum kynningarfundum um endurskoðun aðal- skipulags á Álftanesi 14. júní 2004. Alls sátu um 70 manns kynningarfundinn. Á fundinum var farið yfir forsendur í áfangaskýrslu 2, kynnt var gerð umhverf- isskýrslu með aðalskipulagi og verkefni við mat á umferðaröryggi á Álftanesi.

Skipulagsfulltrúi hélt kynningarfund með forsvarsmönnum nokkurra félaga á Álftanesi um málefni Haukshúsa í aðalskipulagi 2005-2024 þann 28. sept- ember 2004 og kynningarfund með stjórn Golfklúbbs Álftaness um valkosti varðandi framtíðargolfvöll í aðalskipulagi 2005-2024 þann 30. september 2004.

Almennur kynningarfundur (borgarafundur) var um tillögu skipulagsnefndar að aðalskipulagi þann 10. mars 2005. Kynnt var tillaga að aðalskipulagi 2005- 2024, skipulagshugmyndir af miðsvæði og norðurnesinu og niðurstöður verk- efnis um mat á umferðaröryggi í tengslum við aðalskipulagið.

## 8.5 Áfangaskýrsla 3 – Drög að aðalskipulagstillögu ásamt umhverfismatsáætlun.

**Áfangaskýrsla 3 – Drög að aðalskipulagstillögu ásamt umhverfismatsáætlun,** var gefin út í október 2004. Tilgangur með framlagningu skýrslunnar var að kynna almenningi og umsagnaraðilum tillögu skipulagsnefndar að stefnu- mörkun og meginmarkmiðum við mótun nýrrar aðalskipulagstillögu og að gefa yfirlit yfir hvernig vinna við umhverfimat aðalskipulagstillögu fari fram.

Áfangaskýrsla 3 var kynnt í heild sinni á heimasíðu sveitarfélagsins auk þess sem vakin var athygli íbúa á henni með dreifibréfi í öll hús og með bréfi til eftirtalinna umsagnaraðila 6. október 2004, þar sem óskað var eftir því að hugmyndir, athugasemdir og ábendingar um áfangaskýrsluna bærust fyrir 22. október 2004. Áfangaskýrsla 3 lá frammi á íbúapingi 16. október 2004.

- Skipulagstofnun, forsætisráðuneyti, Vegagerðin (svar barst 04.11.2004).
- Nefndir á Álftanesi: Atvinnu-, ferða- og menningarmálanefnd, byggingar- nefnd, félagsmálanefnd, framkvæmdanefnd, íþrótt- og tómstundanefnd, skólanefnd, tónlistarskólanefnd, umhverfisnefnd, heilbrigðisnefnd Hafnar- fjarðar- og Kópavogssvæðis (svar barst 20.12.2004).
- Félög og félagasamtök á Álftanesi: Sóknarnefnd Bessastaðasóknar, FEBÁ- Félag eldri borgara, Dægradvöl, Kvenfélagið, Lionsklúbbur Álftaness, Ungmennafélag Álftaness, Skátafélagið Svanir, Hestamannafélagið Sóti, Golf- klúbbur Álftaness, Skógræktarfélag Álftaness, RKÍ-deild Álftaness, Fugla- og náttúruverndarfélag Álftaness (svar barst 28.10.2004), SÁUM-Samtök áhugafólks um menningarhús, Félag smábátæigenda, Álftaneskórinn.
- Forstöðumenn stofnana á Álftanesi: Álftanesskóli, Leikskólinn Krakkakot, Tónlistarskóli Álftaness, íþróttamiðstöð, bókasafnið, bæjarskrifstofa, félags- þjónustan, þjónustumiðstöðin og byggingarfulltrúi.

- Aðrir á Álftanesi: Foreldra- og kennarafélag Álftanesskóla, foreldrafélög leikskólans Krakkakots og tónlistarskólans.
- Auk framangreindra bærust eftirtalin svör við útsendri kynningu: Svar frá eigendum jarðarinnar Halakots barst 18.10.2004 og svar frá eigendum Tjarnarlands og jarðarinnar Skógtjarnar barst 31.08.2004.

## 8.6 Íbúáþing 2004

Síðara íbúáþing skipulagsnefndar um endurskoðun aðalskipulags sveitarfélagsins var haldið í íþróttamiðstöð sveitarfélagsins og Álftanesskóla 16. október 2004. Íbúáþingið var auglýst í bæjarblöðum, með sérstöku dreifibréfi í öll hús í sveitarfélaginu, á heimasíðu sveitarfélagsins og með bréfi til allra félagasamtaka og fagnefnda sveitarfélagsins.

Þingið hófst með kynningu á fyrirliggjandi drögum að endurskoðaðri skipulagstillögu, sem var í vinnslu hjá skipulagsnefnd. Umræðuefni íbúáþingsins skiptist í tvo meginþætti: **Sambúð manns og náttúru** annars vegar og **uppbyggingu atvinnu og þjónustu** hins vegar.

Líkt og á fyrra íbúáþinginu, sem haldið var í mars 2003, var þátttaka í þinginu góð og tóku alls um 90 manns þátt í stefnumótunarvinnu sveitarfélagsins þennan dag.

Eftir íbúáþingið var samantekt á niðurstöðum þingsins til kynningar í heild sinni á heimasíðu sveitarfélagsins.



## 9. Heimildir og tengt efni

1. Sveitarfélagið Álftanes: Greinargerð með aðalskipulagi 1984-2004. Janúar 1986.
2. Sveitarfélagið Álftanes: Greinargerð með aðalskipulagi 1993-2013. Desember 1993.
3. Sveitarfélagið Álftanes: Áætlun um sjálfbæra framtíð – Staðardagskrá 21.
4. Skipulagsnefnd Álftaness: Efni frá íbúáþingum í mars 2003 og október 2004.
5. Náttúrufræðistofnun Íslands. Skýrslan „Gróðurfar og fuglalíf á Álftanesi“, NÍ-04012, júní 2004.
6. Fornleifastofnun Íslands. Menningarminjar á Álftanesi. Skýrsla FS237-04031, 2004.
7. Hjúkrunarheimilið Eir; Öldrunarsetur Garðabæ. Frumathugun í ágúst 2003.
8. Sveitarfélagið Álftanes. Hjúkrunarheimili aldraðra. Frumathugun í júlí 1996.
9. Fuglalíf á Bessastöðum. Ævar Petersen 1993.
10. Fuglalíf – varpfuglar á nokkrum svæðum á Álftanesi 1996. Guðmundur A. Guðmundsson.
11. Árbækur hins íslenska fornleifafélags 1966 og 1981.
12. Samvinnunefnd um svæðisskipulag: Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2001-2024. Desember 2002.
13. Aðalskipulagsáætlanir Reykjavíkurborgar, Kópavogsbæjar, Hafnarfjarðarbæjar, Mosfellsbæjar, Seltjarnarnesbæjar og Garðabæjar.
14. Lög og reglugerðir á heimasíðu Skipulagsstofnunar.
15. Lög og reglugerðir á heimasíðu Umhverfisstofnunar.
16. Ólafsvíkuryfirlýsingin. Yfirlýsing um framlag íslenskra sveitarfélaga til sjálfbærrar þróunar. Október 2000.
17. Skipulagsstofnun: Leiðbeiningar um gerð aðalskipulags, ferli og aðferðir, 2003.



# STEFNUMÖRKUN OG SKIPULAGSÁKVÆÐI



# 1. Forsendur – Leiðarljós – Markmið

Í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 segir svo um aðalskipulag:

„Aðalskipulag er skipulagsáætlun fyrir eitt sveitarfélag. Sveitarstjórn ber ábyrgð á að gert sé aðalskipulag og skal það taka til alls lands innan viðkomandi sveitarfélags. Í aðalskipulagi er sett fram stefna sveitarstjórnar um landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfi, umhverfismál og þróun byggðar. Þar er mörkuð stefna varðandi þéttleika byggðar og byggðamynstur. Sveitarstjórnir ákveða lengd skipulagstímabils hverju sinni, sem skal eigi vera skemmra en 12 ár, og gera í skipulagsáætlun grein fyrir samhengi áætlunarinnar og einstakra þátta hennar við langtímaþróun sveitarfélagsins. Um gerð aðalskipulags gilda ákvæði í gr. 3.1.1 og 4. kafla reglugerðar þessarar eftir því sem við getur átt.“

Aðalskipulag myndar ramma um deiliskipulagsáætlanir og framkvæmda- og fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins. Aðalskipulag er samþykkt af sveitarstjórn og öðlast gildi við staðfestingu umhverfisráðherra og auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda í kjölfarið.

## 1.1 Forsendur aðalskipulags

Í skýrslunni *Aðalskipulag Álftaness 2005-2024 – Forsendur*, er fjallað um forsendur þeirra málaflokka sem aðalskipulagið nær til.

Staðfest *Aðalskipulagsáætlun Álftaness 2005-2024* samanstendur af landnotkunaruppdrætti og þremur greinargerðum: 1. Forsendur, 2. Stefnumörkun og skipulagsákvæði og 3. Umhverfisskýrsla. Auk landnotkunaruppdráttar eru þemauppdrættir í greinargerð þessari sem sýna stefnu og ákvæði sem ekki er gerð grein fyrir á landnotkunaruppdrætti aðalskipulagsins.

## 1.2 Leiðarljós

**Leiðarljós** lýsir almennum grundvallaratriðum í aðalskipulagi sem oftast geta staðið óbreytt í langan tíma. Það tekur á öllum helstu þáttum aðalskipulagsins, eins og íbúðarbyggð, atvinnumálum, samfélagsþjónustu og umhverfismálum.

**Tilgangur með leiðarljósi** er að skapa sameiginlega framtíðarsýn stjórnvalda, almennings og annarra hagsmunaaðila á þróun samfélagsins.

Aðalskipulag sveitarfélagsins, með **stefnumörkun** í einstökum málaflokkum, er síðan verkfærið sem **gerir framtíðarsýnina að veruleika**.

**Markmið** beina sjónum að meginmálaflokkum sem fjallað er um í aðalskipulaginu, t.d. íbúðarbyggð, atvinnumálum, samfélagsþjónustu og umhverfismálum.

Markmið eru útfærsla á leiðarljósinu og lýsa **almennri langtímastefnu** í einstökum meginmálaflokkum og markmið lýsa **grundvallarsjónarmiðum**, annars vegar í einstökum meginmálaflokkum í skipulagsgreinargerð og hins vegar við afmörkun svæða og staðsetningu mannvirkja á skipulagsuppdráttum.

Markmið eru því **eins konar vegvísar** í aðalskipulagsvinnunni og með þeim eru **lagðar ákveðnar línur** fyrir útfærslu aðalskipulagstillögunnar.

**Leiðir í einstökum málaflokkum** eru settar fram á grundvelli markmiða. Með þeim er **nánar útfærð stefna** sveitarfélagsins varðandi einstök viðfangsefni eða málaflokka í skipulagsmálum. Með skilgreiningu leiða til að ná fram markmiðum í einstökum málaflokkum er sagt til um hvernig landnotkun er útfærð í aðalskipulaginu sjálfu, hvaða reglur gilda um landnotkun á tilteknu svæði, hvaða takmarkanir eru á landnotkun eða hvaða viðmið skulu höfð til hliðsjónar við deiliskipulagningu einstakra hverfa.

Leiðarljós í aðalskipulagi Álftaness:

**Sveit í borg**

**Fagurt mannlíf og samfélag í heilbrigðu, náttúrulegu umhverfi**

**Öflug menntun - aukin menning og atvinna - góð lífsskilyrði íbúa**

**Samvinna gæði borgar- og sveitarlífs**

## 2. Landnotkun

### 2.1 Umhverfi og útivist

Umhverfisstefna Álftaness byggir á hugmyndafræði um sjálfbæra þróun samfélagsins, þ.e. að ákvarðanir sem teknar eru af núlifandi kynslóðum og framkvæmdir sem farið verður út í, skerði ekki lífsmöguleika og lífsgæði komandi kynslóða, að byggðapróun og landnýting leiði ekki til umhverfisaskaða og að tekið sé mið af framtíðarhagsmunum við alla ákvarðanatöku.

Í aðalskipulagi Álftaness 2005-2024 er lagt upp úr fögru umhverfi sveitarfélagsins, verndun svæða, hóflegri nýtingu og endurheimt landgæða. Á aðalskipulagsupprætti eru merkt sérstaklega þau svæði, sem njóta eiga verndar og hefur Náttúruminjaskrá verið lögð þar til grundvallar.

#### 2.1.1 Markmið

Sveitarfélagið Álftanes hyggst vera í fararbroddi meðal sveitarfélaga í umhverfisstarfi sem vistvænt sveitarfélag, þar sem náttúruvernd og heilnæm samskipti manns og náttúru verði í fyrirrúmi. Stefnt er að því að lífsgæði á Álftanesi aukist með aukinni umhverfisvitund íbúa.

Leitast verður við að vernda ósnortna náttúru og menningarsögulegar minjar og varðveita þar með auðlegð sveitarfélagsins og sóknarfæri henni tengd.

Sjálfbær þróun í anda Staðardagskrár 21 verði höfð að leiðarljósi í rekstri, þróun og uppbyggingu á Álftanesi.

Auka fjölbreytni framboðs fyrir útivist og íþróttir í náttúrulegu og öruggu umhverfi í nálægð byggðarinnar.

Lífsskilyrði á Álftanesi bjóði upp á að íbúar lifi í nánum tengslum við og taki ábyrgð á umhverfinu.

Varðveita sérstöðu Álftaness sem „sveit í borg“.



Mynd 1. Landnotkunarupprætti aðalskipulags 2005-2024.

#### 2.1.2 Leiðir

Til þess að undirstrika sérstöðu Álftaness með sínum löngu ströndum eru stór svæði afmörkuð sem verndarsvæði, þ.e. í formi hverfisverndar eða sem friðlýst svæði. Með þessu er jafnframt verið að áréttta það markmið að byggð á Álftanesi sé umkringd ósnortinni náttúru. Hverfisvernd þýðir að ákveðnar umgengisreglur gilda um tiltekin svæði (sjá bls. 12). Hverfisvernd er jafnframt tæki fyrir sveitarfélagið til að stýra notkun svæða þannig að allar framkvæmdir þar sæti sérstakri skoðun skipulagsnefndar.



Mynd 2. Frá almennum kynningarfundum á aðalskipulagstillögu 10. mars 2005.

Almennt er í aðalskipulaginu leitast við að varðveita sérstöðu og yfirbragð Álftaness sem byggðar í náttúrulegu umhverfi með stórum opnum grænum svæðum og fjölbreyttum útivistarmöguleikum. Með þetta í huga hefur þess verið gætt að draga úr umfangi byggingarlands frá eldra aðalskipulagi (**mynd 1**).

Víðtækt stígakerfi er afmarkað, þ.e. aðalstígar, útivistarstígar/náttúrustígar og reiðstígar á öllu Álftanesi. Útivistarstígar liggja um fallega náttúru, aðallega meðfram stöndum nessins og um verndarsvæði. Ytri hringur meðfram sjó og einnig stígar að Bessastöðum verða náttúrustígar til útivistar sem bjóða upp á upplifun af náttúru og sérstöðu byggðar á nesinu. Aðalstígar bjóða upp á greið göngutengsl milli miðsvæðis og íbúðarsvæða í allar áttir.

Afmörkun íþróttasvæða í nágrenni við skólasvæði og merking opinna svæða til sérstakra nota er víða á aðalskipulagsuppdraetti (**mynd 5**).

## Óbyggð svæði

Samkvæmt skipulagsreglugerð eru óbyggð svæði opin svæði til almennrar útiveru eða takmarkaðrar umferðar fólks og þar sem ekki er gerð ráð fyrir mannvirkjagerð.

Álftanes hefur á undanförunum árum og áratugum smám saman verið að breytast úr dreifðu bændasamfélagi í þéttari bæjarmynd með nýjum áherslum. Sveitarfélagið er skilgreint sem eins konar sveit á höfuðborgarsvæðinu og þar má finna fjölskrúðug og lítt röskuð vistkerfi fugla og plantna. Vegna sérstöðu sinnar er sveitarfélagið vinsælt til útivistar, fræðslu og náttúruskoðunar. Í aðalskipulagi er lagt upp úr fögru umhverfi sveitarfélagsins, verndun svæða, hóflegri nýtingu og endurheimt landgæða.

Fjölbreytt lífríki er í fjörum umhverfis Álftanes og eru þær víðast óspilltar af mannavöldum. Hreinar og greiðfærar fjörur eru dýrmæt útivistarsvæði og lífríkar fjörur í nánd við þéttbýli hafa ómetanlegt fræðslugildi. Fjörur, sérstaklega leirur, gegna mikilvægu hlutverki sem áningar- og fæðuöflunarstaður farfugla. Sérlega lífríkar fjörur eru við Hlið, Hliðsnes, Landakot, Bessastaðanes og Lambhúsatjörn.

Í aðalskipulagi Álftaness 2005-2024 er lögð áhersla á verndun óspilltrar náttúru og tengsl byggðar við umhverfið. Núverandi sérstöðu Álftaness sem yfirbragð *sveitar í borg*, verður haldið við, m.a. með stórum opnum grænum svæðum og fjölbreyttum útivistarmöguleikum.

Stefnt er að því að öll beit búfjár verði innan girðinga á Álftanesi eða í sameiginlegu beitahólfi með Hafnarfirði og Garðabæ í landi Krísvíkur. Stefnt er að markvissri fækkun girðinga í sveitarfélaginu og að girðingum í notkun verði haldið vel við.

Til þess að undirstrika sérstöðu Álftaness með sínum löngu ströndum eru stór svæði afmörkuð sem verndarsvæði, þ.e. í formi hverfisverndar eða sem friðlýst svæði. Með þessu er jafnframt verið að byggja undir það markmið um að byggð á Álftanesi sé umkringd ósnortinni náttúru.



Stór landsvæði á Álftanesi teljast til óbyggðra svæða, þ.m.t. verndarsvæði samkvæmt lögum um náttúruvernd, fjörur á náttúruminjaskrá og hverfisverndarsvæði. Almenn útvistarsvæði eru hér einnig skilgreind sem óbyggð svæði, önnur en þau svæði sem skilgreind eru sem opin svæði til sérstakra nota. Um óbyggðu svæðin liggja stígar og þar er gert ráð fyrir ýmiss konar útvistaradstöðu, s.s. fuglaskoðunarskýlum.

Skipulagi í upplandi Almenningskóga Álftnesinga (mynd 3) er frestað vegna óvissu um eignamörk á umræddu svæði. Er það til samræmis við aðalskipulag Grindavíkur 2000-2020 og tillögu að aðalskipulagi Garðabæjar 2004-2016. Aðkoma að svæðinu er um Bláfjallaveg sem er einkum aðkomuleið að skíðasvæðunum í Bláfjöllum og útvistarleiðum í Reykjanes- og Bláfjallafólkvöngum. Skógræktarfélag Álftaness hefur stundað skógrækt og landgræðslu á svæðinu um nokkurra ára skeið.


### Opin svæði til sérstakra nota

Samkvæmt skipulagsreglugerð eru opin svæði til sérstakra nota svæði með útvistargildi á einn eða annan hátt þar sem gert er ráð fyrir mannvirkjagerð í tengslum við þá starfsemi sem þar er stunduð, s.s. tjald- og hjólhýsasvæði, skrúðgarðar, kirkjugarðar, leiksvæði, golfvellir, sleða- og skíðasvæði, siglinga- aðstaða, hesthús og reiðvellir svo og garðlönd og trjáræktarsvæði.

Eitt megininkenni Álftaness er tiltölulega dreifð byggð með stórum útvistarsvæðum. Í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2000-2024 hefur því merki verið haldið á lofti að sveitarfélagið gegni því hlutverki að vera „sveit í borg“. Aðalskipulag sveitarfélagsins í gegn um árin ber með sér að slíkt geti verið raunhæft. Sem dæmi má nefna að Álftanes er afar vinsælt svæði fyrir göngufólk og fyrir þá sem stunda fuglaskoðun og aðra náttúruskoðun.

Útvistarsvæðum er hér í meginatriðum skipt í tvo flokka:

- Gönguleiðir, opin svæði og fólkvangar.
- Íþróttasvæði og leikvellir.




Mynd 3. Almenningskógar Álftnesinga.


Rík áhersla hefur verið lögð á gönguleiðir, bæði meðfram sjónum og innan byggðar (**mynd 4**). Stór opin svæði eru í Bessastaðanesi og meðfram ströndinni og tjörnum. Hlið og hluti fjörunnar hefur verið friðað sem fólkvangur og frekari friðun svæða er áformuð.

Tvö meginíþróttasvæði eru á Álftanesi, norðvestan íþróttamiðstöðvar undir íþróttavelli og austan við Mýrarkot fyrir hestaíþróttir. Í sveitarfélaginu eru nú átta hverfisleikvellir. Auk þess eru leiksvæði við Álftanesskóla og leikskólann Krakkakot og smíðavöllur er rekinn á sumrin hjá skátaheimilinu við Breiðumýri. Sparkvellir eru vestan Höfðabrautar og neðan við Vesturtún. Í sveitarfélaginu hafa verið starfræktir skólagarðar í tengslum við vinnuskóla.

Stefnt er að því að varðveita sérstöðu og yfirbragð Álftaness sem „sveitar í borg“ og viðhalda stöðu sveitarfélagsins sem vinsælu svæði fyrir göngufólk og



Mynd 4. Helstu stígar og gönguleiðir.



Mynd 5. Formun útivistarsvæða.

fyrir þá sem stunda fuglaskoðun og aðra náttúruskoðun í náttúrulegu umhverfi með stórum opnum grænum svæðum og fjölbreyttum útivistarmöguleikum.

Stefnt er að því að Bessastaðanes verði í framtíðinni gert að slíku svæði með fjölbreyttum útivistarmöguleikum manna og dýra í sérstæðu umhverfi.

Við formun útivistarsvæða í aðalskipulagi Álftaness er áfram lögð áhersla á að myndaðar verði keðjur samtengdra svæða. Í framkvæmd er myndin þessi, sjá mynd 5:

- Innsti kjarninn er við íbúðarhús. Lóðirnar tengjast síðan leik- og útivistarsvæðum hverfisins.
- Íbúðarhverfi eru nokkur saman um stærri leikvanga og útivistarsvæði fyrir börn og fullorðna.
- Eftir því sem landslag og aðrar aðstæður leyfa er síðan gert ráð fyrir því að innan þéttbýlisins sé hægt að komast fótgangandi eða hjólandi milli hverfa.
- Þessi keðja útivistarsvæða sem hefst heima við húsvegginn er tengd saman

með öruggum gönguleiðum. Keðjan heldur síðan áfram út fyrir mörk sveitarfélagsins og tengist það nágrannabyggðunum.

Opin svæði til sérstakra nota í aðalskipulagi Álftaness 2005-2024 eru fjölbreytt og um margt ólík. Hér verða talin upp núverandi og fyrirhuguð svæði.

#### Íþróttasvæði

Tvö meginíþróttasvæði eru áfram auðkennd í aðalskipulagi Álftaness, norðvestan íþróttamiðstöðvar undir íþróttavelli og austan við Mýrarkot fyrir hestaíþróttir (svæði Í1 og Í2). Á svæði Í1 hefur verið rædd staðsetning fjölnotahúss, sem m.a. myndi nýtast sem lítið knattspyrnuhús, reiðskemma og inniaðstaða fyrir golf.

#### Golfvöllur

Á Norðurnesinu, norðan Norðurnesvegjar, verður byggður níu holu golfvöllur með golfskála, þjónustuvegi og stígum um vallarsvæðið, sem ætlaðir eru til

efnisflutninga og vélaumferð um völlinn, en nýttast jafnframt sem hluti stíga-kerfis fyrir útivistarfólk. Stefnt er að fjölbreyttum golfvelli þar sem náttúra svæðisins sé höfð í fyrirrúmi. Við deiliskipulagningu og uppbyggingu svæðisins þarf að gæta þess að golfvöllurinn samræmist umhverfissjónarmiðum og náttúruvernd á svæðinu. Einnig skal gætt að mengunarvörnum vegna frárennslis. Uppbygging og viðhald vallarins miði að því að vernda og viðhalda því náttúrufari sem fyrir er og bæta fyrir þær breytingar sem fyrri notkun svæðisins hefur í för með sér (svæði G). Gert er ráð fyrir að völlurinn verði að mestu mótaður úr efni á staðnum og að ekki verði þörf á miklu af aðfluttu efni.

### Leiksvæði

Á landnotkunaruppdrætti aðalskipulags Álftanes 2005-2024 verða eftirtalin svæði merkt sem leiksvæði:

- Við Haukshús. Fjölbreytt nýting fyrir alhliða útivist, boltavelli, púttvelli o.fl. (svæði L1).
- Við skátaheimili. Útivistarsvæði skáta með leiksvæðum og smíðavelli (svæði L2).
- Sunnan við Birkiholt. Fjölnota grasflöt og leiksvæði (svæði L3).
- Innan íbúðarhverfa verða auk þess hverfisvellir sem ekki eru sérstaklega auðkenndir á landnotkunaruppdrætti aðalskipulags (sjá séruppdrátt í kafla 5.2).

### Siglingaaðstaða

Á Breiðabólstaðaeyri er gert ráð fyrir fjölbreyttri útivistaraðstöðu. Þ.á.m. hafa þar verið skoðaðir möguleikar á aðstöðu til siglingaíþróttar (svæði Si). Við deiliskipulagningu og uppbyggingu svæðisins þarf að gæta þess að siglingaaðstaðan samræmist umhverfissjónarmiðum og náttúruvernd á svæðinu. Einnig skal gætt að mengunarvörnum vegna frárennslis.

Í tengslum við bátahöfnina er hugsanlegt að skoða einhvers konar veitingahúsarekstur auk hefðbundinnar hafnarstarfsemi fyrir smábátaeigendur.

- Breiðabólstaðaeyri: Hefðbundin starfsemi fyrir smábátaeigendur og möguleiki á einhvers konar veitingahúsarekstri. Nýtingarhlutfall 0,25-0,50.

### Hesthúsasvæði og reiðvellir

**Hestaíþróttasvæði með reiðvelli við Breiðumýri** (svæði Í2): Gert er ráð fyrir að

mótuð verði stefna um hesthúsabyggingar á svæðinu, á meðan unnið verður að uppbyggingu nýs hesthúsasvæðis á Álftanesi. Ekki verður heimiluð fjölgun hesthúsa á svæðinu.

**Nýtt hesthúsasvæði:** Stefnt er að því að skipuleggja og byggja nýtt hesthúsahverfi á Álftanesi. Ýmsir kostir hafa verið skoðaðir, í Hliði, á bökkunum milli Mýrarkots og Hólmatúns, við Kasthúsatjörn vestan Blikastígs og á Breiðabólstaðaeyri. Í aðalskipulagi 2005-2024 er litið til Breiðabólstaðaeyrar, en þar er hesthúsabyggð einna síst talin trufla þróun íbúðarbyggðar á Álftanesi til framtíðar. Auðvelt er að tengja hesthúsabyggð þar núverandi reiðvegakerfi í sveitarfélaginu. Við deiliskipulagningu og uppbyggingu svæðisins þarf að gæta þess að hesthúsasvæðið samræmist umhverfissjónarmiðum og náttúruvernd á svæðinu. Einnig skal gætt að mengunarvörnum vegna frárennslis og að starfsemin hafi ekki neikvæð áhrif á íbúðabyggð.

- Breiðabólstaðaeyri: Hefðbundin starfsemi fyrir hesthúsabyggð. Nýtingarhlutfall 0,25-0,50.

### Tjaldsvæði

Ekki er auðkennt neitt sérstakt tjaldsvæði á landnotkunaruppdrætti en slíkt svæði er áformað við skátaheimilið hjá Breiðumýri í tengslum við aðra starfsemi þar (svæði T).

### Garðlönd

Skólagarðar og garðlönd eru starfrækt í tengslum við vinnuskóla sveitarfélagsins.

### Brennusvæði


Gert er ráð fyrir varanlegu brennusvæði fyrir brennur, þ.á.m. áramóta- og þrettándabrennur, á svæðinu milli Mýrarkots og Hólmatúns, en þar hafa áramóta-brennur sveitarfélagsins verið um margra ára skeið (svæði merkt Br).

### Skrúðgarðar

Skrúðgarðar eru við Hof og Asparvík (svæði merkt Skr).

### Frísvæði fyrir hunda

Í 3. gr. samþykktar um hundahald á Álftanesi, Garðabæ, Hafnarfirði og



Mynd 6. Svæði á Náttúruminjaskrá í Sveitarfélagið Álftanesi

Kópavogi nr. 154/2000 segir að sveitarstjórnir geti látið merkja ákveðin afmörkuð svæði þar sem hundaeigendur geti sleppt hundum sínum lausum. Ekki er gert er ráð fyrir frísvæði fyrir hunda á Álftanesi í aðalskipulagi 2005-2024.

### Náttúruverndarsvæði

Samkvæmt skipulagsreglugerð teljast til náttúruverndarsvæða annars vegar friðlýst svæði, þ.e. náttúruvætti, friðlönd, þjóðgarðar og fólkvangar, og hins vegar svæði á náttúruminjaskrá. Einnig afmörkuð svæði á landi og sjó sem njóta verndar vegna náttúru eða landslags. Um náttúruverndarsvæði gilda lög um náttúruvernd ásamt auglýsingum um einstök svæði í Stjórnartíðindum og sérlögum um verndun einstakra svæða.

Stefnt er að verndun náttúruminja í sveitarfélaginu og friðun þeirra þar sem þess er þörf. Einkum skal hugað að ósnortinni ströndu og grunnsævi, mikilvægum gróðursvæðum og búsvæðum fugla auk sérstakra svæða fyrir almenna útivist og náttúruskoðun.

Á árunum 2003 og 2004 gerði Náttúrufræðistofnun Íslands sérstaka úttekt á gróðurfari og fuglalífi á Álftanesi fyrir tilstuðlan bæjarstjórnar Álftaness vegna mótunar aðalskipulags 2005-2024. Markmið rannsóknarinnar var að afla gagna um athyglisverðustu gróðurfélögin og helstu búsvæði fugla á Álftanesi. Verkinu lauk í júní 2004 og var þá gefin út skýrslan „Gróðurfari og fuglalíf á Álftanesi“, NÍ-04012, júní 2004 (4) og voru niðurstöður rannsóknarinnar notaðar við mótun aðalskipulags Álftaness 2005-2024.


Í aðalskipulagi Álftaness 2005-2024 eru náttúruverndarsvæði auðkennd og gerð grein fyrir staðsetningu þeirra og helstu einkennum og hvaða landnotkun er fyrirhuguð á svæðunum. Þar sem mannvirkjagerð er fyrirhuguð á náttúruverndarsvæðum verður gerð nánari grein fyrir henni í deiliskipulagi og hvaða reglur gilda á hverju þeirra um umgengi.

### Friðlýst svæði


Kasthúsátjörn var friðlýst árið 2002 sem friðland að hluta með sérstakri auglýsingu umhverfisráðuneytisins og er stefnt að því að öll tjörnin falli undir þau ákvæði náttúruverndarlaga. Meginhluti jarðarinnar Hliðs og fjaran norðan Kasthúsátjarnar voru friðlýst árið 2002 sem fólkvangar með sérstakri auglýsingu umhverfisráðuneytisins. Stefnt er að því að Breiðabólsstaðatjörn verði friðuð sem friðland, að fólkvangurinn í Hliði verði stækkaður næst íbúðarbyggð við Búðarflöt og að strandlengjan öll, frá sveitarfélagamörkum að Garðabæ við Oddakot norður að Kasttanga á Breiðabólsstaðaeyri, verði friðuð sem fólkvangur.

### Svæði á Náttúruminjaskrá

Svæði sem eru á formlegri Náttúruminjaskrá í Sveitarfélaginu Álftanesi eru sýnd á mynd 6. Þau þeirra sem ekki hafa þegar verið friðlýst eða verða sett undir hverfisvernd í aðalskipulagi 2005–2024 eru áfram merkt á aðalskipulagsupprætti sem svæði á Náttúruminjaskrá (Bessastaðanes).



Mynd 7. Vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins.



Mynd 8. Flokkun strandsvæða á Álftanesi.

### Sérstök vernd – Jarðmyndanir og vistkerfi

Samkvæmt náttúruverndarlögum njóta eldvörp, gervigígar og eldhraun, stöðuvötn og tjarnir 1.000 m<sup>2</sup> að stærð eða stærri, mýrar og flóar 3 ha að stærð eða stærri og sjávarfitjar og leirur sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er.

Á aðalskipulagsupprætti og á sérupprætti í kafla 5.2 eru sýndir þeir staðir á Álftanesi sem njóta sérstakrar hverfisverndar samkvæmt aðalskipulagi 2005-2024, s.s. votlendi, mýrar, tjarnir og heitar uppsprettur.

### Verndarsvæði vegna grunnvatns- og strandmengunar og mengunar í ám og vötnum

#### Vatnsverndarsvæði

Miðað er við gildandi svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2001–2024. Stefnumótun um verndun vatnsbóla hefur auk þess verið sett fram í samþykkt

um verndun vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkur, Seltjarnarneskaupstaðar, Kópavogs, Garðabæjar, Sveitarfélagsins Álftaness og Hafnarfjarðar nr. 636/1997 (**mynd 7**).

#### Strandsvæði

Samkvæmt aðalskipulagi Álftaness 2005-2024 eru strandsvæði á Álftanesi flokkuð í tvo flokka (**mynd 8**) vegna varna gegn sjávarmengun, sbr. skipulagsreglugerð, gr. 4.21.1 og II. viðauka í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ:

##### A. Viðkvæm svæði.

Skógtjörn, Lambhúsatjörn og Bessastaðatjörn flokkast sem strandsjór og viðkvæm svæði, en selta í Bessastaðatjörn, 7-11 prómill, veldur því að tjörninn telst ekki ferskt vatn.

##### B. Síður viðkvæm svæði.

Undir þessa flokkun, sem síður viðkvæm svæði, fellur öll strandlengjan á Álftanesi.

Stefnt skal að því að öll strandlengja innan marka sveitarfélagsins verði síðar flokkuð sem viðkvæm svæði eftir frekari rannsóknir.

### Tjarnasvæði

Í reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns er fjallað um flokkun vatna samkvæmt nánar útfærðum forsendum. Til sömu ákvæða er vísað í skipulagsreglugerð gr. 4.21.2.

Kasthúsatjörn og Breiðabólstaðatjörn eru ferskvatnstjarnir. Í aðalskipulagi 2005-2024 eru þessar tjarnir merktar sem friðland og hverfisverndarsvæði og flokkaðar í flokk B sem lítið snortið vatn að tillögu heilbrigðisnefndar í samræmi við 9. og 10. gr. reglugerðar nr. 796/1999. Stefnt er að tjarnirnar verði síðar flokkaðar sem ósnortið vatn eftir frekari rannsóknir.

### Hverfisverndarsvæði

Sveitarstjórnir geta sett fram í aðalskipulagi stefnu um hverfisverndarsvæði með sérstökum ákvæðum sem kveða á um verndun húsa, menningarsögulegra minja og náttúruminja sem æskilegt er talið að vernda vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis án þess að um lögformlega friðun sé að ræða. Þá skal einnig gerð grein fyrir hvaða þættir í umhverfi viðkomandi svæðis skuli njóta forgangs og tiltekinnar verndunar og hvaða réttindi, skyldur og kvaðir eru samfara hverfisvernd fyrir stjórnvöld og borgara varðandi landnotkun og framkvæmdir.

Til þess að undirstrika sérstöðu Álftaness með sínum löngu ströndum eru stór svæði afmörkuð sem hverfisverndarsvæði í aðalskipulagi 2005–2024, sjá landnotkunaruppdrátt. Með þessu er ásamt með friðlýsingu svæða og merkingu svæða á Náttúruminjasrá verið að byggja undir það að byggð á Álftanesi sé umkringd ósnortinni náttúru. Hverfisvernd þýðir að ákveðnar umgengisreglur gilda um tiltekin svæði. Hverfisvernd er jafnframt tæki fyrir sveitarfélagið til að stýra notkun svæða þannig að allar framkvæmdir þar sæti sérstakri skoðun skipulagsnefndar.

Eftirfarandi svæði verða skilgreind sem hverfisverndarsvæði í aðalskipulagi

Álftaness 2005-2024, sjá landnotkunaruppdrátt. Eftir er að skilgreina nánari mörk svæða.

#### H1: Stefnt að friðun svæða sem **fólkvangur**:

- Hrakhólmar og strandlengjan frá sveitarfélagamörkum að Garðabæ við Oddakot norður að smábátahöfn á Breiðabólstaðaeyri, utan strandsvæða sem þegar hafa verið friðuð sem fólkvangur. Frá smábátahöfn austur um Bessastaðanes.
- Svæði á jörðinni Hliði næst íbúðarbyggð við Búðarflöt.

#### H2: Stefnt að friðun svæða sem **friðland**:

- Bessastaðatjörn, Kasthúsatjörn og Breiðabólstaðatjörn.
- Votlendissvæði í Bessastaðanesi sem merkt eru sem hverfisverndarsvæði.

#### H3: Hverfisvernd sveitarfélagsins án þess að um lögformlega friðun sé að ræða:

- Lambhúsatjörn, Skógtjörn og Halakotstjörn ásamt tjarnarbökkum sem merktir eru sem hverfisverndarsvæði.
- Svæðið við Jörfa umhverfis varðturn og varðskýli.

Hverfisverndarákvæði svæða H1-H3:

1. Áhersla er lögð á að gróður fái að þróast á eigin forsendum. Þar sem ástæða þykir að bæta við gróðri skal eingöngu nota íslenskar tegundir.
2. Stuðla skal að bættu aðgengi fyrir útivistarfólk um fólkvanga. Stígar skulu fyrst og fremst vera malarbornir.
3. Þar sem svo hentar skal unnið að umhverfisfræðslu með skiltum og fræðslustígum.
4. Engar byggingar eru leyfilegar innan hverfisverndarsvæða nema fyrir liggja samþykkt deiliskipulag.
5. Hefðbundnar nytjar, s.s. beit og veiðar, geta haldist eins og verið hefur. Sveitarstjórn getur þó sett reglur um takmörkun eða stjórn beitar.

### Svæði undir náttúruvá

Í aðalskipulagi skal auðkenna og gera grein fyrir svæðum undir náttúruvá, staðsetningu þeirra, hvaða landnotkun er fyrirhuguð á svæðunum og hvaða reglur gilda á hverju þeirra um umgengni og mannvirkjagerð. Gera skal grein fyrir þegar byggðum og fyrirhuguðum varnarvirkjum vegna ofanflóða, sjávar-

flóða og vatnsflóða og hvaða landnotkun er fyrirhuguð á svæðum undir náttúruvá og nærliggjandi svæðum og hvernig hún fellur að reglum sem gilda á hverju svæði fyrir sig.

Í aðalskipulagi 2005-2024 er stefnt að því að allir íbúar Álftaness búi við góð búsetuskilyrði í fallegu og öruggu umhverfi, þ.m.t. vegna náttúruvár.

Jarðskjálftahætta er til staðar á öllu höfuðborgarsvæðinu. Við hönnun mannvirkja verður tekið mið af reglugerðum og samþykktum stöðlum um jarðskjálftahönnun mannvirkja, sjá kafla 2.7 í (2).

Á Álftanesi er náttúruvá fyrst og fremst talin stafa af sjávarflóðum, en minni hætta af jarðskjálftum og eldgosum. Áhrifa hækkunar sjávarborðs myndi gæta á lágsvæðum eins og Álftanesi. Strandlengjan á Álftanesi liggur opin fyrir ágjöf úr áttum frá suðvestri til norðvesturs og hefur sjórinn brotið stórlega af landinu á undanförunum árum og áratugum. Á nokkrum stöðum er eldri íbúðabyggð óþarflega nærri vesturströndinni.

Í kjölfar sjávarflóða á árinu 1996 var gerð heildaráætlun um landbrotssvarnir á Álftanesi. Í áætluninni voru tilgreind landbrotssvæði meðfram strandlengjunni þar sem byggja þurfi varnargarða og nokkur minni landrofssvæði á bökkum tjarna. Miklar framkvæmdir hafa verið unnar síðan þá og hafa sjóvarnargarðar verið byggðir á stærstum hluta vesturstrandar Álftaness. Einungis á eftir að verja ströndina við Sandskarð og svæði syðst (Þórukot, Hlið) og nyrst (Grund, Kasttangi) á vesturströndinni. Stefnt er að því að byggja þar sjóvarnargarða á næstu árum. Sjá þemamynd á bls. 34.

Gert er ráð fyrir því að gönguleiðir/-stígar verði meðfram allri strandlengjunni, innan við varnargarða þar sem þeir verða settir.

Á landnotkunaruppdrætti aðalskipulags Álftaness 2005-2024 verða engin svæði merkt sérstaklega sem svæði undir náttúruvá. Samkvæmt aðalskipulagi 2005-2024 verða lágmarksgólfhæðir nýrra íbúðarhúsa hins vegar hækkaðar frá eldra skipulagi og skulu á nýjum íbúðarsvæðum sem deiliskipulögð verða í samræmi við aðalskipulag 2005-2024 ekki vera lægri en 5,20 m y.s. samkvæmt

hæðarkerfi sveitarfélagsins og ný íbúðarbyggð verði ekki nær sjávarkambi en 30–50 m þar sem hætta er talin stafa af flóðum. Heimilt er að fullbyggja þegar deiliskipulögð og byggð eldri hverfi nær sjávarkambi og með lægri gólfhæð til samræmis við gildandi skipulagsskilmála þessara hverfa.

### Þjóðminjaverndarsvæði – friðlýstar minjar

Samkvæmt skipulagsreglugerð skulu þjóðminjaverndarsvæði taka til svæða þar sem eru friðlýstar fornminjar, þekktar fornleifar eða friðuð hús samkvæmt þjóðminjalögum.

Um verndun menningarsögulegra minja gilda þjóðminjalög nr. 107/2001. Í 9. gr. laganna er tiltekið hvers konar leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja teljist til fornleifa. Í 11. gr. laganna kemur fram að skylt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess. Fornleifaskráning skal taka mið af þeirri nákvæmni sem skipulag er unnið með og frekari skráning eftir atvikum fara fram í tengslum við gerð deiliskipulags þar sem mannvirkjagerð er fyrirhuguð.

Í aðalskipulagi Álftaness 2005-2024 verða þjóðminjaverndarsvæði auðkennd og gerð grein fyrir þjóðminjum, staðsetningu þeirra og helstu einkennum, hvaða landnotkun er fyrirhuguð á svæðunum og hvaða reglur gilda á hverju þeirra um umgengni og mannvirkjagerð, í samræmi við ákvæði þjóðminjalaga.

Á árunum 2003 og 2004 var á vegum skipulagsnefndar unnin svæðisskráning og deiliskráning fornleifa og menningarminja á Álftanesi (5). Skráðar voru upplýsingar um u.þ.b. 400 fornleifar í sveitarfélaginu. Stuðst mun verða við þessi gögn við deiliskipulagningu svæða og framkvæmdir í framtíðinni.

Samkvæmt ákvæðum þjóðminjalaga eru allar fornleifar eldri en 100 ára friðaðar óháð sérstakri friðlýsingu.

Við fornleifagröft á Bessastöðum hafa fundist merkar minjar og hefur verið gengið frá varðveislum þeirra á þann hátt að fólk getur fræðst um sögu staðarins.

Á landnotkunaruppdrætti aðalskipulags Álftaness 2005-2024 verða eftirtalin svæði merkt sem friðlýstar minjar, með vísan til (5) og (11):

- Skansinn í landi Bessastaða var friðlýstur 1930. Skansinn, gamalt virki, friðlýst 1930: Bessastaðaskans (Ottavirki) er við Skerjafjörð þar sem Dugguós var áður en stíflan var gerð milli Bessastaðatjarnar og sjávar. Skansinn er virki, í stórum dráttum fjórir moldarveggir, sem upphaflega hafa verið mjög háir en eru nú ávalir og grasi grónir (11).
- Í Hliði er Skjónaleiði sem var friðlýst 1964. Skjónaleiði er þúfa, 1 x 1,5 m stór og snýr vestur – austur. Það er 0,3 m hátt og á því miðju er flatur steinn með áletrun. að sem sést af steininum er 40 x 30 sm. Steinninn er meira en hálfur í kafi í sinu en og sokkinn í þúfunu. Á þeim hluta sem er ofar moldu má sjá nokkra stafi en ekki vísuna góðu eða samhengi í texta (5).

Á landnotkunaruppdrætti aðalskipulags Álftaness 2005-2024 eru merkt þrjú svæði sem þjóðminjavernðarsvæði. Forsendur fyrir því að þessi svæði eru merkt inn á uppdrátt eru að bæjarhólarinn er taldir með elstu minjum á Álftanesi og bæjarrústin í Lásakoti er talin hafa mikið varðveislugildi sem eini fulltrúi smákota sem voru á Álftanesi. Svæðin þrjú eru:

- Bæjarhóllinn í Sviðholti. Talið er að þar sé að finna minjar um búsetu frá landnámsöld. Sturlunga og Þórðar saga kakala.
- Bæjarhóllinn á Skógtjörn. Talið er að þar sé að finna minjar um búsetu frá landnámsöld. Sturlunga og Þórðar saga kakala.
- Bæjarrústin í Lásakoti. Vel varðveittar og merkar minjar um búsetu á Álftanesi. Þurrabúð austast í Skógtjarnarlandi.

Nánar er gerð grein fyrir skráðum minjum, staðsetningu þeirra og helstu einkennum í (5) og á þemauppdrætti 1 í kafla 5.2.

Eftirtaldir byggingar eru taldar hafa menningarsögulegt gildi og falla undir 6. gr. laga nr. 104/2001 um húsafriðun, sjá þemauppdrátt 4. Skal höfð sérstök aðgát og samráð við bæjaryfirvöld vegna framkvæmda við hús og umhverfi þeirra:

- Íbúðarhúsið á Breiðabólssstöðum er elsta húsið í sveitarfélaginu, byggt árið 1884.
- Gamli barnaskólinn á Bjarnastöðum, sem nú hýsir bæjarskrifstofur Álftaness, var byggður árið 1914.

- Húsakostur á Bessastöðum, þ.m.t. Bessastaðakirkja, fellur að mestu undir lög um húsafriðun.
- Gamla húsið í Sviðholti. Elsti hluti þess er frá 1911.
- Á svæðinu umhverfis Jörfa eru minjar frá svonefndum Brighton-kampi frá stríðsárunum. Herminjar eru ekki eiginlegar fornleifar, enda allar herminjar hér á landi frá tímum síðari heimsstyrjaldar. Minjarnar falla ekki undir skilgreiningu þjóðminjalaga og eru því ekki verndaðar samkvæmt lögum. Svæðið umhverfis varðturninn og varðskýlið norður af íbúðarsvæðinu fellur undir hverfisvernd H3.

## Landbúnaðarsvæði

Samkvæmt skipulagsreglugerð skulu landbúnaðarsvæði ná yfir allt land jarða eða lögbýla, sbr. ákvæði jarðalaga og ábúðarlaga um land sem nýtt er til landbúnaðar. Á landbúnaðarsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir byggingum og starfsemi sem tengist búrekstri á jörðinni.

Á landnotkunaruppdrætti aðalskipulags Álftaness 2005-2024 verður austurhluti jarðarinnar Bessastaða og Bessastaðanes áfram skráð sem landbúnaðarsvæði. Svæðið skiptist í ræktuð tún og beitarland. Á jörðinni hefur verið komið upp vísi að skógrækt. Ekki er lengur stundaður annar búrekstur á jörðinni en túnhirða, beit og rekstur sem tengist æðarvarpi þar. Stefnt er að því að viðhalda öröskuðu landi í Bessastaðanesi, meðal annars til útivistar og vernda þar stór votlendissvæði, sjá hverfisvernd H2 á aðalskipulagsuppdrætti.

### 2.1.3 Niðurstæða mats á umhverfisáhrifum varðandi umhverfi og útivist (3)

Á heildina litið kemur stefnumörkun aðalskipulags Álftaness 2005-2024 sem snýr að umhverfi og útivist fyrst og fremst til með:

- að hafa jákvæð áhrif á viðhald verndarsvæða.
- að hafa jákvæð áhrif á möguleika til útivistar, þ.e. fjölbreyttir og vel aðgengilegir íþrótt- og útivistarmöguleikar í góðum tengslum við íbúðarbyggð.



- að hafa staðbundin neikvæð áhrif á votlendi og fuglalíf við norðvesturbakka Bessastaðatjarnar og á náttúrufar á Breiðabólstaðaeyri.
- að hafa í för með sér breytingu á náttúrulegu landslagi við norðvesturbakka Bessastaðatjarnar og á Breiðabólstaðaeyri.


Með tilliti til þessa er stefnumörkun aðalskipulags sem varðar **umhverfi og útivist** líkleg til að valda staðbundnum neikvæðum áhrifum við norðvesturbakka Bessastaðatjarnar og á Breiðabólstaðaeyri vegna rasks á náttúrufari sem telst sérstakt á svæðisvísu. Hér ber þó að gera þann fyrirvara að umfang áhrifa er háð eðli og umfangi landnotkunar, starfsemi og endanlegri tilhögun.

Í heild sinni eru tillögur aðalskipulags ekki líklegar til að valda verulegum neikvæðum umhverfisáhrifum.

Lögð er áhersla á mikilvægi þess að draga úr mögulegum neikvæðum umhverfisáhrifum á deiliskipulagsstigi varðandi tilhögun golfvallar, smábátahafnar og hesthúsahverfis á norðurnesinu. Þess verði gætt að uppbygging og viðhald mannvirkja taki mið af náttúrufari svæðisins.

Strax í upphafi verði tekin saman umhverfisstefna fyrir golfvöllinn, smábátahöfnina og hesthúsahverfið á norðurnesinu með það að markmiði að vernda það náttúrufar, sem fyrir er á svæðinu og viðhalda því. Einnig að bæta fyrir þær breytingar sem fyrri notkun landsins hefur haft í för með sér, t.d. með því að fláa gamla skurði niður og breyta þeim í litla voga eða tjarnir. Þess verði gætt við hönnun mannvirkja að öll jarðvinnsla við gerð þeirra verði í lágmarki og að landslagsmótun verði í samræmi við það landslag sem fyrir er á svæðinu. Við nánari útfærslu þessara mannvirkja verður leitað álits sérfræðinga til þess að finna góða lausn og koma fyrir mótvægisáðgerðum til þess að draga sem mest úr neikvæðum áhrifum á náttúruna eða koma í veg fyrir þær.

Til þess að tryggja heildaryfirbragð og viðhald einkenna Álftaness eru sett sérstök ákvæði um merkingu opinna svæða til sérstakra nota í aðalskipulaginu. Á þann hátt markar sveitarfélagið sína eigin stefnu um tilgang slíkra svæða, sem viðbót við almenna skilgreiningu þeirra í skipulagsreglugerð.



Mynd 9. Tenging byggðar við opin svæði.

## 2.2 Íbúðarbyggð

Samkvæmt skipulagsreglugerð skal á íbúðarsvæðum fyrst og fremst gera ráð fyrir íbúðarhúsnæði. Þar má þó einnig gera ráð fyrir starfsemi sem eðlilegt er að þar sé til þjónusta við íbúa viðkomandi hverfis, s.s. verslunum, hreinlegum iðnaði, handiðnaðarfyrirtækjum, þjónustustarfsemi og leiksvæðum, eða annarri starfsemi sem hvorki verður ætlað að muni valda óþægindum vegna lyktar, hávaða eða óþrifnaðar né dragi að sér óeðlilega mikla umferð.

### 2.2.1 Markmið

Í aðalskipulagi er Sveitarfélagið Álftanes skilgreint sem eins konar sveit á höfuðborgarsvæðinu. Lögð er áhersla á að í aðalskipulagi verði skapaðar forsendur fyrir hóflega fjölgun íbúa með góð búsetuskilyrði. Stefnt er að því að íbúar sveitarfélagsins njóti bestu lífsgæða í fögru og öruggu umhverfi þar sem íbúðir

Svæði	Íbúðir / ha brúttó
Álftanes 1990	7,6
Álftanes 2000	9,1
Álftanes 2004	10,8
Álftanes - Asparholt / Birkiholt 2004	29,3
Reykjavík - Grafarvogur, Borgarholt 2003	14,7
Reykjavík - Vesturbær 2003	31,3
Seltjarnarnes 2003	14,5
Mosfellsbær 2003	10,9

**Tafla 1: Dæmi um fjölda búða á hektara á Álftanesi á tilteknum tímabilum og samanburður við nokkra staði á höfuðborgarsvæðinu**

og íbúðarhverfi uppfylli þarfir íbúa á mismunandi aldri. Uppbygging íbúðarsvæða verði í samræmi við markmið svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins um þéttingu byggðar og nýtingu opinna svæða.

### 2.2.2 Leiðir

Dregið verði úr umfangi íbúðarsvæða miðað við eldra aðalskipulag. Innan hringvegjar sem liggur um sveitarfélagið er stefnt að hærri byggð og þéttari en utan hans að dreifðari byggð með lægri húsum.

Mismunandi þarfir íbúa á ýmsum aldurs skeiðum verða uppfylltar með fjölbreyttum húsa- og íbúðagerðum

Meginuppbyggingin eigi sér stað í formi þéttingar byggðarinnar í miðju sveitarfélagsins innan hringvegjar. Opnum svæðum í jaðri sveitarfélagsins með tengingu við græna geira í miðju verði við haldið. Með þessu er tekið tillit til mikilvægi náttúrunnar og opins landslags sem einkennir ásýnd sveitarfélagsins (**mynd 9**).

Þau íbúðarsvæði sem sýnd eru á aðalskipulagi eru í meginráttum í samræmi við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins. Á miðsvæði sveitarfélagsins er gert ráð fyrir blöndun íbúðarbyggðar og atvinnustarfsemi.

### Íbúðarsvæði - Yfirbragð og þéttleiki

Einkenni eldri íbúðarbyggðar á Álftanesi er tiltölulega dreifð og hefðbundin byggð einbýlishúsa á stórum lóðum. Meðalþéttleiki þessarar byggðar er um 7 íbúðir pr. ha. Engin fjölbýlishús voru byggð fyrir en um 1990 en mest var um hefðbundin einbýlishús. Lóðir fyrir þann tíma voru flestar 1000-1200 m<sup>2</sup>. Íbúðarbyggð sem byggðist eftir 1990 er heldur þéttari, þéttleiki lágreistrar einbýlishúsa- og raðhúsa byggðar eftir 1990 er um 12.5 íbúðir pr. ha og íbúðarhverfi með fjölbýlishúsum eru mun þéttari.

Í **töflu 1** er sýndur þéttleiki íbúðarbyggðar á Álftanesi og þéttleiki borinn saman við nokkur svæði á höfuðborgarsvæðinu.

Í aðalskipulagi 2005-2024 er gert ráð fyrir um 40 ha fyrir nýja íbúðabyggð. Gengið er út frá því að þéttleiki byggðar verði 10-14 íbúðir á hektara byggðareita í nýjum hverfum einbýlis-, par- og raðhúsa. Í hverfum fjölbýlishúsa er reiknað með þéttari byggð, sbr. uppgæfið nýtingarhlutfall hér að aftan. Gert er ráð fyrir, að þéttleiki byggðar í einstökum hverfum og hverfahlutum sé ætíð mismunandi. Ræðst það af náttúrulegum aðstæðum, vali á húsagerðum og fleiri atriðum. Þéttust verður byggðin á miðsvæði og innan hringvegjar og er þar gert ráð fyrir fjölbýlishúsum. Gert er ráð fyrir að þéttleiki byggðar fyrir fjölbýlishús verði 20 – 25 íbúðir á hektara.

Við deiliskipulagningu íbúðarhverfa (ath. þó miðsvæði bls. 18) verður gert ráð fyrir eftirfarandi nýtingarhlutfalli lóða:

- Einbýlishús 0,20-0,40.
- Rað- og parhús 0,25-0,60.
- Fjölbýlishús 0,40-0,80.

### Íbúaspá

1. desember 2004 voru 2.024 íbúar á Álftanesi og 183.990 á höfuðborgarsvæðinu öllu. Álftnesingar eru því rúmlega 1% af íbúafjölda höfuðborgarsvæðisins.

	2012	2024
Álftanes	3,10	2,78

Tafla 2: Fjöldi íbúa pr. íbúð. Spá aðalskipulags Álftaness til 2024. Sjá einnig töflu 4 í forsenduhefti aðalskipulagsins.

Byggðapróun í sveitarfélaginu hefur því tiltölulega lítil áhrif á heildaruppbyggingu höfuðborgarsvæðisins, jafnvel þótt uppbyggingin í sveitarfélaginu sé hröð um þessar mundir. Samkvæmt svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024 er áætlað að íbúum á höfuðborgarsvæðinu fjölgi um 24% fram til 2024 og verði þá orðnir 228.000 talsins.

Í íbúaspá aðalskipulags 2005-2024 (2) er gert ráð fyrir því að íbúar á Álftanesi verði orðnir 2.800 árið 2012 og rúmlega 3.000 fyrir árið 2024. Á landnotkunaruppdrætti aðalskipulags 2005-2024 er skilgreint meira landrými undir íbúðarsvæði en íbúaspáin krefst miðað við meðalþéttleika. Frekar verður stuðst við lágmarkspéttleika til að aðalskipulagið sé sveigjanlegt. Landnotkunarsvæði á uppdrættinum eru mörkuð í grófum dráttum, enda er gert ráð fyrir að gerð sé nánari grein fyrir afmörkun landnotkunar og þéttleika byggðar í deiliskipulagi.

### Íbúðarhúsnæði

Heimili á Álftanesi eru heldur fjölmennari en í öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu, sjá töflu 4 í (2). Þannig hefur hlutfall íbúa á hverja íbúð á Álftanesi verið hærra en annars staðar á svæðinu um margra ára skeið. Spá aðalskipulags Álftaness til 2024 er sem hér segir (**tafla 2**):

Fjöldi íbúða á Álftanesi árið 2004 var 600. Ráðgert er að um 80 íbúðir verði byggðar á árinu 2005. Samkvæmt íbúaspá fyrir 2024 er gert ráð fyrir að byggja þurfi um 400 nýjar íbúðir á skipulagstímanum og að þær verði um 1.080 talsins í lok skipulagstímabilsins.

### 2.2.3 Niðurstaða mats á umhverfisáhrifum aðalskipulags varðandi íbúðarbyggð (3)

Á heildina litið eru markmið og leiðir í aðalskipulagi Álftaness 2005-2024, sem snúa að þróun íbúðarbyggðar líkleg til að hafa áhrif á

- íbúafjölda og þróun byggðar. Með fyrirhugaðri íbúðarbyggð eru skapaðar forsendur fyrir fjölbreytilegt húsnæði í samræmi við markmið.
- ásýnd og heildaryfirbragð sveitarfélagsins.

Mikil þétting byggðar í sveitarfélaginu, sérstaklega hærra byggðar, getur haft áhrif á heildaryfirbragð og upplifun sveitarfélagsins en þessi atriði þykja vera einn helsti styrkleiki fyrir Álftanes sem búsetukosts. Röskun þessarar sérstöðu sveitarfélagsins gæti haft áhrif á áætlaða íbúafjölgun. Með því að byggja upp íbúðarbyggð af varfærni og endurskoða að staðaldri þróun byggðarinnar verður reynt að koma í veg fyrir óæskilegar breytingar sem varða ásýnd sveitarfélagsins. Með stefnumörkun í aðalskipulagi 2005-2024 um þróun íbúðarbyggðar á Álftanesi er komið til móts við þarfir undir frekari íbúðarbyggð og að sama skapi er þess gætt að viðhalda sérstöðu Álftaness sem íbúðarbyggð með góð tengsl við ósnortna náttúru og víðfeðm útivistarsvæði.

Með tilliti til þessa er stefnumörkun varðandi **íbúðarbyggð** í aðalskipulagi 2005-2024 ekki líkleg til að valda verulegum neikvæðum umhverfisáhrifum í sveitarfélaginu.

## 2.3 Atvinnulíf og menningarstarfsemi

Á höfuðborgarsvæðinu hefur orðið sú grundvallarþróun í atvinnulífi á undanförunum árum og áratugum að störf hafa færst frá frumvinnslu og iðnaði yfir í þjónustugreinar. Vegna þessa hefur orðið breyting á staðsetningu atvinnustarfsemi og er nú í auknum mæli farið að huga að blöndun atvinnusvæða og íbúðarbyggðar þar sem ekki er talin vera hætta á hagsmunaárekstrum, t.d. vegna hávaða, lyktar og umferðar.



Mynd 10. Golfvöllur (G) í aðalskipulagi Álftaness 2005-2024.

Samkvæmt skipulagsreglugerð skal á miðsvæðum fyrst og fremst gera ráð fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi og stjórnsýslu sem þjónar heilu landsvæði, þéttbýlisstað eða fleiri en einu bæjarhverfi, s.s. verslunum, skrifstofum, þjónustustofnunum, veitinga- og gistihúsum, menningarstofnunum og hreinlegum iðnaði.

### 2.3.1 Markmið

Blönduð byggð á miðsvæði verði andlit sveitarfélagsins og kjarni atvinnulífs og samfélagsþjónustu í sveitarfélaginu. Uppbygging miðsvæðisins miðast við að móta ásýnd sveitarfélagsins og tenging þess við aðkomu að Bessastöðum er líkleg til að styrkja ímynd sveitarfélagsins.

Á svæðum fyrir menningarstarfsemi og atvinnuuppbyggingu í jaðri byggðarinnar verður fyrst og fremst gert ráð fyrir fyrirtækjum, verslun og þjónustustarfsemi sem þjóna íbúum sveitarfélagsins og stuðla að uppbyggingu menningartengdrar ferðaþjónustu á Álftanesi.

Á athafnasvæðum verður fyrst og fremst atvinnustarfsemi þar sem lítil hættu er á mengun, s.s. léttum iðnaði, vörugeymslum, hreinlegum verkstæðum og umboðs- og heildverslunum. Almennt skal ekki gera ráð fyrir íbúðum á athafnasvæðum.

Umhverfiseinkenni og umhverfiskostir Álftaness verði virkjaðir í þágu uppbyggingar menningar- og atvinnustarfsemi. Mótuð verði umgjörð um ferðamannatengda starfsemi.

Sköpuð verði sóknarfæri og eftirspurn svarað innan sveitarfélagsins fyrir starfsemi sem tengist léttum iðnaði eða öðru sambærilegu. Bæjarmyndin verði vernduð og truflandi áhrifum slíkrar starfsemi haldið í lágmarki.

### 2.3.2 Leiðir

#### Miðsvæði

Aðalskipulag 2005-2024 felur í sér nýja afmörkun miðsvæðis sem er ætlað undir blandaða byggð miðsvæðis og íbúðarsvæðis. Með því að safna saman helstu þáttum í atvinnustarfsemi sveitarfélagsins, þjónustu, stofnunum, verslun og menningartengdri ferðaþjónustu er stuðlað að því að svæðið verði kjarni eða miðbær sveitarfélagsins sem allir íbúar eiga erindi við og greiðan aðgang að. Jafnframt verði á svæðinu íbúðir í góðum tengslum við skólann og þá starfsemi sem honum tengist.

Í aðalskipulagi 2005-2024 er blönduð byggð miðsvæðis tvískipt, norðan og sunnan Suðurnesvegjar við Grástein. Á báðum hlutum svæðisins er gert ráð fyrir fjölbreyttri blöndu íbúðarbyggðar og þjónustu- og athafnastarfsemi. Fyrirkomulag og umfang byggðar verður ákvarðað í deiliskipulagi. Stefnt er að því að mótuð verði skjólgóð byggð með athafna- og bæjarbrag. Norðan Suðurnesvegjar er frekar gert ráð fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi og stjórnsýslu, s.s.

verslunum, skrifstofum, þjónustustofnunum og veitingastarfsemi í bland við íbúðarbyggð. Einnig verði þar byggðar þjónustuíbúðir aldraðra í tengslum við þjónustumiðstöð. Sunnan vegarins er gert ráð fyrir ýmissi hreinlegri atvinnustarfsemi í bland við íbúðarbyggð. Miðað er við að byggð á svæðinu myndi þetta og samfellda mynd.

Gert er ráð fyrir eftirfarandi nýtingarhlutfalli lóða á svæðinu:

Rað- og parhús: 0,25–0,60.

Fjölbýlishús: 0,40–0,80.

Lóðir þjónustustofnana með eða án íbúða: 0,60–1,20.

Bifreiðageymslur neðanjarðar eru ekki taldar með í nýtingu.


### Í jaðri byggðar

Í aðalskipulaginu er lagt til að virkja sérkenni Álftaness með því að nýta og byggja upp ákveðna staði og svæði í jaðri byggðarinnar sem eru í beinum tengslum við náttúruna. Þannig skapast forsendur fyrir félagsstarfsemi og þjónustu sem tengist eða byggist á sögulegum, menningar- og náttúrulegum einkennum nessins. Stefnt er að því að byggja upp þjónustu sem dregur að sér ferðafólk og auka þannig atvinnu í sveitarfélaginu.

Við Bessastaðatjörn vestan- og norðvestanverða er stefnt að byggingu golfvallar (mynd 10).

Í aðalskipulagi 2005-2024 er gert ráð fyrir eftirtöldum svæðum fyrir menningarstarfsemi, ferðamannatengda starfsemi og atvinnuuppbyggingu í jaðri byggðarinnar:

- Haukshús: Menningar- og afþreyingarstarfsemi.
- Hlið: Veitingarekstur.
- Sunnan Kasthúsatjarnar á mótum Norðurnesvegjar og Jörfavegar: Blönduð landnotkun tengd starfsemi þjónustustofnunar. Nýtingarhlutfall lóða á svæðinu: 0,15–0,30.



Mynd 11. Svæði fyrir athafnastarfsemi.

### 2.3.3 Niðurstaða mats á umhverfisáhrifum aðalskipulags varðandi atvinnulíf og menningarstarfsemi (3)

Á heildina litið koma markmið og leiðir í aðalskipulagi Álftaness 2005-2024 sem snúa að **atvinnulífi og menningarstarfsemi** fyrst og fremst til með að hafa jákvæð áhrif á uppbyggingu atvinnulífs og menningarstarfsemi á Álftanesi og þar með jákvæð áhrif á íbúðarbyggð og mannlíf þar.

Með tilliti til þessa er stefnumörkun varðandi **atvinnulíf og menningarstarfsemi** í aðalskipulaginu til lengri tíma séð líkleg til að hafa jákvæð áhrif af samfélagslegum toga en lítil sem engin neikvæð áhrif. Gæta verður þó að ímynd og útliti sveitarfélagsins við uppbyggingu miðsvæðis og athafnasvæða til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á ásýnd sveitarfélagsins.

Í heild sinni eru tillögur aðalskipulags sem tengjast atvinnulífi og menningarstarfsemi ekki líklegar til að valda verulegum neikvæðum umhverfisáhrifum í sveitarfélaginu.

Mikilvægt er við deiliskipulagingu miðsvæðis að horfa heildstætt á uppbyggingu svæðisins með það að markmiði að vernda og viðhalda núverandi yfirbragði byggðarinnar.

## 2.4 Samfélagsþjónusta

Fjölskyldan er hornsteinn hvers samfélags og uppspretta lífsgilda. Því má gera ráð fyrir því að markmið hvers samfélags sé að styrkja og vernda fjölskylduna án tillits til gerðar hennar og búsetu. Til að fjölskyldan geti eflst og þroskast, þarf að búa henni vænleg skilyrði til að dafna með þjónustu fyrir mismunandi þarfir einstaklinga. Allir íbúar samfélags gegna mikilvægum hlutverkum, hver á sínu sviði, hvort sem um er að ræða unga íbúa sem erfa skulu landið eða eldri íbúa sem lagt hafa grunninn að því sem er.

Á tveimur íbúáþingum sem haldin voru á Álftanesi í tengslum við mótun tillögu að aðalskipulagi Álftaness 2005-2024, dagana 15. mars 2003 og 16. október 2004, kom fram að hið litla og nána samfélag á nesinu, ásamt markvissri uppbyggingu menntunar, öfluglu félagsstarfi og samheldni hjá félagasamtökum í hreppnum varðandi forvarnastarf þykir mikill styrkur fyrir sveitarfélagið. Einnig þykir íbúum Álftanes vera heilsustyrkjandi umhverfi með útivistarsvæðum, göngustígum og náttúrunni og finnst vera stutt í menningu í þéttbýlinu.

### 2.4.1 Markmið

Skipulag byggðar taki mið af sambúð manns við náttúrulegt umhverfi, útivistarsvæði, menningarverðmæti og atvinnulíf. Félagssleg, menningarleg og uppeldisleg sjónarmið verði höfð að leiðarljósi.

Styrkja og vernda fjölskyldur á Álftanesi og búa þeim vænleg skilyrði til að dafna, eflast og þroskast með þjónustu fyrir mismunandi þarfir einstaklinga.

Stuðla áfram að blómlegu menningar- og félagslífi á Álftanesi.

Efla menntun í sveitarfélaginu og skapa bestu aðstæður til uppeldis og menntunar. Skólar verði í góðum tengslum við umhverfi sitt, náttúru, menningu og atvinnulíf. Skapa eitt heildstætt skólaverfi. Skapa fjölbreytt framboð um starfsemi í leikskólum.

Tryggja fjölbreytt framboð húsnæðis og þjónustu fyrir eldri íbúa á komandi árum.

### 2.4.2 Leiðir

Aðalskipulag 2005-2024 felur í sér stefnu sveitarfélagsins um fyrirmyndar aðstæður til uppeldis og menntunar barna með bestu hugsanlegum skilyrðum allra skólastiga í fallegu og öruggu umhverfi. Lögð er áhersla á að stofnanir, t.d. skólar verði í góðum tengslum við umhverfi sitt, náttúru, menningu og atvinnulíf.

Byggðaskipulag Álftaness miðast við að þar myndist eitt heildstætt skólaverfi. Við ákvörðun um göngustígakerfi var sérstaklega hugað að því að skapa forsendur fyrir öruggar gönguleiðir milli íbúðarhverfa og skóla í fallegu umhverfi.

Í aðalskipulagi 2005-2024 er gert ráð fyrir eftirtöldum svæðum fyrir þjónustustofnanir auk blandaðrar byggðar á miðsvæði:

- Skólasvæði: Mennta- og menningarstofnanir sveitarfélagsins.
- Bjarnastaðir: Þjónustustofnun sveitarfélagsins.
- Bessastaðir: Forsetasetur, íbúðarhús og kirkja. Aðkoma að setrinu er um Bessastaðaveg.
- Sunnan Kasthúsatjarnar á mótum Norðurnesvegjar og Jörfavegjar - Þjónustustofnun sveitarfélagsins blandað með athafnastarfsemi.
- Sköpuð aukin aðstaða fyrir menningarstarfsemi og félagslíf í Haukshúsum, Hliði og á miðsvæði Álftaness.

**Fjölskyldumál**

Á vegum sveitarstjórnar og sérstaks stýrihóps á hennar vegum var á tímabilinu 2003-2004 unnin fjölskyldustefna fyrir Álftanes, sem ætlað er að skapa heildstæða umgjörð sveitarfélagsins utan um fjölskylduna. Fjölskyldustefnan spannar lífshlaup einstaklinga, frá ungu barni til hins aldraða og í henni er leitast við að sýna fjölbreytileika samfélagsins í allri sinni mynd. Einnig er hlutverk fjölskyldustefnunnar að halda utan um heildarstefnu og markmið sem sveitarfélagið setur sér á hinum ýmsu sviðum, því öll koma þau fólkinu í samfélaginu við og hafa því með fjölskyldurnar að gera. Fjölskyldustefnu sveitarfélagsins er skipt upp í einstaka málaflökka þar sem markmið hvers og eins og leiðir að þeim eru tilgreind, t.a.m. fjölskyldumál, félagsleg þjónusta og málefni aldraðra.

**Menning og félagslíf**

Til þess að íbúar Álftaness fái notið fjölbreytilegrar menningar og félagslífs verður leitast við að bjóða uppá fjölbreytt úrval af tómstundum sem henta ólíkum áhugamálum hvers og eins. Í því skyni verður hlúð að félagasamtökum í sveitarfélaginu og sköpuð aukin aðstaða fyrir menningarstarfsemi og félagslíf, sjá kafla 2.3.2.

**Skólar**

Á vegum sveitarstjórnar og sérstaks stýrihóps á hennar vegum var á tímabilinu 2003-2004 unnin samræmd skólastefna fyrir Álftanes, sem ætlað er að skapa heildstæða umgjörð um leikskóla, grunnskóla, tónlistarskóla og vinnuskóla sveitarfélagsins. Skólastefna Álftaness er yfirlýsing um starfsemi fræðslu- og skólamála í sveitarfélaginu sem víðtækt samráð hefur verið haft um og markar hún meginlínur sem starfsáætlanir skólanna skulu byggjast á. Stefnan er til fimm ára og verður endurskoðuð reglulega eftir því sem tilefni gefur til. Reiknað er með fjölgun leikskóla á Álftanesi og stækkun húsnæðis grunnskóla og tónlistarskóla í takt við íbúafjölgun.

**Félagsleg þjónusta**

Gert er ráð fyrir uppbyggingu félagslegrar þjónustu eftir áætlunum og þörfum sveitarfélagsins hverju sinni.

**Málefni eldri íbúa – Hjúkrunarheimili**

Hlutfall eldri borgara á Álftanesi er tiltölulega lágt, miðað við mörg sveitarfélög. Líklegt er eldri íbúum fjölgi mikið á Álftanesi á næstu árum og aukin þörf verði fyrir þjónustu við aldraða og sérhannað íbúðarhúsnæði eldri borgara.

Sveitarfélagið Álftanes á tvö vistrými á Hrafnistu, dvalarheimili aldraðra í Hafnarfirði. Á árinu 1998 var stofnað með Garðabær sjálfseignarfélag um rekstur dvalar- og hjúkrunarheimilis við Holtsbúð í Garðabæ til að veita öldruðum íbúum sveitarfélaganna tveggja umönnun og hjúkrun. Þar eru nú rekin 40 hjúkrunarrými auk 10 dagvistarrýma.

Í gangi er samstarfsverkefni sveitarfélagsins um málefni aldraðra með hjúkrunarheimilinu Eir um uppbyggingu og rekstur þjónustumiðstöðvar, þjónustu-íbúða og hjúkrunaríbúða á Álftanesi.

Áætluð þörf fyrir hjúkrunarrými í sveitarfélaginu er sýnd í töflu 7 í (2).

**Heilbrigðismál**

Heilsugæslustöðin Sólvangi í Hafnarfirði þjónar Álftanasingum. Skólahjúkrun er sinnt frá heilsugæslustöðinni Sólvangi og hefur skólahjúkrunarfæðingur aðstöðu í Álftanesskóla vegna starfa sinna þar.

Í samræmi við markmið um blöndun íbúðarbyggðar, miðsvæðisstarfsemi og þjónustustofnana á miðsvæði sveitarfélagsins verður hægt að skilgreina heilbrigðisstofnun, svo sem heilsugæslustöð, þar við deiliskipulagningu svæðisins.

**Kirkja - kirkjugarður**

Þegar Álftaneshreppi hinum forna var skipt í Bessastaðahrepp og Garðahrepp árið 1878 voru sóknir látnar ráða; Garðasókn og Bessastaðasókn. Bessastaðasókn er í Garðaprestakalli. Á Bessastöðum er talin hafa verið kirkja frá upphafi kristni í landinu. Kirkjan á Bessastöðum, sem er eina kirkjan í sveitarfélaginu, er bændakirkja. Við Bessastaðakirkju er kirkjugarður, sem enn er notaður í takmörkuðum mæli. Í kirkjugarðinum er samkvæmt gildandi skipulagi hans óráðstafað örfáum legstæðum en auk þess er þar frátekinn ákveðinn fjöldi legstæða.

Ekki er reiknað með að legstæðum verði fjölgað umfram það sem núverandi skipulag garðsins kveður á um.

Formlegt samstarf er milli Bessastaðasóknar og Garðasóknar um sameiginleg not sóknanna af kirkjugarðinum í Görðum.

Í aðalskipulagi Álftaness 2005-2024 er ekki tekið frá svæði undir nýjan kirkjugarð í sveitarfélaginu.

### Félagastarfsemi

Eitt meginmarkmiða aðalskipulags 21005-2024 er blómlegt menningar- og félagslíf á Álftanesi. Rekin er öflug íþrótt- og tómstundastarfsemi fyrir börn og unglunga. Starfrækt er íþróttafélag, kvenfélag, blandaður kór, félag um listir og menningu, hestamannafélag, skátafélag, Lionsklúbbur, Rotary-klúbbur (sameiginlegur með Garðabæ), félag eldri borgara, Rauðakross-deild, fugla- og náttúruverndarfélag, golfklúbbur, foreldrafélög í skólunum, auk þess sem umfangsmikil starfsemi er á vegum sóknarnefndar.

### 2.4.3 Niðurstaða mats á umhverfisáhrifum aðalskipulags varðandi samfélagsþjónustu (3)

Á heildina litið er stefnumörkun í aðalskipulagi Álftaness 2005-2024 sem snýr að **samfélagsþjónustu** fyrst og fremst talin hafa:

- jákvæð áhrif á skólamál og menntun í sveitarfélaginu.
- jákvæð áhrif á möguleika til bættrar samfélagsþjónustu, s.s. þjónustu við aldraða.
- jákvæð áhrif á fjölbreytileika í félagslífi og menningarlífi sveitarfélagsins.

Í heild eru umhverfisáhrif markmiða og leiða sem varða **samfélagsþjónustu** í aðalskipulagi 2005-2024 líkleg til þess að vera jákvæð.

## 2.5 Samgöngur

Undir þennan málaflokk falla öll helstu samgöngumannvirki, s.s. vegir og götur, göngu-, hjólréiða- og reiðstígar. Gera skal grein fyrir þegar byggðum og fyrirhuguðum samgöngumannvirkjum og tengingum við þau. Leggja skal eins og kostur er mat á hávaða- og loftmengun frá umferð um helstu samgöngumannvirki, miðað við umferð við skipulagsgerð og áætlaða umferð á skipulagstímabilinu og fjarlægð og tilhögun næstliggjandi byggðar skipulögð með tilliti til þess.

### 2.5.1 Markmið

Við skipulag umferðarkerfis sveitarfélagsins skal stefnt að lágmarksmengun, s.s. hávaðamengunar, af völdum umferðar. Stefnt skal að hámarksöryggi allra vegfarenda með öruggum og greiðum samgönguleiðum fyrir akandi, gangandi, hjólandi og ríðandi vegfarendur.

Stefnt er að því að almenningssamgöngur verði raunhæfur valkostur fyrir sem flesta.

### 2.5.2 Leiðir

Dregið verði úr umferð um og í gegnum miðhluta byggðarinnar, t.d. með aðgerðum til hraðahindrunar á Breiðumýri. Gripið verði til aðgerða sem draga úr hraða bílaumferðar á hringveginum. Sem dæmi má nefna mögulegt hringtorg við gatnamót að Bessastöðum, önnur hringtorg á hringvegi og hefðbundnar hraðahindranir við göngustíga sem þvera hringleiðina.

Byggja upp gönguleiðir inn að miðju bæjarins frá hverfunum að skólanum.

Leggja áherslu á að byggð beggja vegna hringvegjar tengist um gatna- og stíga-kerfi á augljósan og öruggan hátt.

Leggja áherslu á umferðaröryggismál í íbúðarhverfum, s.s. uppbyggingu öruggra stíga og aðgerðir til að draga úr umferðarhraða.



**Gatnakerfi**

Götur á Álftanesi eru flokkaðar í stofnbrautir, tengibrautir, safngötur og húsa-götur eftir eðli umferðar. Tilgangur flokkunar gatna er að stjórna umferðarþunga og tryggja umferðaröryggi.

- **Stofnbraut** á Álftanesi er aðeins ein, Álftanesvegur, sem tengir byggð á nesinu við nágrannabyggðarlög og liggur frá Bessastaðagrandu inn í Garðabæ. Á stofnbrautinni er hámarkshraði 50-70 km/klst. Samkvæmt umferðarútreikningum verður heildarumferð um Álftanesveg, stærsta veg sveitarfélagsins, um 7.000 bílar á dag í lok skipulagstímabilsins. Þetta er undir 3 milljónum ökutækja á ári.
- **Tengibrautir** eru tvær á Álftanesi, Norðurnesvegur og Suðurnesvegur, sem mynda hringveg um sveitarfélagið. Hámarkshraði er að jafnaði 50 km/klst en getur verið 30 km/klst þar sem vegfarendur eiga leið yfir götuna eða þar sem ástæða þykir til að minnka umferðarhraða vegna nálægðar umferðar við íbúðarbyggð. Heimilt er að gera ráð fyrir hraðahindrunum og sérstökum aðgerðum vegna gangbrauta.
- **Safngötur** eru aðalgötur íbúðarhverfa út frá tengibrautum að skólasvæði og íbúðarhverfum. Á safngötum er hámarkshraði 30 og/eða 50 km/klst allt eftir aðstæðum á hverjum stað. Gert er ráð fyrir gangbrautum og hraðahindr-unum eftir þörfum til að auka öryggi vegfarenda.
- **Húsagötur** eru almennt með hámarkshraða 30 km/klst. Þar sem vistgötur verða, þ.e. gata bæði nýtt af gangandi og akandi vegfarendum, er heimilt að lækka hámarksferðarhraða í allt að 15 km/klst.

Á aðalskipulagsupprætti eru safngötur og húsa-götur einungis sýndar til skýringar. Nánari útfærsla verður á þeim í deiliskipulagi.

**Almenningssamgöngur**

Sveitarfélagið Álftanes er aðili að byggðasamlaginu Strætó bs., sem er félag um almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu. Nýtt leiðakerfi Strætó bs. tók gildi á árinu 2005. Ein strætóleið er um Álftanes og tengist nágrannasveitar-félögunum um Álftanesveg.

**Stígar**

Stígar eru samgönguleiðir fyrir gangandi, hjólandi eða ríðandi vegfarendur og tengja saman bæjarhluta, útivistarsvæði og sveitarfélög. Stígar liggja um opin svæði og einnig meðfram umferðargötum. Auk umferðar um stíga sveitarfé-lagsins er almenningi lögum samkvæmt heimil óhindruð umferð um allar fjörur sveitarfélagsins, þótt stígar séu ekki merktir þar sérstaklega í aðalskipu-lagi. Stígakerfið er sýnt á aðalskipulagsupprætti.

Í aðalskipulagi Álftanes 2005-2024 er stígakerfi sveitarfélagsins flokkað í aðal-stíga, útivistarstíga/reiðstíga, útivistarstíga og reiðstíga.

- **Aðalstígar** eru megin göngu- og hjólreiðaleiðir í sveitarfélaginu. Aðalstígar tengja saman einstaka byggðarkjarna sveitarfélagsins, einnig íbúðarbyggð og skólasvæðið og tengjast einnig stígakerfi nágrannasveitarfélaganna um stíg sem liggur frá Bessastaðagrandu inn í Engidal. Aðalstígar skulu að jafnaði vera upplýstir og lagðir bundnu slitlagi. Þar sem aðalstígar liggja yfir tengibrautir eða safngötur skal gera sérstakar ráðstafanir til að tryggja öryggi vegfarenda um þá.
- **Útivistarstígar/reiðstígar** eru megin göngu- og reiðleiðir í sveitarfélaginu. Útivistar/reiðstígar liggja um opin svæði, einkum meðfram strandlengjunni og um Bessastaðanes og tengjast bæði aðalstígum og reiðstígum sveitarfé-lagsins. Útivistar/reiðstígar eru að jafnaði óupplýstir malarstígar en laga sig þó að staðháttum hverju sinni.
- **Útivistarstígar** eru megin gönguleiðir í sveitarfélaginu. Þeir liggja um opin svæði, einkum meðfram strandlengjunni og tengjast aðalstígum og úti-vistar/reiðstígum sveitarfélagsins. Útivistarstígar eru að jafnaði óupplýstir malarstígar en laga sig þó að staðháttum hverju sinni. Ekki er leyfð ríðandi umferð á útivistarstígum
- **Reiðstígar** eru meðfram hringvegi og Jörfavegi og tengjast hesthúsabyggð og útivistarstígum sveitarfélagsins. Reiðstígar eru að jafnaði óupplýstir malar-stígar, en laga sig þó að staðháttum hverju sinni. Tekið er frá landrými fyrir mögulega reiðleið meðfram Álftanesvegi inn í Garðabæ.

### 2.5.3 Niðurstaða mats á umhverfisáhrifum aðalskipulags varðandi samgöngur (3)

Á heildina litið er stefnumörkun í aðalskipulagi Álftaness 2005-2024 sem snýr að **samgöngum** fyrst og fremst talin koma til með að hafa:

- Jákvæð áhrif á umferðaröryggi í sveitarfélaginu.
- Jákvæð áhrif á aðgengi að þjónustusvæðum og útivistar- og tómstunda-svæðum.

Í heild eru umhverfisáhrif markmiða og leiða sem varða **samgöngur** í aðalskipulagi 2005-2024 líkleg til þess að vera jákvæð.

## 2.6 Veitur

Til veitna teljast stofn- og dreifikerfi veitna, s.s. vatnsveitu, hitaveitu, rafveitu, fjarskipta- og gagnaveitu og fráveitu ásamt sorpförgun og gámasvæðum. Með stofnkerfi er í skipulagsreglugerð átt við flutningskerfi, frá upptökum að dreifikerfi. Stofnlagnir veitna eru sýndar á þemaupprætti 2 í kafla 5.2.

### 2.6.1 Markmið

Ætíð verði tryggt nægt framboð af góðu köldu og heitu vatni til neyslu og hitunar.

Samkeppnishæfni sveitarfélagsins sé aukin með fullkomnu rafmagns- og gagnaflytningakerfum til að styrkja búsetuskilyrði og starfsskilyrði stofnana og fyrirtækja sem hingað vildu leita í framtíðinni.

Mengun fráveituvatns sé haldið í lágmarki. Uppfylltar séu kröfur reglugerðar um fráveitur og skolp varðandi hreinsun á skolpi áður en því er veitt til sjávar.

Stefnt er að því að minnka sorpmagn frá byggðinni með flokkun sorps og aukinni endurnýtingu og að stofnanir bæjarins leitist við að halda sorpmagni í lágmarki.

### 2.6.2 Leiðir

#### Vatnsveita

Um vatnsvernd vatnsbóla Álftnesinga gilda ákvæði svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins um vatnsvernd vatnsbóla á höfuðborgarsvæðinu. Vatnsverndarsvæðin lúta eftirliti heilbrigðiseftirlits.

Orkuveita Reykjavíkur tók við rekstri Vatnsveitu Álftaness samkvæmt samningi við sveitarfélagið 1. janúar 2005. Vatnsveita OR fékk gæðavottun samkvæmt ISO staðli árið 1999 og verða gæða- og öryggismál vatnsveitu á Álftanesi færð til sama horfs og er á veitusvæði Orkuveitu Reykjavíkur. Þannig mun vatnsveitan á Álftanesi standast kröfur matvælaíðnaðar og mun Orkuveita Reykjavíkur afla tilheyrandi vottanna því til staðfestu í samræmi við gæðastaðal ISO 9001 og Gámes.

Nú um stundir er neysluvatn keypt af Samveitum Garðabæjar. Innra eftirlit Samveitna Garðabæjar er formlegt og vottað, sbr. reglugerð nr. 522/1994. Neysluvatn er sótt í borholur í Dýjakrókum, austan við Vífilsstaðavatn. Svæðið er hluti af vatnsverndarsvæði alls höfuðborgarsvæðisins. Hugsanlegt er að á skipulagstímabilinu verði fyrirkomulagi vatnsöflunar breytt vegna aðkomu Orkuveitu Reykjavíkur að rekstri vatnsveitu á Álftanesi.

#### Hitaveita

Á höfuðborgarsvæðinu er öflugt dreifikerfi Orkuveitu Reykjavíkur sem getur séð aukinni byggð á svæðinu fyrir heitu vatni. Á Nesjavöllum hefur verið virkjað meira en nýtt er um þessar mundir og aðalaðveituæðin til Reykjavíkur getur flutt meira en þörf er fyrir nú um stundir. Fyrir dyrum standa frekari virkjanafarmkvæmdir á vegum OR, t.d. á Hellsheiði.

Orkuveita Reykjavíkur hefur séð Álftnesingum fyrir heitu vatni og annast uppbyggingu dreifikerfisins á Álftanesi frá árinu 1993. Hjá Orkuveitunni eru ekki nein vandkvæði á að sjá Álftanesi fullbyggðu fyrir heitu vatni.

#### Rafveita

Hitaveita Suðurnesja hf. hefur annast uppbyggingu raforkumannvirkja á Álftanesi. Fyrirtækið á mannvirki og lagnir sem tengjast húsum en sveitarfélagið á

lagnir og mannvirki sem tengjast götulýsingu. Á tímabilinu 1993-1998 voru allar stofnlagnir og dreifikerfi, sem þá voru enn að hluta til stauralagnir ofanjarðar, settar í jörð.

Áfram er gert ráð fyrir að allt rafmagn innan sveitarfélagsins verði flutt með jarðstrengjum.

#### Fráveita

Stefnt er að því að allt fráveituvatn verði leitt að meginútrás fráveitunnar norðan Hrakhólma og þaðan út í sjó. Sá möguleiki er fyrir hendi að hverfisrotþróm verði seinna fækkað eða þær lagðar af og í staðinn komi síun skólps úti á Bökkum áður en því er veitt í útrás norðan Hrakhólma.

Á árinu 1996 samþykkti sveitarstjórn Álftaness heildaráætlun fyrir fráveitu í sveitarfélaginu, þar sem framtíðarþarfir sveitarfélagsins voru skilgreindar og sett fram grundvallarmarkmið í fráveitumálum. Í heildaráætluninni voru sett fram nánari markmið og lausnir í fráveitumálum sveitarfélagsins ásamt gæðamarkmiðum varðandi viðtaka og markmiðum um meðhöndlun úrgangs frá fráveitunni.

Hægt er að velta fyrir sér þeirri framtíðarsýn að fráveita Álftnesinga tengist síðar fráveitukerfi nágrannasveitarfélaganna og að öllu skolpi frá nesinu verði dælt í átt að Garðaholti.

#### Fjarskipti - Gagnaflutningar

Ein símstöð er í bæjarfélaginu, á mótum Breiðumýrar og núverandi aðkomuvegar að skólasvæði. Til stendur að færa þessa stöð og stefnt er að byggingu nýrrar miðstöðvar símþjónustu á Álftanesi við Breiðumýri.

Gsm-loftnet eru nú um stundir á tveimur stöðum, á íþróttamiðstöðinni og á útihúsi við Landakot.

Ljósleiðari liggur inn í bæjarfélagið úr tveimur áttum. Annars vegar undir Skerjafjörð og um Bessastaðanes að Bessastaðagranda og hins vegar meðfram Álftanesvegi að Bessastaðagranda. Þaðan liggur ljósleiðari að símstöðinni við

Krakkakot. Frá árinu 1993 hafa lagnir fyrir ljósleiðara verið lagðar í allar nýjar íbúðargötur í bæjarfélaginu.

Stefnt er að því að byggja upp fullkomið gagnaflutningskerfi á Álftanesi. Jafnframt mun sveitarfélagið huga að uppsetningu nokkurs konar „bæjarnets“ til þess að auka upplýsingastreymi til íbúa og auðvelda þeim að nýta sér þá þjónustu sem sveitarfélagið býður upp á, meðal annars með útsendingu frá ýmsum viðburðum og með framsetningu upplýsinga.

Fullnægjandi flutningsgeta ljósleiðarakerfisins mun verða tryggð vegna íbúðarbyggðar og uppbyggingar atvinnulífs í sveitarfélaginu.

#### Sorpförgun og gámasvæði

Sveitarfélagið Álftanes er aðili að Sorpu bs., byggðarsamlagi um sorpförgun á höfuðborgarsvæðinu. Móttöku- og flokkunarstöðvar Sorpu er í Gufunesi og urðunarstaður í Álfsnesi í Reykjavíkurborg. Leyfi til urðunar í Álfsnesi nær til 2014. Ákvörðun um sorpförgun og hugsanlega nýjan urðunarstað eftir það verður tekin á vettvangi svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins.

Sorpa bs. rekur endurvinnslustöðvar víðs vegar um höfuðborgarsvæðið. Endurvinnslustöðin við Molduhraun í Garðabæ þjónar Álftnesingum.

Nú um stundir eru tveir grenndargámar fyrir pappír og fernur á Álftanesi, annar við gatnamót Norðurtúns og Norðurnesvegur og hinn á mótum Höfðabrautar og Suðurnesvegur. Í aðalskipulagi 2005-2024 er gert ráð fyrir að endurskoðuð verði stefna sveitarfélagsins um meðhöndlun sorps, einkum með frekari flokkun og endurvinnslu.

### 2.6.3 Niðurstaða mats á umhverfisáhrifum aðalskipulags varðandi veitur (3)

Stefnumið um veitumál í aðalskipulagi Álftaness 2005-2024 eru ekki líkleg til að valda teljandi neikvæðum umhverfisáhrifum í sveitarfélaginu. Mat þetta byggist á því að við þróun og uppbyggingu veitumála verður tekið fullt tillit til gildandi laga og reglugerða. Einnig kemur fram í stefnumörkun aðalskipulags-

ins að sveitarfélagið hyggst nýta sér þjónustu ýmissa viðurkenndra aðila sem tryggja að kröfur um heilsu, öryggi og náttúruvernd séu uppfylltar í starfsemi þeirra og þjónustu. Vakin er athygli á því að stefnumörkun sveitarfélagsins í fráveitu- og sorpmálum er líkleg til að minnka mengun frá byggðinni, t.d. með fækkun fráveituúthlaupa og aukinni endurnýtingu sorps.

Einnig má hér nefna möguleg jákvæð áhrif sem fyrirhuguð efling fjarskiptakerfis mun hafa á stöðu Álftanes varðandi búsetuskilyrði íbúa og fyrirtækja í sveitarfélaginu.

## 2.7 Önnur skipulagsákvæði

### 2.7.1 Nýtingarhlutfall

Í kafla 2.2 og 2.3 er fjallað um þéttleika íbúðarbyggðar á Álftanesi og þéttleiki borinn saman við nokkur svæði á höfuðborgarsvæðinu. Gengið er út frá því að þéttleiki byggðar verði 10-14 íbúðir á hektara byggðareita í nýjum hverfum einbýlis-, par- og raðhúsa. Í hverfum fjölbýlishúsa og blandaðri byggð á miðsvæði er reiknað með þéttari byggð. Hér er miðað við fjölda íbúða á hvern hektara lands (íb/ha). Í deiliskipulagi nýrra hverfa skal nýtingarhlutfall (byggingarmagn/lóðarstærð) ákvarðað út frá gildum sem gefin eru upp í kafla 2.2 og 2.3.

### 2.7.2 Bifreiðastæði

Bifreiðastæði skulu almennt vera í samræmi við ákvæði gr. 3.1.4 í skipulagsreglugerð. Nánari ákvarðanir varðandi fjölda og útfærslu bifreiðastæða verða teknar í deiliskipulagi. Á athafnalóðum og við breytingar á landnotkun á þegar byggðum svæðum skal þörf fyrir bifreiðastæði metin hverju sinni með hliðsjón af ákvæðum skipulagsreglugerðar.

Þar sem skipulögð verður þéttari íbúðarbyggð, einkum á blandaðri byggð á miðsvæði sveitarfélagsins, má eftir atvikum gera ráð fyrir að hluti bifreiðastæða geti verið neðan jarðar. Ekki er skylt að reikna flatarmál bílageymsla neðanjarðar með í nýtingarhlutfalli lóða.

Heimilt er að staðsetja bílastæði fyrir stóra bíl og vinnuvélar á opnum svæðum til sérstakra nota og á athafnasvæðum.

## 2.8 Breytingar frá gildandi aðalskipulagi

Hér verður lýst helstu breytingum sem verða frá aðalskipulagi Álftaness 1993-2013 með tilkomu nýs aðalskipulags 2005-2024.

- Hliðsnes:** Skerpt er á milli byggðar og óbyggðs svæðis. Byggðareitur minnkaður og óbyggt svæði stækkað.
- Hlið:** Byggðareitur næst Búðarflöt felldur út. Íbúðarlóð í kringum Hlið breytt í blandaða þjónustu- og íbúðarlóð.
- Kirkjubrú-Skógtjörn:** Íbúðarbyggð við Skógtjörn færð fjær ströndu. Dregið úr byggð og óbyggt svæði norðan Skógtjarnar stækkað, hluti svæðis merkt sem opið svæði til sérstakra nota (skrúðgarður). Þjóðminjaverndarsvæði merkt við norðurbakka tjarnarinnar og innst við Miðskóga.
- Haukshús – Þórukot:** Opin ásýnd til sjávar aukin með minnkun byggðareita og stækkun óbyggðra svæða. Lóð Haukshúsa verður þjónustu- og stofnanalóð. Hluti svæðis merktur sem opið svæði til sérstakra nota.
- Norðan Mýrarkots:** Dregið úr byggð og óbyggt svæði stækkað.
- Sunnan Birkiholts:** Opið svæði til sérstakra nota stækkað. Byggðareitur sunnan Sviðholts minnkaður.
- Norðan Asparholts:** Opið svæði til sérstakra nota (íþróttasvæði) stækkað.
- Hesthúsasvæði:** Nýtt ákvæði varðandi landnotkun á svæðinu í greinargerðinni „Stefnumörkun og skipulagsákvæði“, bls. 9.
- Brennusvæði:** Sýnt úti á Bökkum sem opið svæði til sérstakra nota.
- Eyvindarholt:** Byggðareitur við Eyvindarholt breyttist.
- Golfvöllur:** Golfvöllur staðsettur á svæðinu milli Norðurnesvegjar, Jörfavegar og Bessastaðatjarnar.
- Kasthús:** Nýr reitur fyrir blandaða byggð þjónustustofnana sveitarfélagsins og athafnasvæðis.
- Grund – Breiðabólstaðir:** Byggðareitir minnkaðir og byggð afmörkuð við núverandi hús.
- Hvoll - Jörfi:** Byggðarreitum við Jörfa og Hvol breytt ásamt legu vegar út á Breiðabólstaðaeyri.

15. **Breiðabólssstaðaeyri:** Blönduðu íbúðar- og hafnarsvæði breytt í opið svæði til sérstakra nota. Hesthúsabyggð og smábátahöfn.
16. **Bessastaðir:** Kirkjugarður merktur sem opið svæði til sérstakra nota.
17. **Friðun - Hverfisvernd - Náttúruminjaskrá:** Friðlýst svæði í Hliði og við Kasthúsatjörn eru sérmerkt. Ytri hluti strandlengjunnar er merktur með hverfisvernd H1. Breiðabólssstaðatjörn, Bessastaðatjörn og Kasthúsatjörn eru merkt með hverfisvernd H2. Skógtjörn, Lambhúsatjörn og Halakots-tjörn eru merktar sem hverfisvernduð svæði H3. Bessastaðanes er að mestu merkt sem svæði á náttúruminjaskrá en að hluta til með hverfisvernd H1 og H2. Svæði umhverfis varðskýli og varðturn á milli Breiðabólssstaðatjarnar og Bessastaðatjarnar er merkt sem hverfisverndarsvæði H3.
18. **Þjónustureitur fyrir símsstöð:** Nýr reitur sýndur við Breiðumýri austanverða, norðan skólasvæðis.
19. **Tenging lóða vestan Bessastaðatjarnar við Norðurnesveg:** Aðkoma að lóðum við tjörnina, að íbúðarbyggð við Eyvindarholt og að golfvelli er sameinuð í eina tengingu við Norðurnesveg.
20. **Göngustígar / hjólastígar / reiðstígar:** Stígatengsl í sveitarfélaginu eru endurskoðuð samhliða framangreindum breytingum og stígar greindir í aðalstíga, reiðstíga og útivistarstíga.
21. **Áætluð mörk sveitarfélagsins að Garðabæ í sjó** eru sýnd á aðalskipulagsupprætti.

## 3. Kynning, auglýsing og samþykkt aðalskipulagstillögu

### 3.1 Kynning og auglýsing

Almennur kynningarfundur (borgarafundur) um tillögu skipulagsnefndar að aðalskipulagi á vinnslustigi var haldinn 14.06. 2004.

Almennur kynningarfundur (borgarafundur) um tillögu skipulagsnefndar að aðalskipulagi á vinnslustigi var haldinn 10.03. 2005.

Kynningarfundur með landeigendum var haldinn 13.04.2005.

Aðalskipulagstillagan var send Umhverfisstofnun, Siglingastofnun, Fornleifavernd ríkisins, Vegagerðinni, forsætisráðuneytinu og landbúnaðarráðuneyti til umsagnar 20.04. 2005.

Aðalskipulagstillagan var send sveitarstjórnnum annarra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu til kynningar 20.04. 2005.

Almennur kynningarfundur (borgarafundur) um tillögu að aðalskipulagi var haldinn 05.09. 2005.

Skipulagstillagan var til fyrri umræðu bæjarstjórnar 13.9. 2005.

Skipulagstillagan var send Skipulagsstofnun til athugunar. Svar stofnunarinnar með athugasemdum barst með bréfi, dags 7.10. 2005.

Skipulagstillagan var auglýst 16.12. 2005 með athugasemdafresti til 27.1. 2005.

Skipulagsnefnd afgreiddi fram komnar athugasemdir á fundi sínum 13.3.2005.

Bæjarstjórn samþykkti endurskoðað aðalskipulag Álftaness til afgreiðslu Skipulagsstofnunar á fundi sínum 15.3.2005.

### 3.2 Athugasemdir og breytingar

Alls bárust 32 athugasemdir við tillöguna. Fjallað var ítarlega um allar fram komnar athugasemdir af skipulagsnefnd og skipulagsráðgjöfum áður en þær komu til afgreiðslu bæjarstjórnar.

Vegna fram kominna athugasemda var auglýstri aðalskipulagstillögu breytt í eftirfarandi atriðum:

#### 3.2.1 Breytingar á greinargerð

Kafli 2. Þjóðminjaverndarsvæði – friðlýstar minjar. Bætt við ítarlegri lýsingu á Skansinum og Skjónaleiði.

Kafli 2.1.2 Óbyggð svæði. Skipulagi í upplandi Almenningskóga Álftaness frestað.

Kafli 2.5.2 Gatnakerfi. Uppfærðar upplýsingar um umferð og umferðarspá á Álftanesvegi.

#### 3.2.2 Breytingar á forsenduhefti aðalskipulagsins

Kafli 6.1 Umferðarspár. Uppfærðar upplýsingar um umferð og umferðarspá á Álftanesvegi.

## 4. Heimildir og tengt efni

1. Samvinnunefnd um svæðisskipulag: Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2000-2024. Staðfest 20. desember 2002.
2. Sveitarfélagið Álftanes. Forsendur aðalskipulags Álftaness 2005-2024. Apríl 2006.
3. Sveitarfélagið Álftanes. Umhverfisskýrsla aðalskipulags Álftaness 2005-2024. Apríl 2006.
4. Náttúrufræðistofnun Íslands. Skýrslan „Gróðurfar og fuglalíf á Álftanesi“, NÍ-04012, júní 2004.
5. Fornleifastofnun Íslands. Skýrsla FS237-04031, 2004.
6. Sveitarfélagið Álftanes: Áætlun um sjálfbæra framtíð – Staðardagskrá 21.
7. Skipulagsstofnun: Leiðbeiningar um gerð aðalskipulags, ferli og aðferðir, 2003.
8. Sveitarfélagið Álftanes: Fjölskyldustefna, 2004.
9. Sveitarfélagið Álftanes: Skólastefna, 2004.
10. Sveitarfélagið Álftanes: Umhverfisstefna, 2004.
11. Kristján Eldjárn. Örnefni og minjar í landi Bessastaða á Álftanesi. Árbók hins íslenska fornleifafélags 1981, bls.14.

## 5. Uppdrættir

### 5.1 Aðalskipulagsuppdráttur

Landnotkunaruppdráttur aðalskipulagsáætlunarinnar er smækkaður úr blaðstærð A1 í A4 til birtingar í greinargerð þessari. Tilgreindur mælikvarði á uppdrættinum er því ekki réttur.

### 5.2 Þema- og skýringaruppdrættir

Eftirtaldir þema- og skýringaruppdrættir í blaðstærð A4 eru birtir hér að aftan. Tilgreindur mælikvarði á uppdráttum er ekki réttur. Þema- og skýringaruppdrættir eru hugsaðir til skýringar og sýna skipulagsákvæði og önnur atriði sem aðalskipulagið tekur til og ekki koma fram á landnotkunaruppdrætti. Staðsetning einstakra mannvirkja er þar sýnd á táknrænan hátt og verður ákvörðuð nánar í deiliskipulagi. Landnotkunaruppdráttur aðalskipulags gildir ef ósamræmi er milli hans og þema- og skýringaruppdráttanna.


- Þemauppdráttur 1:** Helstu fornminjar.  
**Þemauppdráttur 2:** Vatnsveita, hitaveita, rafveita, fjarskiptakerfi og fráveita.  
**Þemauppdráttur 3:** Þekkt flóðasvæði og sjóvarnagarðar.
- Skýringaruppdráttur 1:** Náttúruvernd.  
**Skýringaruppdráttur 2:** Skólar, leikskólar og leikvellir.








**Pemauppráttur 1. Helstu fornminjar. Skýrsla FSÍ, sjá heimild (5).**



**Pemauppráttur 2. Vatnsveita, hitaveita, rafveita, fjarskiptakerfi og fráveita.**

Gert er ráð fyrir að leggja stofnlagnir að Breiðabólstaðaeyri í nágrenni við veg, en að fráveita fylgi strandlínu á norðanverðu nesinu. Nánari lega verður útfærð í deiliskipulagi.




Þemauppráttur 3. Þekkt flóðasvæði og sjóvarnagarðar.



Þemaupdráttur 4. Byggingar sem hafa menningarsögulegt gildi.



Skýringaruppdráttur 1. Náttúruvernd.



Skýringaruppdráttur 2. Skólar, leikskólar og leikvellir.





# UMHVERFISSKÝRSLA



# 1. Tilgangur umhverfismats

Megintilgangur umhverfisskýrslu aðalskipulags er að greina frá helstu mögulegum umhverfisáhrifum sem framkvæmd aðalskipulags er líkleg til að hafa á umhverfi og segja til um það hvort þessi áhrif í heild sinni geti orðið veruleg í skilningi tilskipunar ESB nr. 42 / 2001 um umhverfismat áætlana.

Tilgangur þessarar umhverfisskýrslu er m.a. að greina frá því á hvaða hátt tillit hefur verið tekið til líklegra umhverfisáhrifa við mótun aðalskipulags Álftaness 2005-2024. Fjöldi upplýsinga sem er að finna í umhverfisskýrslunni, í samræmi við ákvæði tilskipunar nr. 42 / 2001, eiga að tryggja að þessum tilgangi verði náð.

## Áhrif umhverfismats á skipulagsvinnu

Hugmyndavinna og mótun forsenda fyrir endurskoðun aðalskipulags Álftaness fór fram snemma í skipulagsferlinu og á fyrstu stigum umhverfismats lágu fyrir lauslegar hugmyndir og óskir um megin áherslur í nýju aðalskipulagi 2005–2024. Matsvinna í áframhaldandi skipulagsvinnu fólst aðallega í því að

- skýra frá tilgangi og helstu áhersluatriðum umhverfismats fyrir sveitarstjórn og íbúum á opnum kynningarfundi sem skipulagsnefnd stóð fyrir í júní 2004.
- vinna matsáætlun, sbr. áfangaskýrslu 3, sem gefin var út í október 2004.
- aðstoða við að skilgreina markmið og leiðir í aðalskipulaginu á samræmdan hátt. Þannig var skapaður grundvöllur til að meta möguleg umhverfisáhrif.
- aðstoða við skilgreiningu mismunandi valkosta.
- greina áhrifaþætti og umhverfisþætti sem verða fyrir áhrifum. Við mótun aðalskipulagstillögu var tekið tillit til mögulegra umhverfisáhrifa sem hafa verið skilgreind.
- vinna umhverfismat aðalskipulagstillögunnar.



Mynd 1. Frá almennum kynningarfundi 10. mars 2005.

## 2. Umhverfismat

Í eftirfarandi köflum er fjallað um helstu umhverfisáhrif sem aðalskipulag Álftaness 2005-2024 er líklegt til að valda. Fjallað er um áhrif sömu málaflokka og stefnumið þeirra og koma fram í greinargerð aðalskipulagsins, „Stefnumörkun og skipulagsákvæði“.

Málaflukkarnir eru:

- umhverfi og útivist
- íbúðarbyggð
- atvinnulíf og menningarstarfsemi
- samfélagsþjónusta
- samgöngur
- veitur

Í samræmi við tilskipun ESB 42/2001 um umhverfismat áætlana tók greining áhrifa til eftirfarandi umhverfisþátta:

- samfélags og heilbrigði fólks
- dýra, plantna og líffræðilegrar fjölbreytni
- jarðvegs og jarðmyndana
- vatns, lofts og veðurfars
- eigna
- menningararfleifðar, þ.m.t. byggingarsögulegra minja og fornleifa
- landslags

Greining umhverfisþátta og áhrifa í aðalskipulaginu byggir á ýmsum gögnum og upplýsingum, s.s.:

- leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um umhverfismat áætlana
- gögnum um núverandi ástand, s.s. skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands frá júní 2004 um náttúrufar á Álftanesi, deiliskráningu Fornleifastofnunar Íslands á fornleifum á Álftanesi frá júní 2004 og áfangaskýrslu 2 frá júní 2004 um forsendur aðalskipulags 2005-2024

- upplýsingum sem hafa óformlega komið fram á ýmsum stigum skipulagsvinnunnar, s.s. á íbúðarþingum í mars 2003 og október 2004
- vinnu þverfaglegs teymis ráðgjafa um markmið, aðgerðir og valkosti
- greiningu áhrifa með gátlistum, venslatöflum og rýni ýmissa skipulagsgagna

Um fjöllum um umfang og vægi áhrifa byggist á:

- náttúruverndarlögum nr 44 / 1999
- Náttúruminjaskrá 1996
- náttúruverndaráætlun Alþingis til 2008
- skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands, unnin fyrir Sveitarfélagið Álftanes 2004
- niðurstöðum íbúðarþinga á Álftanesi í mars 2003 og október 2004
- fornleifaskráningu FÍ. Unnin fyrir Sveitarfélagið Álftanes, 2004

Við val á umhverfisþáttum og viðmiðum við umhverfismatið voru notaðir gátlistar í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um umhverfismat áætlana í (7).

### 2.1 Umhverfi og útivist

Stefnumið þessa málaflokks snúa fyrst og fremst að því viðhalda sérstöðu og ímynd Álftaness sem byggðar í tengslum við náttúru með fjölbreyttum útivistarmöguleikum, sbr. greinargerð aðalskipulagsins „Stefnumótun og skipulagsákvæði“.

#### 2.1.1 Helstu áhrif

Helstu líkleg jákvæð og neikvæð áhrif sem greindust í matsvinnunni verða á íbúðarþróun og húsnæðismál, gróður, fuglalíf, verndarsvæði og landslag.

Víðfeðm náttúruleg opin svæði, tjarnir og fjörur eru, sem einkenni byggðar á Álftanesi, talin vera styrkleiki sveitarfélagsins og gefa því sérstöðu við hliðina á þéttri og fjölmennri byggð á höfuðborgarsvæðinu. Með hliðsjón af þessu má álykta að vernd náttúru ásamt auknu framboði og bættri aðstöðu til útivistar í nálægð við íbúðarbyggð sveitarfélagsins geri Álftanes að aðlaðandi búsetukosti. Markmið og leiðir í þessum málaflokki eru því líkleg til að styrkja Álftanes sem sjálfstætt sveitarfélag og stuðla að aðflutningi íbúa sem sækjast eftir þessum búsetugæðum. Vernd náttúru og bætt aðstaða fyrir útivist í sveitarfélaginu eru á þann hátt líkleg til að stuðla að hækkun fasteignaverðs á Álftanesi.

Víðfeðm afmörkun verndarsvæða með friðlýsingu eða hverfisvernd og afmörkun svæða á Náttúruminjaskrá eru líkleg til að styrkja og viðhalda núverandi einkennum sveitarfélagsins. Áætlanir um tilhögun og afmörkun útivistar- og íþróttasvæða ógna verndarsvæðum í fæstum tilfellum. Þó er vakin athygli á því að nesið norðan við Breiðaskurð hefur að mati Náttúrufræðistofnunar Íslands mikið gildi m.t.t. gróðurfars m.a. vegna þess að þar er mýri sem hefur aldrei verið ræst fram. Jafnframt er norðurbakki Bessastaðartjarnar, frá Breiðaskurði norður fyrir Jörfa, talinn vera eitt mikilvægasta varpsvæði fyrir endur á Álftanesi. Einnig hefur Náttúrufræðistofnun bent á mikilvægi og sérstöðu Breiðabólstaðaeýrar m.t.t. til gróðurfars og fuglalífs (4).

Áform um golfvöll, smábátahöfn, hesthúsahverfi og stíga geta haft truflandi áhrif og/eða valdið raski á gróðurfari og fuglalífi á svæðinu. Þetta er þó háð umfangi uppbyggingar og eðli starfseminnar og mögulegum mótvægisáðgerðum við deiliskipulagingu svæðisins.

Almennt má segja að verndarsvæði og skilgreining opinna svæða á Álftanesi séu til þess fallin að viðhalda og styrkja ímynd sveitarfélagsins sem íbúðarbyggðar með mikil tengsl við náttúrunna. Þó að landslag á Álftanesi í heild verði ekki fyrir verulegum breytingum við framkvæmd aðalskipulags 2005-2024 þarf að gæta varkárni ef það á að vera markmið að viðhalda núverandi landslagseinkennum sveitarfélagsins til lengri tíma.

### 2.1.2 Tillögur að mótvægisáðgerðum / vöktun

Til þess að draga úr mögulegu raski og stýra frekari áðgerðum og umgengni sem geta til lengri tíma haft áhrif á landslag Álftaness gerir aðalskipulag 2005-2024 ráð fyrir að komið verði á skilvirkri friðun og hverfisvernd fjörunnar og tjarnasvæða (sbr. aðalskipulagsupprátt).

Lögð er áhersla á mikilvægi þess að draga úr mögulegum neikvæðum umhverfisáhrifum á deiliskipulagsstigi varðandi tilhögun golfvallar, smábátahafnar og hesthúsahverfis á norðurnesinu. Þess verði gætt að uppbygging og viðhald mannvirkja taki mið af náttúruvari svæðisins. Strax í upphafi verði tekin saman umhverfisstefna fyrir golfvöllinn, smábátahöfnina og hesthúsahverfið með það að markmiði að vernda og viðhalda því náttúruvari sem fyrir er og bæta fyrir þær breytingar sem fyrri notkun landsins hefur haft í för með sér, t.d. með því að fláa gamla skurði niður og breyta þeim í litla voga eða tjarnir. Einnig verði þess gætt við hönnun mannvirkja að öll jarðvinnsla við gerð þeirra verði í lágmarki og að landslagsmótun verði í samræmi við það landslag sem fyrir er á svæðinu.

Fjölbreytt náttúrulegt votlendi er næst Kasthúsatjörn og gömul tún, sem eru sunnan og austan við tjörnina, eru óðum að breytast til fyrra horfs. Þessi svæði eru að mati Náttúrufræðistofnunar Íslands heppileg til endurheimtar votlendis og gæti það votlendi sem ynnist, komið í staðinn fyrir önnur svæði sem óhjákvæmilegt er að raska vegna framkvæmda.

Náttúrufræðistofnun Íslands telur að hið óraskaða Bessastaðanes hafi í heild mikið gildi sem náttúrusvæði. Að mati stofnunarinnar er æskilegt að leggja göngu- og hjólastíg um nesið til þess að fólk geti notið þar óspilltar náttúru. Í aðalskipulagi 2005-2024 og einnig í gildandi deiliskipulagi jarðarinnar Bessastaða er stefnt að því að viðhalda þessu óraskaða landi í Bessastaðanesi, m.a. til útivistar og vernda þar stór votlendissvæði.

Til þess að tryggja heildaryfirbragð og viðhald einkenna Álftaness eru sett sérstök ákvæði um merkingu opinna svæða til sérstakra nota í aðalskipulaginu. Á þann hátt markar sveitarfélagið sína eigin stefnu um tilgang slíkra svæða, sem viðbót við almenna skilgreiningu þeirra í skipulagsreglugerð.

### 2.1.3 Aðrir umhverfisþættir

- **Atvinna:** Afmörkun verndarsvæða og fyrirhuguð aðstaða og svæði til útivistar, s.s. golfvöllur, smábátahöfn og hesthúsahverfi, er líkleg til að hafa jákvæð áhrif á atvinnulíf sveitarfélagsins, t.d. með hliðsjón af áformum um uppbyggingu ferðamennsku.
- **Aðgengi:** Aðgengi að þjónustu og útivistar- og tómstundasvæðum er gott í dag, þ.e. stuttar vegarlengdir og öruggar leiðir víðast hvar í sveitarfélaginu. Þetta kemur ekki til með að breytast verulega en mun eflaust verða bætt á skipulagstímabilinu (sjá nánar kafla um áhrif á samgöngur).
- **Landnotkun:** Áhrif aðalskipulags 2005-2024 eru lítil, þar sem flest svæði sem í skipulaginu eru afmörkuð sem óbyggð svæði eða sem opin svæði til sérstakra nota eru nú notuð til beitar.

Aðrir umhverfisþættir sem voru til athugunar og umfjöllunar í umhverfismatinu verða aðeins fyrir litlum eða engum áhrifum.

### 2.1.4 Valkostir

Í aðalskipulagi 2005-2024 eru áform um byggingu golfvallar á norðurnesinu. Nokkrir valkostir hafa verið til skoðunar m.t.t. til útfærslu, umfangs og staðsetningar vallarins. Fjórar megin tillögur hafa verið bornar saman m.t.t. umhverfisáhrifa, sjá mynd 2:

- Valkostur 1. Golfvöllur milli Asparvíkurveggar og Jörfavegar.
- Valkostur 2. Golfvöllur norðan og vestan Bessastaðatjarnar.
- Valkostur 3. Golfvöllur í Bessastaðanesi.
- Valkostur 4. Golfvöllur á svæðinu frá Haukshúsum að Breiðumýri.
- Núll-kostur. Svokallaður núll-kostur felur í sér að í aðalskipulagi 2005-2024 verði ekki gert ráð fyrir golfvelli í sveitarfélaginu.

#### Valkostur 1: Golfvöllur milli Asparvíkurveggar og Jörfavegar – Helstu áhrif

Á svæðinu rúmast 9 holu golfvöllur af viðurkenndri stærð. Jákvæð áhrif þessa valkosta er að svæðið er að stórum hluta á gamalgrónum túnnum á framræstu svæði. Svæðið býður upp á gott golfvallarstæði í náttúrulegu umhverfi. Göngu- og hjólafjarlægð golfvallar er lítil og hentug fyrir börn og ungmenni og tengsl

akandi umferðar eru góð. Neikvæð áhrif þessa valkosta felast í raski á lítt snortinni náttúru nyrst á nesinu norðan Breiðaskurðar við Bessastaðatjörn en nesið er talið sérstakt m.t.t. náttúrufars sem gróðursvæði og búsvæði fugla að mati Náttúrufræðistofnunar Íslands (4).

#### Valkostur 2: Golfvöllur norðan og vestan Bessastaðatjarnar – Helstu áhrif

Jákvæð áhrif þessa valkosta er að svæðið býður upp á gott golfvallarstæði í náttúrulegu umhverfi. Göngu- og hjólafjarlægð golfvallar er lítil og hentug fyrir börn og ungmenni og tengsl akandi umferðar eru góð.


Neikvæð áhrif eru að Jörfavegur klýfur vallarstæði. Neikvæð áhrif vallarstæðis vestan við Bessastaði er að þar er talinn mikilvægur viðkomustaður margæsar á fartíma.

#### Valkostur 3: Golfvöllur í Bessastaðanesi – Helstu áhrif

Golfvöllur í Bessastaðanesi gæti verið stærri en aðrir valkostir leyfa, jafnvel 18 holu völlur, sem þykir jákvætt fyrir iðkendur íþróttarinnar. Neikvæð áhrif þessa valkosta eru fölgín í staðsetningunni þar sem völlur í Bessastaðanesi veldur talsverðu raski á lítt snortinni náttúru en hið óraskaða Bessastaðanes hefur í heild mikið gildi sem náttúrusvæði að mati Náttúrufræðistofnunar Íslands og er á Náttúruminjaskrá. Einnig þykir mikil göngu- og hjólafjarlægð golfvallar í Nesinu vera erfið fyrir börn og ungmenni. Tengsl akandi umferðar við Bessastaðanes eru afar erfið og ekki gert ráð fyrir þeim í aðalskipulagi 2005-2024. Á vinnslustigi aðalskipulagsins var til skoðunar að leggja Jörfaveg yfir nyrsta hluta Bessastaðatjarnar norðanvert við Jörfa, m.a. til að ná betri umferðartengslum við Nesið, en fallið var frá þeim áformum út frá umhverfissjónarmiðum.

#### Valkostur 4: Golfvöllur á svæðinu frá Haukshúsum að Breiðumýri – Helstu áhrif

Þessi valkostur getur falið í sér golfvöll frá þeirri stærð sem tímabundinn æfingavöllur austan við Haukshús er í dag allt upp í stærri 9-holu golfvöll sem næði að Breiðumýri (sbr. mynd 2). Jákvæð áhrif þessa valkosta eru einkum þau að svæðið er ekki talið hafa verndargildi og veldur þar með engu raski á lítt snortinni náttúru. Golfvöllur þarna væri í nánd við meginíbúðarbyggð sem



Mynd 2. Valkostir um staðsetningu golfvallar.

þykir kostur og einnig lægi völlum að hluta til á svæði sem í aðalskipulagi er merkt sem svæði til sérstakra nota, bæði við Haukshús og næst Breiðumýri. Neikvæð áhrif þessa valkosta eru að golfvöllurinn lægi nálægt og beggja vegna mikillar umferðargötu bæjarins og að á svæðinu er fyrirhugað að íbúðabyggð rísi á skipulagstímabilinu. Völlur af enn minni gerð, sem lægi annars vegar við Suðurnesveg, uppfyllir ekki kröfur um viðurkenndan golfvöll.

#### Núll-kostur: Helstu áhrif

Núll-kostur felur í sér að ekki verði gert ráð fyrir golfvelli í sveitarfélaginu í aðalskipulagi 2005-2024. Þar með færi ekkert land undir golfvöll og ekki þyrfti að taka tillit til neinna neikvæðra áhrifa þess vegna. Hins vegar næðust þá heldur ekki fram þau jákvæðu áhrif golfiðkunar í sveitarfélaginu sem aukið framboð í útivist og íþróttum hefur.

#### Niðurstaða samanburðar

Eitt af markmiðum aðalskipulags 2005-2024 er að auka fjölbreytni framboðs fyrir útivist og íþróttir í náttúrulegu og öruggu umhverfi í nálægð byggðarinnar. Núll-kosturinn er í mótsögn við þetta markmið og þykir því ekki fýsilegur.

Valkostur 4 þykir óraunhæfur einkum af þremur meginástæðum: a) vegna nálægðar við miklar umferðargötur og legu beggja vegna Suðurnesvegar, valkosturinn er talinn í ósamræmi við markmið aðalskipulagsins um aukið öryggi umferðar; b) á svæðinu er fyrirhugað að íbúðabyggð rísi á skipulagstímabilinu; c) minni golfvöllur þarna uppfyllir ekki kröfur um viðurkenndan golfvöll.

Valkostur 3, Golfvöllur í Bessastaðanesi, er einnig talinn vera óraunhæfur valkostur, fyrst og fremst út frá umhverfissjónarmiðum og erfiðum umferðar-tengslum við Nesið.

Hugmyndirnar þrjár í valkosti 2 þykja ekki fýsilegastar þeirra valkosta sem voru til skoðunar, því vallarsvæðið lægi beggja vegna Jörfavegar sem er neikvætt og golfvöllurinn næði yfir mun stærra svæði nærri tjörnum en valkostur 1.

Með fyrirbyggjandi skipulagstillögu er lögð fram hugmynd að golfvelli skv. valkosti 1. Við nánari útfærslu vallarins verður leitað álits sérfræðinga til þess að

finna góða lausn og koma fyrir mótvægisáðgerðum til þess að draga sem mest úr neikvæðum áhrifum á náttúruna eða koma í veg fyrir þau. Sveitarfélagið hefur ákveðið að byggja ekki golfvöll við hlið Kasthúsatjarnar, bæði vegna náttúruverndargildis tjarnarinnar og umhverfis hennar og einnig til að leyfa gömlu túnunum austan við tjörnina áfram að þróast sem framtíðar votlendi. Jafnvel er sá möguleiki fyrir hendi að flýta fyrir þeirri þróun og endurheimta votlendi í stað þess sem raskast nyrst á nesinu norðan Breiðaskurðar við Bessastaðatjörn.

### 2.1.5 Niðurstaða mats

Á heildina litið kemur stefnumörkun aðalskipulags Álftaness 2005-2024 sem snýr að **umhverfi og útivist** fyrst og fremst til með:

- að hafa jákvæð áhrif á viðhald verndarsvæða.
- að hafa jákvæð áhrif á möguleika til útivistar, þ.e. fjölbreyttir og vel aðgengilegir íþróttar- og útivistarmöguleikar í góðum tengslum við íbúðarbyggð.
- að hafa staðbundin neikvæð áhrif á votlendi og fuglalíf við norðvesturbakka Bessastaðatjarnar og á náttúrufar á Breiðabólstaðaeyri.
- að hafa í för með sér breytingu á náttúrulegu landslagi við norðvesturbakka Bessastaðatjarnar og á Breiðabólstaðaeyri.

Með tilliti til þessa er stefnumörkun aðalskipulags sem varðar **umhverfi og útivist** líkleg til að valda staðbundnum neikvæðum áhrifum við norðvesturbakka Bessastaðatjarnar og á Breiðabólstaðaeyri vegna rasks á náttúrufari sem telst sérstakt á svæðisvísu. Hér ber þó að gera þann fyrirvara að umfang áhrifa er háð eðli og umfangi landnotkunar, starfsemi og endanlegri tilhögun. Í heild sinni eru tillögur aðalskipulags ekki líklegar til að valda verulegum neikvæðum umhverfisáhrifum.

## 2.2 Íbúðarbyggð

Stefnumið aðalskipulags í þessum málaflokki snúast fyrst og fremst um framtíðar íbúðarbyggð í sveitarfélaginu með áherslu á að viðhalda núverandi heildaryfirbragði byggðar, þar sem byggð í tengslum og nálægð við náttúru og vel aðgengileg útivistarsvæði er talin einn meginkostur sveitarfélagsins.



### 2.2.1 Helstu áhrif

Um fjöllun um jákvæð og neikvæð áhrif í matsvinnunni sneri fyrst og fremst að íbúapróun, samfélagsgerð, aðgengi að þjónustu og útivistarsvæðum og ásýnd íbúðarbyggðar.

Áform og aðgerðir sem stefnt er að í aðalskipulagi Álftaness 2005-2024 eru líkleg til að stuðla að íbúafjölgun á skipulagstímabilinu. Uppbygging og líklegur aðflutningur íbúa veldur aukinni eftirspurn eftir opinberri þjónustu s.s. félagsþjónustu, þjónustu leikskóla, grunnskóla, tónlistarskóla, heilsugæslu, öldrunarþjónustu svo og aukinni þörf fyrir stíga og stærri íþróttasvæði og útivistarsvæði.

Spá aðalskipulagsins um fjölgun barna á skólaaldri og fjölgun aldraðra íbúa á skipulagstímabilinu kallar á áframhaldandi uppbyggingu skólahúsnæðis og frekari uppbyggingu þjónustu og íbúða fyrir aldraða. Að öðru leyti má búast við að samfélagsgerðin breytist ekki mikið frá því sem er. Áfram munu sömu fjölskyldugerðir og áður sækjast eftir búsetu í sveitarfélaginu.

Nálægð sveitarfélagsins við aðra byggð á höfuðborgarsvæðinu er talin vera styrkleiki. Búast má við að sérstaða Álftaness sem náttúruperla í nánd við höfuðborgina og aukin framboð af nýju íbúðarhúsnæði laði að sér fleiri íbúa í samræmi við íbúaspá aðalskipulagsins.

Núverandi ástand útivistarsvæða og opinna grænna svæða mun ekki breytast með tilkomu byggðar eins og hún er áætluð á skipulagstímabilinu. Áætluð íbúðarbyggð mun áfram vera í góðum tengslum við náttúruna með gott aðgengi að grænum svæðum og útivistarmöguleikum sem bjóðast á Álftanesi.

Áform um byggð á Álftanesi, sbr. aðalskipulagsuppdrátt, gera ráð fyrir að byggð þróist að hluta til áfram í samræmi við núverandi mynd en jafnframt að byggðin þéttist og hækki lítilllega í miðju sveitarfélagsins, þ.e. á miðsvæðinu. Með þessu breytist ásýnd sveitarfélagsins óhjákvæmilega. Í heild er stefnt á að viðhalda núverandi heildaryfirbragði sveitarfélagsins og upplifun þess sem *sveit/náttúruperla í borg*.

### 2.2.2 Tillaga að mótvægisáðgerðum / vöktun

Tillögur að mótvægisáðgerðum til að draga úr hættu á skerðingu eða röskun á heildaryfirbragði sveitarfélagsins:

- gæta vel að tilhögun og ásýnd byggðarinnar. Hönnunarvinna fyrir framtíðarbyggð þarf m.a. að fylgja því leiðarljósi að samræma annarsvegar vöxt byggðarinnar og íbúafjölgun og hins vegar viðhald og verndun heildaryfirbragðs sveitarfélagsins.

### 2.2.3 Aðrir umhverfisþættir

Aðrir umhverfisþættir sem voru til athugunar í umhverfismatinu en verða fyrir litlum eða engum áhrifum eru heilsa fólks, efnisleg verðmæti (húsnæði og önnur mannvirki), dýr og plöntur, jörð og jarðvegur, grunnvatn, neysluvatn og yfirborðsvatn, loft og menningarminjar.

### 2.2.4 Valkostir

Við mótun aðalskipulags Álftaness 2005-2024 hafa verið til umræðu fjöldi mismunandi valkosta m.t.t. umfangs og tilhögunar framtíðar íbúðarbyggðar. Fyrirliggjandi skipulagstillaga er niðurstaða þessarar vinnu þar sem tillit var tekið til fjölda mismunandi sjónarmiða sem tengjast bæði mögulegum áhrifum á samfélag og náttúruvar. Miðað er við hóflega fjölgun íbúa í sveitarfélaginu á skipulagstímabilinu. Þrátt fyrir að aðalskipulagstillagan hafi tekið margvíslegum breytingum á vinnsluskeiði má í megindráttum greina á milli tveggja möguleika sem voru til umfjöllunar.

- Valkostur 1. Þétting byggðar og minnkun svæða undir íbúðarbyggð frá eldra aðalskipulagi, sbr. aðalskipulagsuppdrátt.
- Núll-kostur. Dreifð byggð, þ.e. áframhaldandi þróun byggðar með sama hætti og tíðkast hefur.

#### Valkostur 1 – Helstu áhrif

Stefnumið um þéttingu byggðar er liður í því að stækka og viðhalda víðáttumiklum náttúrusvæðum sem einkenna Álftanes. Á íbúðingum og kynningarfundum komu fram ábendingar um að takmarka dreifingu byggðar og stækka

opin svæði. Dreifð byggð leggur mikil landsvæði undir sig og gæti þannig breytt landslagseinkennum og ásýnd Álftaness meira en þéttari byggð. Í sam-  
anburði við núllkostinn sem gerir ráð fyrir dreifðri byggð í sveitarfélaginu þykir þessi valkostur líklegri til þess að varðveita ásýnd og upplifun sveitarfé-  
lagsins í líkingu við núverandi ástand.

Þétting byggðar á Álftanesi felur m.a. í sér minnkun byggingarsvæða og stækkun óbyggðra opinna svæða miðað við eldra aðalskipulag svo og byggingu húsa með fjölbreytilegum íbúðakostum. Framboð á fjölbreyttara húsnæði getur  
laðað að sér íbúa á víðara aldurskeiði heldur en ríkjandi byggðamynstur í sveitarfélaginu gerir. Þessi valkostur uppfyllir því markmið sveitarfélagsins varðandi þennan málaflokk.

#### Núll-kostur – Helstu áhrif

Ríkjandi byggð á Álftanesi er byggð sérbýlishúsa á einkalóðum. Áframhald-  
andi þróun slíkrar byggðar gæti stuðlað að einsleitari samfélagsgerð en sveitar-  
félagið stefnir að með stefnumörkun sinni um íbúðarbyggð í aðalskipulagi 2005-2024, þar sem áhersla er lögð á fjölbreytt húsnæði fyrir mismunandi sam-  
félagshópa.

Áframhaldandi þróun dreifðrar byggðar er líkleg til að valda svipuðum  
áhrifum á náttúru og þéttari byggð hefur á sama svæði. Dreifð byggð mun leggja  
undir sig stærri landssvæði en þétt byggð og með vísan til þess má færa rök  
fyrir því að hún verði a.m.k. jafn áberandi og hærri og þéttari byggð.

#### Niðurstaða samanburðar

Stefnumörkun í aðalskipulagi 2005-2024 tekur tillit til ábendinga og hug-  
mynda sem hafa komið fram í skipulagsferlinu, m.a. á íbúðingum. Með því að  
byggja upp íbúðarbyggð af varfærni og endurskoða að staðaldri þróun byggðar-  
innar verður reynt að koma í veg fyrir óæskilegar breytingar sem varða ásýnd  
sveitarfélagsins. Með stefnumörkun í aðalskipulagi 2005-2024 um þróun  
íbúðarbyggðar á Álftanesi er komið til móts við þarfir fyrir frekari íbúðarbyggð.  
Að sama skapi er þess gætt að viðhalda sérstöðu Álftaness sem íbúðarbyggð  
með góð tengsl við ósnortna náttúru og víðfeðm útivistarsvæði.

### 2.2.5 Niðurstaða mats

Á heildina litið eru markmið og leiðir í aðalskipulagi Álftaness 2005-2024,  
sem snúa að þróun íbúabyggðar líkleg til að hafa áhrif á

- íbúafjölda og þróun byggðar. Með fyrirhugaðri íbúðarbyggð eru skapaðar forsendur fyrir fjölbreytilegt húsnæði í samræmi við markmið.
- ásýnd og heildaryfirbragð sveitarfélagsins.

Mikil þétting byggðar í sveitarfélaginu, sérstaklega hærri byggðar, getur haft  
áhrif á heildaryfirbragð og upplifun sveitarfélagsins en þessi atriði þykja vera  
einn helsti styrkleiki fyrir Álftanes sem búsetukosts. Röskun þessarar sérstöðu  
sveitarfélagsins gæti haft áhrif á áætlaða íbúafjölgun. Með því að sýna varkárni  
við hönnun og uppbyggingu íbúðarbyggðar í sveitarfélaginu, sbr. tillögur að  
mótvægisáðgerðum, má draga úr þeirri röskun.

Með tilliti til þessa er stefnumörkun varðandi **íbúðarbyggð** í aðalskipulagi  
2005-2024 ekki líkleg til að valda verulegum neikvæðum umhverfisáhrifum í  
sveitarfélaginu.

## 2.3 Atvinnulíf og menningarstarfsemi

Stefnumótun um atvinnulíf og menningarstarfsemi í aðalskipulagi Álftaness  
2005-2024 snýst fyrst og fremst um að skapa forsendur fyrir auknið og fjölbreytt-  
ara atvinnu- og menningarlíf í sveitarfélaginu. Mestu möguleikarnir eru taldir  
liggja í blöndun byggðar á miðsvæði og uppbyggingu í jaðri sveitarfélagsins,  
sbr. greinargerð aðalskipulagsins, „Stefnumörkun og skipulagsákvæði“.

### 2.3.1 Helstu áhrif

Helstu líkleg jákvæð og neikvæð áhrif verða á framboð þjónustu og verslunar,  
fjölbreytni atvinnulífs, framboð húsnæðis, íbúðarþróun og ásýnd sveitarfélagsins,

Aukið framboð á þjónustu, verslun, menningartengdri starfsemi og líflegu  
atvinnulífi í sveitarfélaginu gera það í auknum mæli að aðlaðandi búsetukosti.

Efling atvinnulífs eins og stefnt er að í aðalskipulaginu er líkleg til að stuðla að fjölbreyttara mannlífi á Álftanesi.

Uppbygging miðsvæðis með blandaðri byggð mun auka fjölbreytni og framboð á íbúðum og margs konar þjónustu í sveitarfélaginu. Ekki síst er horft til þjónustuíbúða og hjúkrunaríbúða fyrir aldraða ásamt þjónustumiðstöð á miðsvæðinu og þeirrar starfsemi sem því tengist. Uppbyggingu miðsvæðisins skal hagað þannig að atvinnustarfsemi þar valdi ekki truflun íbúa. Ekki er áformað að byggja upp atvinnu þar sem veldur hávaða eða mengun. Fyrirhugað land undir miðsvæði er ekki talið hafa sérstakt verndargildi.

Ásýnd sveitarfélagsins, sérstaklega við aðkomu bæjarins frá Álftanesvegi, breytist töluvert með uppbyggingu miðsvæðisins. Sveitarstjórn áformar þó að tilhögun og útlit svæðisins taki meðal annars mið af því að viðhalda einkennum og útliti sveitarfélagsins.

Með uppbygging menningartengdrar starfsemi í jaðri sveitarfélagsins samkvæmt aðalskipulaginu eru aðstæður og umhverfi á Álftanesi nýtt til þess að stuðla að auknu atvinnulífi sem fellur vel að einkennum og ímynd sveitarfélagsins. Athafnasvæði eru í jaðri byggðar til að koma í veg fyrir eða draga úr mögulegum neikvæðum áhrifum þeirra á íbúðarbyggð. Starfsemi á þessum stöðum verður í formi hreinlegs og léttis íðnaðar. Ekki er talið líklegt að uppbygging sem þessi hafi neikvæð áhrif á heilsufar fólks. Líklegt er að með fyrirhugaðri uppbyggingu muni fleiri íbúar Álftanes sækja vinnu í heimabyggð. Þó er ljóst að þrátt fyrir eflingu atvinnulífs í sveitarfélaginu munu flestir vinnandi íbúar halda áfram að sækja vinnu utan sveitarfélagsins. Með tilliti til þessa eru áhrif fyrirhugaðrar uppbyggingar atvinnulífs og menningarstarfsemi talin jákvæð fyrir samfélagið á Álftanesi.

Fyrirhuguð uppbygging miðsvæðis og tiltekinna staða í jaðri byggðarinnar eykur framboð á húsnæði fyrir ýmsa atvinnustarfsemi. Fjölgun íbúa og aukin eftirspurn eftir húsnæði kann að leiða til hækkunar fasteignaverðs á Álftanesi.

Við mótun aðalskipulagstillögunnar var til skoðunar að staðsetja menningar- og náttúrusetur við vestanverða Bessastaðatjörn við friðlýst æðarvarp og við-

komusvæði margæsar á fartíma. Fallið var frá þeim áformum vegna andstöðu frá forsætisráðuneyti og embætti forseta Íslands, sem lögðu einkum til grundvallar sjónarmið sem lúta að öryggismálum forsetasetursins. Önnur fyrirhuguð uppbygging sem tengist atvinnulífi og menningarstarfsemi á Álftanesi er ekki líkleg til að hafa teljanleg áhrif á náttúrufar þar.

### 2.3.2 Tillögur að mótvægisáðgerðum / vöktun

Mikilvægt er við deiliskipulagingu miðsvæðis að horfa heildstætt á uppbyggingu svæðisins með það að markmiði að viðhalda núverandi yfirbragði byggðar á Álftanesi.

Lögð er áhersla á mikilvægi þess á deiliskipulagsstigi að draga úr mögulegum neikvæðum umhverfisáhrifum menningar- og atvinnumannvirkja í jaðri byggðar. Þess verði gætt að uppbygging og viðhald mannvirkja taki mið af náttúrufari viðkomandi svæða. Einnig verði þess gætt við hönnun mannvirkja í jaðri byggðar að jarðvinnsla við gerð þeirra verði í lágmarki og að landslagsmótun verði í samræmi við það landslag sem fyrir er á svæðinu.

### 2.3.3 Aðrir umhverfisþættir

Landnotkun hefur tekið nokkrum breytingum frá eldra aðalskipulagi. Miðsvæðið er orðið blanda af þjónustustofnunum, verslun og íbúðum. Hlið og Haukshús eru skilgreind sem blanda af þjónustu- og íbúðasvæði.

Aðrir umhverfisþættir sem voru til athugunar og umfjöllunar í umhverfis- og tómsvæðum, náttúruvá, umferðaröryggi, áhrif á mannvirki og menningarminjar.

### 2.3.4 Valkostir

Við mótun aðalskipulags Álftanes 2005-2024 hefur þróun miðsvæðis verið til gagnarrar skoðunar. Mismunandi möguleikar voru til umfjöllunar en flestir þeirra falla frekar undir deiliskipulagsmál og tilheyrja því ekki eiginlegri mats-

vinnu um áhrif aðalskipulags. Forsendur þróunar svæðisins tengjast fyrst og fremst:

- Tilgangi og starfsemi. Við skilgreiningu á starfsemi og tilhögun byggðar á miðsvæði hafa þróunarmöguleikar miðsvæðisins verið metnir. Þungamiðja umfjöllunar var að skilgreina að nýju tilgang miðsvæðis fyrir sveitarfélagið og nýja aðkomu að skólasvæðinu um miðsvæðið. Forsendur framtíðarstarfsemi á miðsvæðinu tengjast aðallega i) markmiði um uppbyggingu atvinnulífs á Álftanesi og ii) markmiði um þéttingu byggðar í sveitarfélaginu. Mismunandi lausnir sem voru til umræðu tengdust annars vegar hreinu verslunar- og þjónustusvæði, líkt og í eldra aðalskipulagi, og hins vegar blandaðri byggð eins og lagt er upp með í aðalskipulagi 2005-2024. Áhersla var lögð á að miðsvæðinu væri ekki ætlað að standast samkeppni við þjónustukjarna nágrannasveitarfélaganna. Uppbygging svæðisins miðast frekar við sérstöðu Álftaness og leitast er við að atvinnulíf þar falli vel að ímynd sveitarfélagsins sem friðsælt umhverfi í nánd við höfuðborgina.
- Ásýnd. Fjallað var ítarlega um ásýnd miðsvæðisins út frá heildaryfirbragði Álftaness, bæði við aðkomu að sveitarfélaginu frá Garðabæ og sem þungamiðju sveitarfélagsins m.t.t. atvinnu og félagsstarfsemi og í tengslum við skólasvæðið.

Niðurstaða skipulagsvinnu eftir skoðun mismunandi valkosta varðandi miðsvæðið er að finna í aðalskipulagi 2005-2024.

### 2.3.5 Niðurstaða mats

Á heildina litið koma markmið og leiðir í aðalskipulagi Álftaness 2005-2024 sem snúa að **atvinnulífi og menningarstarfsemi** fyrst og fremst til með að hafa jákvæð áhrif á uppbyggingu atvinnulífs og menningarstarfsemi á Álftanesi og þar með jákvæð áhrif á íbúðarbyggð og mannlíf þar.

Með tilliti til þessa er stefnumörkun varðandi **atvinnulíf og menningarstarfsemi** í aðalskipulaginu til lengri tíma séð líkleg til að hafa jákvæð áhrif af samfélagslegum toga en lítil sem engin neikvæð áhrif. Gæta verður þó að ímynd og útliti sveitarfélagsins við uppbyggingu miðsvæðis og athafnasvæða til að koma

í veg fyrir neikvæð áhrif á ásýnd sveitarfélagsins. Í heild sinni eru tillögur aðalskipulags sem tengjast atvinnulífi og menningarstarfsemi ekki líklegar til að valda verulegum neikvæðum umhverfisáhrifum í sveitarfélaginu.

## 2.4 Samfélagsþjónusta

Stefnumið aðalskipulags sem snúa að samfélagsþjónustu miða fyrst og fremst að því að skapa forsendur fyrir uppbyggingu slíkrar þjónustu og auka fjölbreytni hennar í takt við vöxt byggðarinnar og fjölgun íbúa, sbr. greinargerð aðalskipulagsins, „Stefnumörkun og skipulagsákvæði“.

### 2.4.1 Helstu áhrif

Helstu líkleg jákvæð og neikvæð áhrif sem greindust í matsvinnunni verða á fjölbreytni, umfang og aðgengi samfélagsþjónustu og á Álftanes sem búsetukost.

Í aðalskipulagi Álftaness 2005–2024 er fyrirhugað að byggja áfram upp og auka fjölbreytni samfélagsþjónustu sveitarfélagsins. Stefnumörkun um uppbyggingu Álftaness sem eins skólahverfis er líkleg til að koma til móts við fjölskyldur með börn á grunnskólaaldri og gerir þannig Álftanes að vænlegum búsetukosti m.t.t. menntunar. Einnig má nefna stefnumörkun um auknið framboð á fjölbreyttri starfsemi leikskóla.

Uppbygging miðsvæðis sveitarfélagsins skapar nýjar forsendur fyrir aukna samfélagsþjónustu, m.a. aukna þjónustu við aldraða.

Uppbygging tiltekinna staða í jaðri sveitarfélagsins getur stuðlað að aukinni samfélagsþjónustu sem tengist hverskonar menningarstarfsemi. Hér er sérstaklega horft til Hliðs og Haukshúss. Afmörkun og skilgreining þessara staða mótast af hugmyndum um fjölbreyttari menningar- og félagastarfsemi sem samfélagsþjónustu. Á þessum sviðum skapast því auknið framboð þjónustu í tengslum við opna og víðfeðma náttúru. Einnig var skoðað að staðsetja menningar- og náttúrusetur vestan við Bessastaðatjörn vegna nálægðar við forseta-

setrið og Bessastaðakirkju og þeirrar starfsemi sem þar er og tengst gæti menningar- og ferðaþjónustu og safnaðarstarfi Bessastaðasóknar.

Umferðarskipulag og afmörkun stígakerfis gerir öll ofanefnd þjónustusvæði vel aðgengileg, sem er í samræmi við stefnumótun í aðalskipulagi um aðgengi-leika og umferðaröryggi.

Stefnumörkun aðalskipulags um samfélagsþjónustu kallar á aukið framboð á þjónustuhúsnæði, s.s. skólum og þjónustuhúsnæði fyrir aldraða íbúa sveitarfélagsins.

Með tilliti til staðsetningar og umfangs svæða fyrir samfélagsþjónustu, félags- og menningarlíf og eðli fyrirhugaðrar starfsemi er ólíklegt að stefnumörkun aðalskipulagsins hafi teljanleg neikvæð umhverfisáhrif í sveitarfélaginu.

#### 2.4.2 Tillögur að mótvægisáðgerðum / vöktun

Með tilliti til þess að neikvæð áhrif í sveitarfélaginu eru talin vera lítil sem engin af fyrirhugaðri uppbyggingu samfélagsþjónustu eru ekki lagðar til sérstakar mótvægisáðgerðir.


#### 2.4.3 Aðrir umhverfisþættir

Aðrir umhverfisþættir sem voru til athugunar og umfjöllunar í umhverfismatinu í tengslum við samfélagsþjónustu verða aðeins fyrir litlum eða engum áhrifum.


#### 2.4.4 Niðurstaða mats

Á heildina litið er stefnumörkun í aðalskipulagi Álftaness 2005-2024 sem snýr að **samfélagsþjónustu** fyrst og fremst talin hafa:

- jákvæð áhrif á skólamál og menntun í sveitarfélaginu
- jákvæð áhrif á möguleika til bættrar samfélagsþjónustu, s.s. þjónustu við aldraða.
- jákvæð áhrif á fjölbreytileika í félagslífi og menningarlífi sveitarfélagsins.



Mynd 3. Þessi aðkoma að sveitarfélaginu var í aðalskipulagi sveitarfélagsins frá febrúar 1999 til júní 2005.



Mynd 4. Aðkoma að sveitarfélaginu samkvæmt aðalskipulagi 2005-2024.

Í heild eru umhverfisáhrif markmiða og leiða sem varða **samfélagsþjónustu** í aðalskipulagi 2005-2024 líkleg til þess að vera jákvæð.

## 2.5 Samgöngur

Við mótun stefnumiða um samgöngumál var leitast við að bæta umferðaröryggi, auka aðgengi að þjónustustofnunum og útivistarsvæðum og lágmarka mengun frá umferð, sbr. greinargerð aðalskipulagsins, „Stefnumörkun og skipulagsákvæði“.

### 2.5.1 Helstu áhrif

Helstu líkleg áhrif aðalskipulags verða á umferð, umferðaröryggi og aðgengi að þjónustu, verslun og útivistarsvæðum.

Uppbygging íbúðarsvæða og aukið atvinnulíf kalla á aukningu bílaumferðar. Í aðalskipulaginu eru sömu forsendur og í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024, þar sem gert er ráð fyrir aukningu bílaumferðar um Álftanesveg úr um 7.000 í um 12.000 bíla á sólarhring við sveitarfélagsmörkin.

Á tímabilinu febrúar 2004-febrúar 2005 voru uppfærðar umferðarspár höfuðborgarsvæðisins, en Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hf. vann verkið fyrir Vegagerðina í samvinnu við sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu. Miðað við stefnumörkun um uppbyggingu í aðalskipulagi Álftaness 2005-2024 eykst áætluð umferð um Álftanesveg úr 12.000 bílum í 13.000 bíla á sólarhring árið 2024.

Það er mat ráðgjafa Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf. sem unnu umferðarspárnar að þessi áætlaða aukning umferðar sé innan skekkjumarka umferðaspáa í svæðisskipulaginu og að þessi mögulega aukning umferðar vegna áætlaðrara íbúabygðar í aðalskipulagi Álftaness 2005-2024 kalli ekki á breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins.

Helsta breyting á gatnakerfi sveitarfélagsins í aðalskipulagi 2005-2024 frá eldra

aðalskipulagi felst í breyttum áformum um legu Álftanesvegur inn í sveitarfélagið (**myndir 3 og 4**). Samkvæmt breytingu á aðalskipulagi sem staðfest var í júlí 2005 verður vegurinn áfram í núverandi vegstæði. Með því var hætt við áform frá 1999 um færslu Álftanesvegur og snúið til baka til megingatnakerfis í aðalskipulagi 1984-2004 og í aðalskipulagi sem samþykkt var 1993 en var síðan breytt 1999. Megináhrif þessarar breyttu stefnu eru að unnt verður að gera ráð fyrir nýrri megináðkomuleið að skólasvæðinu um miðsvæðið og létta bílaumferð af Breiðumýri.

Árið 2002 fór nýr Álftanesvegur í mat á umhverfisáhrifum og fallist var á framkvæmdina. Í matsskýrslu framkvæmdarinnar er gert ráð fyrir legu vegarins í samræmi við þágildandi aðalskipulag Álftaness 1993-2013. Aðalskipulag Álftaness 2005-2024 gerir ráð fyrir óbreyttri, þ.e. núverandi legu Álftanesvegur inn í sveitarfélagið og er að því leyti ekki í fullu samræmi við legu vegarins eins og hún kemur fram í nefndri matsskýrslu. Þetta frávik frá legu vegarins í matsskýrslunni mun því valda minni umhverfisáhrifum en ef nýr vegur væri byggður í samræmi við matsskýrsluna.

Með fjölgun og aðgreiningu stíga í aðalskipulaginu er stígakerfi sveitarfélagsins líklegt til þess að skapa gott aðgengi að útivistarsvæðum. Meðal annars var við mótun stígakerfisins haft að leiðarljósi að leggja hringleiðir (bæði fyrir gangandi, ríðandi og hjólandi umferð) í sveitarfélaginu og gera helstu náttúruperlur og verndarsvæði sveitarfélagsins vel aðgengileg.

Stefnumótun aðalskipulags er líkleg til þess að stuðla að auknu umferðaröryggi í sveitarfélaginu, jafnt fyrir akandi, gangandi, ríðandi og hjólandi umferð. Stígakerfið er skipulagt með það að leiðarljósi að veita gangandi og hjólandi vegfarendum kjöraðstæður til þess að sækja skóla og þjónustu í sveitarfélaginu á öruggan hátt. Með tilliti til þessa má almennt segja að markmið og aðgerðir varðandi samgöngur í aðalskipulaginu séu líkleg til þess að hafa jákvæð áhrif á umferðaröryggi.

Aukinn útblástur vegna vaxandi bílaumferðar í framtíðinni er ekki talinn hafa áhrif á heilsu fólks vegna smæðar og staðsetningar sveitarfélagsins við sjávarsíðuna og í jafri höfuðborgarsvæðisins. Af sömu ástæðum er dregin sú ályktun

að hávaðamengun verði óveruleg, enda liggja engar stórar flutnings- eða umferðaræðar höfuðborgarsvæðisins um sveitarfélagið.

Stefnumótun í samgöngumálum á Álftanasi er ekki líkleg til að hafa teljandi áhrif á náttúrufar, s.s. verndarsvæði, dýr, gróður, jarðveg, loft eða vatn.

### 2.5.2 Tillögur að mótvægisáðgerðum / vöktun

Með tilliti til þess að neikvæð áhrif í sveitarfélaginu eru talin vera lítil sem engin af fyrirhugðum áðgerðum varðandi samgöngur eru ekki lagðar til sérstakar mótvægisáðgerðir.

### 2.5.3 Aðrir umhverfisþættir

Aðrir umhverfisþættir sem voru til athugunar og umfjöllunar í umhverfismatinu verða aðeins fyrir litlum eða engum áhrifum vegna stefnumörkunar í samgöngumálum.

### 2.5.4 Valkostir

Sá valkostur var til skoðunar í tengslum við aðkomu að sveitarfélaginu að halda sig við eldra aðalskipulag til 2013, en þar var gert ráð fyrir að legu Álftanesvegur inn í sveitarfélagið yrði breytt. Sú breyting hefði orðið dýrari í framkvæmd en sú stefnumörkun sem nú liggur fyrir í aðalskipulagi 2005-2024.

### 2.5.5 Niðurstaða mats

Á heildina litið er stefnumörkun í aðalskipulagi Álftaness 2005-2024 sem snýr að **samgöngum** fyrst og fremst talin koma til með að hafa:

- Jákvæð áhrif á umferðaröryggi í sveitarfélaginu.
- Jákvæð áhrif á aðgengi að þjónustusvæðum og útivistar- og tómstundarsvæðum.

Í heild eru umhverfisáhrif markmiða og leiða sem varða **samgöngur** í aðalskipulagi 2005-2024 líkleg til þess að vera jákvæð.

## 2.6 Veitur

### 2.6.1 Helstu áhrif

Almennt má segja að stefnumörkun í veitumálum haldist í hendur við fyrirhugaða uppbyggingu sveitarfélagsins og er raunar forsenda fyrir frekari uppbyggingu íbúðarbyggðar, atvinnulífs og samfélagsþjónustu.

Stefna um að byggja upp gagnaflutningskerfi og mögulegt „bæjarnet“, sbr. greinargerð aðalskipulagsins „Stefnumörkun og skipulagsákvæði“, svarar nútíma kröfum og eykur samskiptamöguleika í framtíðinni. Með þessu styrkist staða Álftaness sem búsetukostur fyrir fólk og fyrirtæki.

### 2.6.2 Niðurstaða mats

Stefnumið um veitumál í aðalskipulagi Álftaness 2005-2024 eru ekki líkleg til að valda teljandi neikvæðum umhverfisáhrifum í sveitarfélaginu. Mat þetta byggist á því að við þróun og uppbyggingu veitumála verður tekið fullt tillit til gildandi laga og reglugerða. Einnig kemur fram í stefnumörkun aðalskipulagsins að sveitarfélagið hyggst nýta sér þjónustu ýmissa viðurkenndra aðila, s.s. Sorpu bs., Orkuveitu Reykjavíkur, Hitaveitu Suðurnesja o.fl. sem tryggja að kröfur um heilsu, öryggi og náttúruvernd séu uppfylltar í starfsemi þeirra og þjónustu.

Vakin er athygli á því að stefnumörkun sveitarfélagsins í fráveitu- og sorpmálum er líkleg til að minnka mengun frá byggðinni, t.d. með fækkun fráveituúthlaupa og aukinni endurnýtingu sorps.

Einnig má hér nefna möguleg jákvæð áhrif sem fyrirhuguð efling fjarskiptakerfis mun hafa á stöðu Álftanes varðandi búsetuskilyrði íbúa og fyrirtækja í sveitarfélaginu.



### 3. Tengsl við aðrar áætlanir

Við vinnslu aðalskipulags 2005-2024 hefur, í samræmi við matsáætlun, þess verið gætt að aðalskipulagsáætlun Álftaness verði í samræmi við aðrar áætlanir sem tengjast henni. Sérstaklega hefur verið horft á tengsl skipulagsáætlunar við:

- **Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins, 2001 – 2024.** Áhersla er lögð á að framtíðarsýn og stefnumótun Álftaness sé í samræmi við framtíðarsýn svæðisskipulagsins. Helst er horft til íbúafjölgunar og þróunar samfélagsins á Álftanesi, umfang íbúðarbyggðar, atvinnuþróun, samfélagsþjónustu og umhverfisvernd. Í greinargerðum aðalskipulagsins er víða vísað í tengsl aðalskipulagsins við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins.
- **Aðalskipulag Garðabæjar sem aðliggjandi sveitarfélags.** Þann 12. nóvember 2004 hittust skipulagsnefndir sveitarfélaganna tveggja á sameiginlegum fundi og fóru yfir atriði sem vörðuðu bæði sveitarfélögin, en aðalskipulagsáætlanir beggja sveitarfélaga voru í heildar endurskoðun um sama leyti. Skipulagsnefnd Álftaness fór yfir stöðu mála við endurskoðun aðalskipulags Álftaness og kynnti fyrirbyggjandi gögn. Skipulagsnefnd Garðabæjar fór yfir stöðu mála við endurskoðun aðalskipulags Garðabæjar og kynnti fyrirbyggjandi gögn. Rætt var um skipulag svæða næst sveitarfélagamörkum, skipulag svæða við Skógtjörn og Lambhúsatjörn og um skipulag á Garðaholti í Garðabæ. Lögð var áhersla á samræmingu aðalskipulagsáætlana sveitarfélaganna tveggja, einkum næst sveitarfélagamörkum.

Áætlaður fjöldi íbúa á Álftanesi samkvæmt aðalskipulagi 2005-2024 er um 2.800 árið 2012 og um 3.000 íbúar árið 2024. Þetta eru heldur hærri tölur en eru kynntar sem íbúaspár svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins, 2.200 árið 2012 og 2.500 árið 2024.

Sambærileg fjölgun íbúða 2012 og 2024 frá spám svæðisskipulags er að finna í töflu 2 í greinargerðinni “Stefnumörkun og skipulagsákvæði”.

- **Aðalskipulagsáætlanir annarra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.** Á fyrri stigum aðalskipulagsvinnunnar var haft samráð við öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu með útsendingu áfangaskýrslu 2 til umsagnar. Ekki komu fram athugasemdir sem varða mögulegt ósamræmi við aðalskipulag þessara sveitarfélaga. Undir lok vinnslutíma aðalskipulagsins var tillaga að nýju aðalskipulagi Álftaness 2005-2024 send öllum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu til umsagnar.
- **Náttúruverndaráætlun Alþingis til 2008 og Náttúruminjaskrá:** Náttúruverndaráætlunin og Náttúruminjaskrá afmarka sérstök svæði m.t.t. náttúruvæðingum og marka stefnu um verndun. Að mestu leyti byggja þær á greiningu og mati sérfræðinga sem hafa rannsakað náttúrufar landsins og metið verndargildi þess. Við stefnumörkun í aðalskipulagi Álftaness 2005-2024 hefur verið tekið mið af náttúruverndaráætlun Alþingis til 2008 og Náttúruminjaskrá.
- **Stefnumörkun um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi til 2020:** Aðalskipulag Álftaness 2005-2024 er í samræmi við stefnumörkun Staðardagsskrár 21 á Álftanesi um sjálfbæra þróun og stuðlar að styrkingu þriggja grundvallarþátta sjálfbærrar þróunar, efnahags, samfélagslegs jöfnuðar og verndunar umhverfis. Aðalskipulagið fellur einnig vel að markmiðum Std-21 um heilnæmt og öruggt umhverfi, verndun náttúru og vernd líffræðilegrar fjölbreytni.
- **Aðrar áætlanir á Álftanesi:** Stefnumörkun í aðalskipulagi Álftaness 2005-2024 byggist að miklu leyti á stefnumótun sveitarfélagsins í hinum ýmsu málaflokkum. Því má líta á aðalskipulagsáætlunina sem aðgerð til að styrkja og framfylgja t.d. fjölskyldustefnu, skólastefnu og umhverfisstefnu Álftaness.

## 4. Innra samræmi markmiða

Einn liður í greiningu umhverfisáhrifa er athugun á því hvort stefnumörkun og aðgerðir til að ná markmiðum aðalskipulags í mismunandi málaflokkum samræmist innbyrðis.

Í matsvinnunni hafa öll markmið aðalskipulags Álfтанess 2005-2024 og aðgerðir til að ná þeim verið borin saman innbyrðis. Fyrst og fremst var leitast við að greina hvort markmið og aðgerðir mismunandi málaflokka geti verið í mótsögn. Jafnframt náði greiningin til jákvæðra/neikvæðra áhrifa sem markmið og aðgerðir geta haft á milli málaflokka. Eftirfarandi tafla og skýringar sýna niðurstöðu þessarar greiningar.

Málaflokkur	Umhverfi og útivist	Íbúðarbyggð	Atvinnulíf	Samfélagsþjónusta	Samgöngur	Veitur
Umhverfi og útivist	X					
Íbúðarbyggð		X				
Atvinnulíf			X			
Samfélagsþjónusta				X		
Samgöngur					X	
Veitur						X

**Tafla 1. Innbyrðis samanburður markmiða og aðgerða til að ná þeim.**

Grænn reitur merkir að samræmi sé á milli stefnumiða eða að þau hafi jafnvel jákvæð áhrif hvert á annað. Gulur reitur merkir að eitthvað athugarvert hafi komið fram í greiningunni sem þarf að taka tillit til, s.s. mögulegt ósamræmi milli stefnumiða. Rauður reitur merkir að ósamræmi sé á milli stefnumiða mál-flokka og að þau séu líkleg til þess að hafa neikvæð áhrif hvert á annað.

Á vinnslustigi aðalskipulagsins var gula og rauða liti einnig að finna í töflunni (íbúðarbyggð og atvinnulíf vs. umhverfi og útivist) en með mótvægisáðgerðum og breytingum við vinnslu skipulagstillögunnar voru samræmd stefnumið málaflokka.

### Niðurstaða

Stefnumið um íbúðarbyggð, atvinnulíf og menningarstarfsemi, samfélagsþjónustu, samgöngur og veitur eru almennt í góðu innbyrðis samræmi. Helsta ástæðan fyrir því er að þau hafa verið mótuð með tilliti til heildarmyndar aðalskipulagsins og byggjast að miklu leyti hvert á öðru. Sem dæmi má nefna að endurskoðun samgöngumála hefur tekið mið af fyrirhuguðum breytingum í

atvinnumálum, samfélagsþjónustu og áætlaðri framtíðar íbúðarbyggð. Annað dæmi eru stefnumið um íbúðarbyggð en þau voru mótuð samhliða stefnumörkun um aukið og fjölbreyttara atvinnulíf og samfélagsþjónustu.

Samanburður á markmiðum og aðgerðum sem varða annars vegar íbúðarbyggð og hins vegar umhverfi og útivist hefur leitt í ljós mögulegt ósamræmi þessara stefnumiða þar sem ásýnd sveitarfélagsins breytist óhjákvæmilega með aukinni byggð. Með tilliti til þessa greindist í matsvinnunni mögulegt ósamræmi á milli þessara stefnumiða.

Eftir nánari umfjöllun um áhrif og mögulegar mótvægisáðgerðir, sbr. kafla um umhverfi og útivist og íbúðarbyggð, er hins vegar ljóst að markmið þessara málaflokka eru vel samræmanleg. Áætlað svæði undir íbúðarbyggð og blandaða byggð á aðalskipulagsupprætti er stærra en íbúaspá aðalskipulagsins krefst. Í greinargerð 2, „Stefnumörkun og skipulagsákvæði“ kemur fram að það sé gert til að aðalskipulagið sé sveigjanlegra á skipulagstímanum og að landnotkunarsvæði á uppdrættinum séu mörkuð í grófum dráttum, enda er tekið fram að gerð verði nánari grein fyrir afmörkun landnotkunar í deiliskipulagi.



Mynd 5. Frá íbúáþingi á Álfтанesi 15. mars 2003.

## 5. Samráð

Viða í ferli aðalskipulagsvinnunnar var leitað eftir álit og þátttöku íbúa, formlegra umsagnaraðila og félagssamtaka til þess að ná fram mismunandi sjónarmiðum og upplýsingum við endurskoðun aðalskipulags Álftanes.

Nánar er gerð grein fyrir íbúafundum og kynningu aðalskipulagstillögu á vinnslustigi í greinargerðinni „Forsendur“, kafla 8.

Kynningarfundur 14. júní 2004 og íbúafundur nr. 2 þann 16. október 2004, nýttust sérstaklega vel til þess að ná fram mikilvægum sjónarmiðum og upplýsingum sem varða umhverfismatið. Helst má hér nefna hugmyndir, álit og framtíðarsýn sem varða öll megin málefni sem fjallað er um í aðalskipulaginu.

### 5.1 Matsferil og kynning umhverfisskýrslu

Kynning og auglýsing umhverfisskýrslu fer fram í sama formlega kynningar- og auglýsingarferli og aðalskipulagsáætlunin. Tillaga að aðalskipulagsáætlun ásamt umhverfisskýrslu verður kynnt umsagnaraðilum og almenningi og auglýst með lögformlegum hætti. Umsagnaraðilum og almenningi verður gefinn sex vikna frestur til að kynna sér aðalskipulagstillöguna og umhverfisskýrsluna og koma á framfæri athugasemdum við tillöguna og umhverfisskýrsluna, áður en aðalskipulagið verður endanlega afgreitt og staðfest.



Mynd 6. Frá íbúafundi á Álftanesi 16. október 2004.



Mynd 7. Frá íbúafundi á Álftanesi 16. október 2004.

## 6. Heildarniðurstaða matsvinnu

Umhverfisáhrif aðalskipulags Álftaness 2005 – 2024 eru bæði jákvæð og neikvæð.

Helstu líkleg neikvæð áhrif stefnumótunar og aðgerða í skipulagsáætlunni eru þrjúþætt og snúa að náttúrufari og landslagi á Álftanesi. Í fyrsta lagi má nefna mögulega röskun lands vegna byggingar golfvallar á svæði sem talið er hafa sérstakt gildi m.t.t. náttúrufars við norðvesturbakka Bessastaðatjarnar en tjörnin er á Náttúruminjaskrá. Umfang rasks er þó háð tilhögun og stærð vallarins. Til þess að koma til móts við þessi mögulegu áhrif mun sveitarstjórn leita álits sérfræðinga þegar bygging golfvallar verður útfærð nánar og skilgreina mögulegar leiðir til þess að takmarka röskun náttúrufars á svæðinu. Jafnframt er áformað að endurheimta votlendissvæði við Kasthúsatjörn norðan Jörfavegar með því að leyfa því áfram að þróast í fyrra horf, í samræmi við ábendingu frá Náttúrufræðistofnun Íslands.

Í öðru lagi verða möguleg neikvæð áhrif vegna byggingar smábátahafnar og hesthúsabyggðar á Breiðabólssstaðaeyri sem Náttúrufræðistofnun Íslands telur einnig vera sérstaka m.t.t. náttúrufars. Umfang áhrifa er háð tilhögun og umfangi starfseminnar á svæðinu.

Í þriðja lagi hefur í matsvinnunni komið fram að landslag og ásýnd sveitarfélagsins komi til með breytast með aukinni byggð en óvissa er um umfang og áþreifanleika þessara breytingar. Sveitarstjórn mun stýra uppbyggingu byggðar með því markmiði að viðhalda núverandi sérstöðu og upplifun sveitarfélagsins sem byggð í miklum tengslum við náttúru og útivistarsvæði. Á deiliskipulagsstigi verður mögulegt að stýra betur útliti byggðar frekar en á aðalskipulagsstigi. Aðalskipulagið markar hins vegar þá stefnu að vernda þessa sérstöðu sveitarfélagsins.

Neikvæð áhrif á aðra þætti greindust ekki í umhverfismatinu. Fjöldi jákvæðra áhrifa hafa verið skilgreind í matsvinnunni. Á heildina litið bendir stefnu-

mótun aðalskipulags til þess að staða Álftaness sem búsetukostur styrkist í framtíðinni. Hér er fyrst og fremst horft á framtíðarmöguleika sem geta skapast í atvinnulífi, styrkingu samfélagsþjónustu og bættri aðstöðu fyrir félagslíf og menningarstarfsemi í sveitarfélaginu. Einnig má nefna fjölbreytta og vel aðgengilega útivistarmöguleika. Til þess að viðhalda og vernda náttúrufar í sveitarfélaginu hafa stór svæði verið afmörkuð sem friðlýst svæði, svæði á Náttúruminjaskrá og hverfisvernduð svæði, einkum tjarnir og svæði meðfram ströndu.

Í heildarniðurstöðu matsvinnu vegur þyngst fjöldi líklegra jákvæðra umhverfisáhrifa og að möguleg neikvæð umhverfisáhrif eru á afmörkuðum svæðum sem kunna að hafa nokkuð sérstakt gildi m.t.t náttúrufars en falla ekki undir verndarsvæði. Einnig er stefnt að ýmsum mótvægisáðgerðum til þess að draga úr mögulegum neikvæðum áhrifum. Í heild sinni er talið ólíklegt að náttúrufar, landslag, ásýnd og upplifun sveitarfélagsins komi til með að breytast verulega. Það er því niðurstaða matsvinnu að aðalskipulag Álftaness 2005 – 2024 sé ekki líklegt til að *valda verulegum neikvæðum umhverfisáhrifum* sbr. 1. gr. tilskipunar EB 42/2001 um umhverfismat áætlana.

## 7. Heimildir og tengt efni

1. Samvinnunefnd um svæðisskipulag: Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2000-2024. Staðfest 20. desember 2002.
2. Sveitarfélagið Álftanes. Forsendur aðalskipulags Álftaness 2005-2024. Apríl 2006.
3. Sveitarfélagið Álftanes. Stefnumörkun og skipulagsákvæði aðalskipulags Álftaness 2005-2024. Apríl 2006.
4. Náttúrufræðistofnun Íslands. Skýrslan „Gróðurfar og fuglalíf á Álftanesi“, NÍ-04012, júní 2004.
5. Fornleifastofnun Íslands. Skýrsla FS237-04031, 2004.
6. Sveitarfélagið Álftanes: Áætlun um sjálfbæra framtíð – Staðardagskrá 21.
7. Skipulagsstofnun: Leiðbeiningar um gerð aðalskipulags, ferli og aðferðir, 2003.







Sveitarfélagið  
ÁLFTANES